FRÉTTABLAÐIÐ

300. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 23. DESEMBER 2015

Ósáttir við yfirlýsingar Gunnars Braga

Samráðherrar Gunnars Braga Sveinssonar eru ósáttir við afdráttarlausar yfirlýsingar um stuðning hans við viðskiptaþvinganir gegn Rússum. Stjórnvöld hafa ekki tekið formlega ákvörðun um þátttöku.

UTANRÍKISMÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Bjarni Benediktsson, efnahags- og fjármálaráðherra, vilja fara sér hægt í yfirlýsingar um afstöðu Íslands gagnvart áframhaldandi banni.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sagði í viðtali við helgarblað DV að viðskiptabann Rússa gegn Íslendingum, sem tilkomið er vegna þátttöku Íslands í refsiaðgerðum gegn Rússum vegna innrásar Rússa á Krímskaga, væri það mál sem hefði reynst honum erfiðast. En hann sagði jafnframt að það kæmi ekki til greina að endurskoða afstöðu Íslendinga gagnvart viðskiptaþvingununum. „Það er bara þannig að við getum ekki látið prinsippafstöðu víkja fyrir stundarhagsmunum, þó að þeir séu verðmiklir," sagði Gunnar Bragi jafnframt.

Á föstudaginn samþykkti Evrópusambandið að framlengja viðskiptaþvinganir gagnvart Rússum um sex mánuði. Morgunblaðið hafði eftir Gunnari Braga á mánudaginn að það þýddi óbreytt ástand hvað varðar Ísland. Viðskiptaþvinganir Evrópusambandsins gagnvart Rússlandi falla ekki úr gildi fyrr en í seinni hluta janúarmánaðar, þótt Evrópusambandið sé þegar búið að ákveða að framlengja þær.

Íslensk stjórnvöld hafa enga formlega ákvörðun tekið um að framlengja þátttöku sína í viðskiptaþvingununum og þurfa ekki að taka slíka ákvörðun fyrr en í janúar. Það er ekki síst þess vegna sem samráðherrar Gunnars Braga eru ósáttir við hversu afdráttarlausar yfirlýsingar hans hafa verið. Einnig vegna þess að þessa dagana er unnið að skýrslu um viðskiptasögu Íslendinga og Rússa og áhrif viðskiptabannsins á íslenskt efnahagslíf. Skýrslan er unnin fyrir forsætisráðuneytið.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að verulega hefði dregið úr

Gunnar Bragi segir stundarhagsmuni þurfa að víkja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

» Á föstudaginn samþykkti Evrópusambandið að framlengja viðskiptaþvinganir gagnvart Rússum.

hrossaslátrun hjá kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga. Ágúst Andrésson forstöðumaður sagði að markaðir í Rússlandi hefðu tekið við öllu kjöti af skrokkum og gott verð fengist. En síðustu mánuði hafi lítið sem ekkert komist inn á þá markaði.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafa líka farið mikinn í fjölmiðlum undanfarna daga vegna málsins. Í Fréttablaðinu í gær sagði Haukur Þór Hauksson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, að Ísland væri einungis táknrænn þátttakandi í þvingunaraðgerðum gegn Rússum. Vegna þeirra hefði 30 milljarða króna markaður með uppsjávarfisk í Rússlandi lokast. Samdægurs birtist grein eftir Kolbein Árnason, framkvæmdastjóra sömu samtaka, í Morgunblaðinu þar sem hvatt var til breytinga á afstöðu Íslands.

Fréttablaðið óskaði eftir samtali við Gunnar Braga Sveinsson utanríkisráðherra í gær vegna málsins, en án árangurs. – **jhh**

Aðstoðað í fjölskylduhjálpinni Forseti Íslands og forsetafrú aðstoðuðu við úthlutun hjá Fjölskylduhjálp Íslands á Suðurnesjum í gær. Þörfin er mikil yfir jólin en hátt í 400 manns mættu í úthlutun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skötulykina burt

LÍFIÐ Skötulykt getur verið hvimleiður vandi en sérfræðingar leiðbeina lesendum hvernig best er að losna við lyktina sem og hvernig matreiða skal skötu. Samkvæmt nýrri könnun MMR ætla 35,8 prósent Íslendinga að gæða sér á skötu í dag. – **ga / sjá síðu 46**

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Hilmar Malmquist fjallar um Náttúruminjasafn. 18-19

SPORT Kynjahlutfallið jafnt í fyrsta sinn í kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á íþróttamanni ársins. 22-24

MENNING Hugleikur Dagsson segir húmor góða leið til þess að takast á við skelfilega hluti. 32-38

LÍFIÐ Farið yfir jólahefðirnar. 42-46

PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

SMÁRALIND

Veður



Í dag lítur út fyrir norðanátt með snjókomu og skafrenningi norðan- og norðvestanlands og gætu því myndast erfið aksturskilyrði á þeim slóðum. Fyrir sunnan verður hægari vindur en þó él, sérstaklega síðdegis og í kvöld. Það stefnir því í að snjór muni falla á jörð í öllum landshlutum og eru líkur á hvítum jólum víðast hvar. SJÁ SÍÐU 28

Djúpborun fær veglegan styrk

ORKUMÁL Rannsóknaráætlun Evrópusambandsins, Horizon 2020, hefur veitt styrk upp á tæpar tuttugu milljónir evra – eða um þrjá milljarða íslenskra króna – til rannsókna og þróunar við jarðhitanýtingu á Reykjanesi og í suðurhluta Frakklands.

HS Orka er í forystu fyrir verkefnið en auk þess standa Landsvirkjun, Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) og GEORG að verkefninu.

Þetta er stærsti einstaki styrkur sem veittur hefur verið til verkefnis undir íslenskri stjórn í Horizon 2020 og munu 45% af styrknum, eða um 1,3 milljarðar, nýtast beint til rannsókna á Íslandi. **– shá**

Samið um fjármögnun NPA

FÉLAGSMÁL Samkomulag hefur náðst milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun NPA-þjónustu (notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar) á næsta ári. Hlutdeild ríkisins í gildandi samningum hækkar úr 20 prósentum í 25 prósent auk þess sem ríkið bætir við fjármagni til að mæta auknum launakostnaði í kjölfar kjarasamninga.

Í lögum um málefni fatlaðs fólks er kveðið á um samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og samtaka fatlaðs fólks um innleiðingu NPA. Markmið verkefnisins er að þjónustan sé skipulögð á forsendum notandans og undir verkstjórn hans. Er nú kveðið á um það í lögum að verkefninu ljúki eigi síðar en í lok árs 2016. **– shá**

Brjálað að gera

„Það er búið að vera alveg vitlaust að gera í dag og lyktin hér auðvitað í samræmi við það," segir Guðmundur Óskar Reynisson, fisksali í fiskbúðinni Hafbergi. Það er íslenskur siður tengdur jólunum að borða skötu á Þorláksmessu og munu eflaust margir bragða á henni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þrír voru í vörubílnum en þeir eru ekki alvarlega slasaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN

Banaslys norðan Akureyrar

SLYS Banaslys varð um klukkan fjögur síðdegis í gær á þjóðvegi 1.

Slysið átti sér stað við bæinn Einarsstaði í Kræklingahlíð rétt norðan Akureyrar. Fólksbíll og vörubíll skullu saman með þeim afleiðingum að ökumaður fólksbílsins lést. Hann var einn á ferð.

Tveir farþegar voru auk bílstjórans í vörubílnum og voru fluttir til aðhlynningar á sjúkrahúsinu á Akureyri. Þeir eru ekki alvarlega slasaðir. Lögregla getur ekki greint frá nafni hins látna að svo stöddu. **– srs**

Óskar þess að hafa son sinn hjá sér á jólunum

Móðir greindarskerts hollensk manns sem úrskurðaður var í farbann í gær segir hann ekki skilja aðstæður sínar. Hún hefur ekki efni á flugmiða til Íslands til að eyða jólunum með honum. Fjölmargir Íslendingar hafa boðið fram aðstoð sína.

DÓMSMÁL „Ég sakna hans svo mikið og ég hef gert lítið annað en að gráta. Ég hef alltaf haft son minn hjá mér á jólunum og ég er hrædd um hann," segir Gea Uyleman, móðir 27 ára greindarskerts hollensk manns sem úrskurðaður var í farbann í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Maðurinn er grunaður um aðild að umfangsmiklu fíkniefnasmygli hingað til lands með Norrænu í september síðastliðnum. Hann hefur sætt gæsluvarðhaldi á Íslandi í tólf vikur samtals en var látinn laus í gær ásamt tveimur Íslendingum og öðrum Hollendingi sem einnig eru grunaðir um aðild að málinu.

Mönnunum var sleppt úr haldi þar sem ekki hefur verið gefin út ákæra í málinu, enda málið enn til rannsóknar, og samkvæmt lögum er ekki heimilt að úrskurða menn til að sæta gæsluvarðhaldi lengur en tólf vikur nema gefin hafi verið út ákæra. Lögreglan hefur útvegað manninum pláss á gistiheimili í Reykjavík og dagpeninga. Að öðru leyti þarf hann að sjá um sig sjálfur.

Gea lýsir syni sínum þannig að hann skilji ekki aðstæður. Hún segir síðustu mánuði hafa einkennst af áhyggjum af honum. „Hann er greindarskertur og með andlega fötlun. Hann skilur ekki allar aðstæður og það er það sem veldur mér áhyggjum. Ég hef ekkert heyrt í honum síðustu daga en vonast til að heyra í honum í dag þegar hann kemst í síma."

Ómar Örn Bjarnþórsson, verjandi mannsins, kveðst vita að hann hefði haft það betra á Kvíabryggju þar sem hann dvaldi en að vera einn síns liðs í ókunnugu landi. Hann hafi alla tíð búið hjá móður sinni og hafi mjög takmarkaða enskukunnáttu. Hann fái símann sinn líklega aftur á morgun og geti þá haft samband við móður sína.

Hjálpræðisherinn bætti við aukaplássi fyrir manninn í mat á aðfangadagskvöld þrátt fyrir að búið væri að loka fyrir skráningu FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐURSVEINSSON

> **Til dæmis bauð fjölskylda vinar frá Kvíabryggju honum í mat á jóladag.**
>
> Ómar Örn Bjarnþórsson lögmaður

Ómar segir fjölmarga Íslendinga hafa sett sig í samband við hann eftir að fregnir bárust af málinu og boðið fram aðstoð sína. Til að mynda hafi Hjálpræðisherinn bætt við aukaplássi fyrir manninn í mat á aðfangadagskvöld þrátt fyrir að búið væri að loka fyrir skráningu.

„Til dæmis bauð fjölskylda vinar frá Kvíabryggju honum í mat á jóladag," segir Ómar og á við Þórdísi Sigurðardóttur, systur Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings. „Ég held auðvitað að hann sé fórnarlamb í þessu máli og hann er saklaus maður. Auðvitað er þetta bara ákveðin tegund af mansali sem íslenska ríkið á ekki að taka þátt í," segir Þórdís og bætir við að fjölskylduna langi að gera honum lífið léttara yfir hátíðirnar.

Gea, móðir mannsins, vill þakka öllum þeim sem á einn eða annan hátt hafa lagt syni hennar lið. „Ég vildi að ég gæti komist til Íslands og verið með honum en ég á enga peninga til þess. Ég verð að trúa því að hann bjargi sér í þennan tíma," segir hún. **nadine@frettabladid.is**

E&Co. eogco.is

— HLÝJAR KVEÐJUR UM HÁTÍÐARNAR —

GEYSIR

Geysir Skólavörðustíg 7 & 16, Haukadal og Akureyri. Sími 519 6000 — geysir.com

Hreinsa á loftið í Hornafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Yfirlýsing um loftslag á Höfn

UMHVERFISMÁL „Sveitarfélagið er fyrsta sveitarfélag á Íslandi sem gerist aðili að loftslagsverkefni Landverndar. Tækifærin liggja í loftinu," segir í bókun bæjarráðs Hornafjarðar sem í gær samþykkti fyrir sitt leyti yfirlýsingu um samstarf við Landvernd.

„Með yfirlýsingunni ábyrgist sveitarfélagið að vinna ötullega að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni og hvetja jafnframt íbúa og fyrirtæki til þátttöku," bókaði bæjarráðið og fól bæjarstjóranum að ganga frá samningnum við Landvernd. **– gar**

Frá mótmælum Amnesty International á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Fagna samþykkt um fullgildingu

MANNRÉTTINDI Íslandsdeild Amnesty International fagnar nýtilkominni samþykkt þingsályktunar um fullgildingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Deildin hefur um árabil ítrekað við íslensk stjórnvöld mikilvægi þess að fullgilda bókunina við umræddan samning, nú síðast í byrjun febrúar þegar 5.557 undirskriftir voru afhentar innanríkisráðherra.

Bókunin felur meðal annars í sér að óháðri alþjóðlegri eftirlitsnefnd sé heimilað að heimsækja reglulega stofnanir í aðildarríkjum þar sem frelsissvipt fólk er vistað og kanna þar aðstæður til að koma í veg fyrir að pyndingar eða önnur grimmileg meðferð viðgangist. **– ngy**

Mikið af gjöfum hefur borist til heimilislausra kvenna í Konukoti. Svala Jóhannesdóttir, verkefnastýra í kotinu, segir þær helst vanta aðstoð við að komast á milli staða. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Konur fá skjól um jól í kotinu

Áttatíu konur hafa leitað skjóls í Konukoti á árinu. Um jólin fá konurnar að dvelja yfir hátíðisdagana, fá jólaklippingu, föt, gjafir og veislumat. Færri úrræði eru til fyrir heimilislausar konur en karla á Íslandi.

SAMFÉLAG „Hér verða 6 til 10 konur um jólin," segir Svala Jóhannesdóttir, verkefnastýra Konukots. Konukot er athvarf Rauða krossins í Reykjavík fyrir heimilislausar konur og verða tólftu jólin haldin þar í ár. „Á aðfangadag og jóladag er opið allan sólarhringinn, gestirnir geta þá verið inni allan daginn. Á aðfangadagskvöld erum við með hátíðarkvöldverð, forrétt, aðalrétt og eftirrétt. Gestirnir okkar fá veglegar gjafir, þær eru frá einstaklingum og hópum sem hafa styrkt okkur. Á jóladag reynum við að hafa það hugulegt og bjóðum upp á smákökur, nammi og fleira. Þá er líka opið hér allan sólarhringinn á gamlárskvöld og nýársdag. Þá borðum við góðan mat, horfum saman á skaupið og flugeldana."

Fjölmargir sjálfboðaliðar leggja Konukoti lið með ýmsum hætti. Þannig hafa konurnar í Konukoti fengið árlega jólaklippingu og er veislumáltíðin um jólin elduð af matreiðslumanni. „Hér koma sjálfboðaliðar allt árið í kring, jólaklippingin er búin í ár. Mikið hefur verið leitað til okkar og eru margir sem hafa gefið gjafir fyrir jólin og erum við erum afar þakklát fyrir það."

En skyldi þær vanhaga um eitthvað? „Sumar af gestunum eru með bága heilsu og eiga því erfiðara með að vera fótgangandi. Við reynum því

> **Við aðstoðum þær við að komast á annan stað í lífinu og oft tekst það. Við aðstoðum þær við að komast í húsnæði, sækja sér heilbrigðisaðstoð, komast í meðferð og ýmislegt fleira. Á þessu ári hafa 80 heimilislausar konur komið til okkar.**
>
> Svala Jóhannesdóttir, verkefnastjóri í Konukoti

að aðstoða þær með strætómiðum, svo þær komist á öruggan hátt á milli staða, þetta er það helst sem okkur vantar núna. Annars mæli ég með því að þeir sem vilja styðja við Konukot hafi samband við mig," segir Svala.

Mikill fjöldi kvenna hefur leitað í Konukot í ár. Svala segir flestar þeirra staldra ekki lengi við í einu. „Við aðstoðum þær við að komast á annan stað í lífinu og oft tekst það. Við aðstoðum þær við að sækja um félagslegt húsnæði, sækja sér heilbrigðisþjónustu, komast í meðferð og ýmislegt fleira. Á þessu ári hafa 80 heimilislausar konur leitað til okkar. Þær koma til að hvíla sig og leita í öruggt rými. Hér geta þær þvegið fötin sín, farið í sturtu og fengið

Fleiri úrræði eru til handa heimilislausum körlum en konum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

að borða en við erum með heitan kvöldmat og morgunmat."

Konukot er með þjónustusamning við velferðarsvið Reykjavíkurborgar út árið 2016. Svala segir að samningurinn nái ekki utan um rekstur athvarfsins, og því reiða þau sig á styrki frá fyrirtækjum og almenningi.

Hún segir færri úrræði til handa heimilislausum konum. „Það er ekkert búsetuúrræði fyrir konur með fíknivanda og geðrænan vanda og heldur ekkert búsetuúrræði fyrir konur í virkri vímuefnanotkun með sólarhringsaðstoð, en bæði þessi úrræði eru til fyrir karlmenn. Það eru konur hjá okkur í Konukoti vegna úrræðaleysis í kerfinu."

kristjanabjorg@frettabladid.is

Tilboðsverð gilda frá 22. desember, til og með 24. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Höfða bótamál gegn íslenska ríkinu vegna tafa á rannsókn fjársvikamáls

DÓMSMÁL Fjárhaldsmaður Guðjóns Árna Konráðssonar, þroskaskerts manns, hefur ákveðið að stefna íslenska ríkinu og Landsbanka Íslands vegna gríðarlegra tafa á rannsókn fjársvikamáls þar sem milljónir voru sviknar af manninum. Þetta staðfestir lögmaður mannsins.

„Við erum að tala um miklu miklu meiri upphæð en dómurinn dæmdi Guðjóni. Maðurinn hafði klárlega af honum yfir 10 milljónir. Málið endaði svona vegna dráttar hjá lögreglunni," segir Jóna Ósk Konráðsdóttir, systir Guðjóns Árna, sem hefur séð um málið fyrir hans hönd ásamt eiginmanni sínum.

Málið var kært til lögreglu í október 2007. Ákæra var hins vegar ekki gefin út fyrr en í júní árið 2013. Hæstiréttur dæmdi nýlega karlmann í níu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa haft rúmlega

> **Í þessu tölulega umhverfi er hann bróðir minn með þroska á við tíu ára barn. Ég hef barist í þessu máli í átta ár og ætla ekki að fara gefast upp núna.**
>
> Jóna Ósk Konráðsdóttir, systir Guðjóns



tvær og hálfa milljón af Guðjóni. Þá fyrir að hafa blekkt starfsmenn Sparisjóðsins í Keflavík til að millifæra peninga af reikningi Guðjóns. Peningana notaði hann að mestu leyti í eigin þágu. Dómurinn ákvað að skilorðsbinda dóminn vegna þess hversu lengi málið dróst. „Í dómi Hæstaréttar segir að drátturinn sé vítaverður og í hróplegu ósamræmi við lög um meðferð sakamála, stjórnarskrána og mannréttindasáttmála Evrópu."

Jónu þykir skelfilegt að kerfið skuli virka þannig að illa sé farið með fólk sem minna má sín. „Í þessu tölulega umhverfi er hann bróðir minn með þroska á við tíu ára barn. Ég hef barist í þessu máli í átta ár og ætla ekki að fara gefast upp núna," segir Jóna um skaðabótamálið sem höfðað verður á hendur íslenska ríkinu á næstunni. **– ngy**

VID ERUM Í GLIMRANDI JÓLASKAPI!

TAX FREE

AFSLÁTTUR
af öllum vörum
í dag Þorláksmessu

OPIÐ TIL KL. 22^{00} Í KVÖLD

Ef þú heitir **ÞORLÁKUR**
og kemur í Höllina í dag
færðu fallega gjöf frá okkur.

Jólakveðja,
prinsessurnar í Höllinni!

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti. Gildir hvorki ofan á önnur tilboð (t.d. jólatilboð) né af Skovby vörum.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður viðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

Reykjavík
Bíldshöfði 20

Akureyri
Dalsbraut 1

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Opið í dag Þorláksmessu til kl. 22^{00}
og aðfangadag til kl. 13^{00}

HÚSGAGNA HÖLLIN

15%

afsláttur af 210 stk. Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmíi

- Allar bragðtegundir
- 2 mg og 4 mg

Fruitmint - Classic - Whitemint - Freshmint

Gildir til 17. jan 2016

Apótekarinn
- lægra verð
www.apotekarinn.is

Ljósadýrð í Lágafelli

Kirkjugarðurinn að Lágafelli var allur ljósum prýddur þegar ljósmyndari Fréttablaðsins kom þar við í gær. Hér á landi er hefð fyrir því að heimsækja grafir ástvina um jólin og minnast þeirrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Göngulag mörgæsar þykir góð hálkuvörn

Tugir leita daglega á slysadeildina í Fossvogi eftir að hafa dottið í hálkunni. Norðmenn ráðleggja ferðamönnum að ganga eins og mörgæs til að hrasa ekki.

SLYS Nokkrir tugir einstaklinga hafa leitað á slysadeild Landspítalans á hverjum degi undanfarnar vikur eftir að hafa misst fótanna og dottið í hálku á gangstéttum, bílastæðum og götum borgarinnar.

„Þetta er ekki óvanalegt þegar það er hálka," segir Guðný Helga Herbertsdóttir, deildarstjóri samskiptasviðs spítalans. Hún getur þess að áverkarnir séu beinbrot og tognanir.

Til að skella ekki á svellbunka er því um að gera að fara gætilega. Heilbrigðisstarfsmenn hafa mælt með notkun hálkuvarna. Á vef sænska sjónvarpsins er haft eftir prófessor við sjúkraþjálfaradeild Háskólans í Umeå í Svíþjóð, Lillemor Lundin-Olsson, að nota eigi brodda þegar mikil hálka er.

Prófessorinn, sem hefur sérhæft sig í að fyrirbyggja slys vegna hrösunar, varar þó við notkun hálkuvarna sem einungis eru með brodda fremst undir fætinum. Að mati Lundin-Olsson er slík hálkuvörn beinlínis hættuleg. Hún kveðst ekki styðjast við neinar rannsóknir, heldur vitneskjuna um hvernig maður gengur yfirleitt en þá stígi maður fyrst niður með hælnum. Annað hvort eigi að nota brodda sem ná undir allan skósólann eða brodda undir hælnum.

Á norska túristavefnum „Where in Oslo" eru leiðbeiningar fyrir ferðamenn og þá sem eru nýfluttir til Noregs um hvernig eigi að ganga í hálku. Mælt er með því að ganga eins og mörgæs. Þá gangi manni betur að fóta sig. Þetta snúist um að halda þyngdarpunkti líkamans yfir fremra fæti.

Norðmenn ráðleggja ferðamönnum að ganga eins og mörgæs þegar hálka er. Þá gangi manni betur að fóta sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lundin-Olsson segir í viðtalinu við sænska sjónvarpið að mörgæsagöngulagið virki vel. Maður þurfi jafnframt að gæta þess að hafa nægan tíma þannig að maður geti gengið rólega eins og mörgæs.

Að sögn prófessorsins er einnig skynsamlegt að taka styttri skref en venjulega, beygja hnén örlítið og stíga til jarðar með öllum fætinum.

Skyldi maður vera svo óheppinn að hrasa á maður að anda rólega en ekki rjúka strax á fætur eins og sumir gera þegar einhver hefur orðið vitni að fallinu. Þá er nefnilega hætta á að mann svimi með þeim afleiðingum að maður dettur aftur.

ibs@frettabladid.is

15-2965 – HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fyrsta banaslys hjólreiðamanns frá 1997

Fyrsta banaslys hjólreiðamanns frá árinu 1997 varð í Ártúnsbrekku á mánudag. Sérfræðingur hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa segir mismunandi samgöngumáta ekki eiga vel saman á sama veginum. Tæplega 600 hafa slasast á ári á reiðhjóli, fæstir alvarlega.

SAMGÖNGUR Fyrsta banaslys reiðhjólamanns hér á landi frá árinu 1997 varð í Ártúnsbrekku á mánudag. Ekið var á mann á reiðhjóli á leið í austurátt nærri bensínstöð N1 um klukkan hálf sjö um morguninn. Lögregla segir rannsókn málsins á frumstigi.

Slysum á hjólreiðamönnum hefur farið fjölgandi síðustu ár samkvæmt skráningum Samgöngustofu. Þannig voru 123 slys skráð á hjólreiðamönnum árið 2014 samanborið við 95 árið 2013. Sævar Helgi Lárusson, sérfræðingur hjá rannsóknarnefnd umferðarslysa, segir ljóst að um talsverða vanskráningu sé að ræða. Í skýrslunni Hjólreiðaslys á Íslandi, sem rannsóknarnefndin gaf út á síðasta ári, kemur fram að á árunum 2005 til 2010 hafi að jafnaði 558 manns á ári leitað til Landspítalans eftir hjólaslys en aðeins 53 slösuðust að jafnaði á ári samkvæmt tölum Umferðarstofu, forvera Samgöngustofu.

„Þetta er miklu meiri fjöldi en vitað var um," segir Sævar, en tölur Umferðarstofu og nú Samgöngustofu byggi á málum þar sem lögregla sé kölluð til. „Almennt séð eru menn kannski ekki að því nema slysið sé þeim mun alvarlegra eða þú lendir í árekstri við bíl og þá er það orðið tryggingamál."

„Fjöldinn er mjög mikill, en góðu fréttirnar eru að almennt eru langflestir þeirra sem lenda í hjólreiðaslysi með litla áverka," segir Sævar.

> **Það er nú bara mjög einfalt, vegfarendahópar blandast ekkert sérstaklega vel saman.**
>
> Sævar Helgi Lárusson, sérfræðingur hjá rannsóknarnefnd umferðarslysa

> **558 slösuðust að jafnaði í reiðhjólaslysum á ári á árunum 2005-2010 samkvæmt skráningu Landspítalans.**

Sævar segir fjölgun slysa hafa haldist í hendur við aukinn fjölda hjólreiðamanna á ferðinni. Þá sé ljóst að sambúð mismunandi farartækja gangi yfirleitt ekki vel á sama veginum. „Það er nú bara mjög einfalt, vegfarendahópar blandast ekkert sérstaklega vel saman," segir Sævar.

„Það er nú bara eins og berja höfðinu við stein að ætlast til þess að reiðhjól sem fara kannski í mesta lagi á þrjátíu kílómetra hraða blandist saman við bíla sem eru að keyra á fimmtíu. Það þarf að finna einhverjar leiðir til þess að aðskilja og blanda saman eftir því sem hægt er að gera á hverjum stað og er fýsilegt," bætir hann við.

ingvar@frettabladid.is

Fjölgun hjólreiðaslysa haldast í hendur við aukinn fjölda hjólreiðamanna á ferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skötuhlaðborð og saltfiskur

Þorláksmessu frá kl. 12-21

Hamsatólg - Hangiflot - Hnoðmör
Kartöflur og rófustappa.

Verð kr. 2500

Stúdíó 29 - horni Laugavegs og Snorrabrautar – sími 861 2319

Hafnaði tilboði í Hellisheiðarvirkjun

ORKUMÁL Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hafnaði kauptilboði í Hellisheiðarvirkjun.

Kauptilboð í Hellisheiðarvirkjun var tekið fyrir og rætt í stjórn Orkuveitunnar fyrir mánuði síðan, 23. nóvember síðastliðinn.

Stjórn samþykkir samhljóð að þakka fram komið tilboð en felur stjórnarformanni að upplýsa tilboðsgjafa um að engin ákvörðun hefur verið tekin um sölu virkjana samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur," hljómar bókun stjórnarinnar í málinu.

Haraldur Flosi Tryggvason, formaður stjórnar Orkuveitunnar, segist ekkert geta upplýst um hver hafi sett kauptilboðið fram eða hvað hafi í því falist. „Þetta var mjög athyglisvert," segir Haraldur Flosi. „En þetta var allt saman bundið miklum trúnaði."

Að sögn stjórnarformannsins væri ákvörðun um sölu af þessu tagi tekin af eigendum Orkuveitunnar. „Það eru engar vangaveltur í gangi um slíka sölu og stjórnin hefur ekkert umboð til þess að gera eitt né neitt í þá veru. Það væri þá frekar að fara til eigendanna og ræða við þá," segir Haraldur Flosi.

Áhugasamur kaupandi gerði tilboð í Hellisheiðarvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Þetta var mjög athyglisvert.**
>
> Haraldur Flosi Tryggvason, formaður

Langstærsti eigandi Orkuveitu Reykjavíkur er Reykjavíkurborg. Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri hjá borginni, kveðst ekki vita til þess að borginni hafi borist erindi um kaup á Hellisheiðarvirkjun. **– gar**

Hafa gefið búnað fyrir um 70 milljónir

SAMFÉLAG Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri gáfu í vikunni sjúkrahúsinu 10 ný sjúkrarúm á geðdeild spítalans auk hægindastóla sem verður komið fyrir á hinum ýmsu deildum spítalans.

Samanlagt hafa samtökin gefið tæki og búnað upp á um 70 milljónir króna til spítalans síðustu misseri.

Bjarni Karlsson, forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri, var að vonum ánægður með gjöfina. „Þetta er höfðinglegt og myndarlegt framtak af hálfu hollvinasamtakanna. Þau hafa staðið þétt við bakið á okkur allt frá stofnun félagsins og dregið til liðs við sig ríflega 1.700 félagsmenn af svæðinu. Það er ómetanlegt að finna þennan stuðning og jákvæðni til okkar úti í samfélaginu til okkar sem störfum á sjúkrahúsinu," sagði Bjarni.

Jóhannes Gunnar Bjarnason, formaður hollvinasamtakanna, segir það skipta miklu máli að hafa öflugan spítala á Norðurlandi. Hann segir hins vegar óskastöðu að samtökin yrðu óþörf með öllu og að tæki á spítalann þyrftu ekki að koma þessa leið inn á stofnunina.

„Nei, í hinum fullkomna heimi ætti sjúkrahúsið að fá það sem óskað er eftir og fagmenn benda á að þurfi, svo er bara alls ekki í dag og það fer ansi langt frá því að vera sú draumaveröld og við erum með langan lista af tækjum sem eru á óskalista sjúkrahússins," segir Jóhannes. **– sa**

> **Í hinum fullkomna heimi ætti sjúkrahúsið að fá það sem óskað er eftir.**
>
> Jóhannes Gunnar Bjarnason, formaður hollvinasamtakanna

10

sjúkrarúm gáfu hollvinasamtökin Sjúkrahúsinu á Akureyri

Síminn

Toppurinn á jólagjafalistanum

Samsung Galaxy S6 Edge

Það sér ekki fyrir endann á þessari snilld.

109.990 kr.
Greiðsludreifing í boði

Samsung LevelOn heyrnartól að verðmæti 34.490 kr. fylgja.

32GB 16MP 5,1" 4G

Nexus 6P

Tekur skínandi myndir í jólarökkrinu.

109.990 kr.
Greiðsludreifing í boði

Sveigjanlegur **Góður** í 6 mánuði og **Coloud** heyrnartól.**

64GB 13MP 5,96" 4G

Samsung Tab S2 4G

Í laginu eins og jólabók en endalaust klár.

109.990 kr.
Greiðsludreifing í boði

Frábær **Coloud** heyrnartól fylgja.

32GB 8MP 9,7" 4G

iGrill mini

7.990 kr.

Lítill og nettur kjöthitamælir sem tengist snjallsímanum eða spjaldtölvunni þráðlaust. Með iGrill appinu færðu aðstoðarkokk svo allur grillmatur verður eins og á fyrsta flokks veitingastað.

Samsung Gear S2

54.990 kr.

Frábær félagi sem fylgist með daglegri hreyfingu, hjartslætti, vatns- eða kaffidrykkju og hjálpar þér að tileinka þér heilbrigðan lífsstíl með hvatningarskilaboðum yfir daginn.

Bose SoundLink Mini 2

34.990 kr.
Greiðsludreifing í boði

Nettur Bluetooth hátalari með rafhlöðu sem endist í allt að 7 klst. Virkar með öllum Bluetooth símum en einnig er hægt að tengja með snúru.

Nánar á siminn.is/jol

Viðskiptavinir Símans fá **Sveigjanlegan Góðan snjallpakka** og geta valið úr **þremur tegundum af frábærum Coloud heyrnartólum** að andvirði 5.990 kr. í allskonar litum með völdum snjalltækjum.*

Þú getur meira með Símanum

*Á meðan birgðir endast. **Hægt að nota með stærri Sveigjanlegum og Endalausum snjallpökkum sem afslátt af mánaðargjaldi.

Engin bifreið á Norðurlandi með byssu

Sjö lögreglumenn féllu á skotvopnaprófi lögreglunnar á þessu ári. Átján lögreglubifreiðar á landinu öllu eru útbúnar skotvopnum.

STJÓRNSÝSLA Átján almennar lögreglubifreiðar eru búnar skotvopnum á landinu öllu en í lok júní á þessu ári voru tólf almennar lögreglubifreiðar á landinu búnar skotvopnum. Sjö lögreglumenn féllu á skotvopnaprófi lögreglunnar á þessu ári. Þetta kemur fram í svari Jóns F. Bjartmarz, yfirlögregluþjóns hjá embætti ríkislögreglustjóra, við fyrirspurn Fréttablaðsins um vopnaburð íslensku lögreglunnar.

Að sögn Jóns fá lögreglumenn 69 klukkustunda þjálfun í aðgerðum á hverju ári. Inni í því er skotvopnaþjálfun. Lögreglumenn skjóta um 400 skotum úr Glock-skammbyssum þar sem skotið er úr kyrrstöðu, á hreyfingu og undir álagi. „Á þessu ári voru sjö lögreglumenn sem ekki stóðust prófið. Æfingar og próf eru undir stjórn viðurkenndra skotvopnaþjálfara. Á þessu ári hafa 355 lögreglumenn hlotið þjálfun í notkun Glock og er þá sérsveitin meðtalin," segir Jón.

„Varðandi fjölda bifreiða þá eru, auk bifreiða sérsveitar, 18 lögreglubifreiðar hjá lögregluliðunum búnar skotvopnum. Ein bifreið er hjá lögreglustjórunum á Suðurnesjum, fimm á höfuðborgarsvæðinu, fjórar á Vestfjörðum, fimm á Austurlandi og þrjár á Suðurlandi. Þær voru 12 í lok júní síðastliðins. Fjórar hjá lögreglustjórunum á Vestfjörðum, fimm á Austurlandi og þrjár á Suðurlandi," segir Jón. Athygli vekur að fjölgun bifreiða er aðeins á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vekur nokkra athygli í svari ríkislögreglustjóra að engin lögreglubifreið á Norðurlandi og Vesturlandi er útbúin skotvopnum.

Ástæður þess að almennar lögreglubifreiðar eru útbúnar Glock-skammbyssum er til að stytta viðbragðstíma lögreglu þegar vá steðjar að og vopna er krafist. Er það gert til að tryggja öryggi borgaranna samkvæmt lögreglunni. Að mati lögreglunnar er hún ekki að vopnast umfram það sem verið hefur og ekki er verið að auka heimildir lögreglu til að vopnast frá því sem nú er. Einnig stendur ekki til að breyta því fyrirkomulagi að almennir lögreglumenn séu óvopnaðir við dagleg störf. Einnig þurfi að tryggja öryggi lögreglumanna. „Þá verður að hafa í huga vinnuverndarlöggjöf og skyldu vinnuveitanda til að gætt sé fyllsta öryggis og að starfsmenn hafi fullnægjandi þjálfun og búnað. Það er ekki forsvaranlegt að senda óvopnaða lögreglumenn til að eiga við aðila vopnaða skotvopnum," segir í svari Jóns Bjartmarz.

„Ákvörðun um að geyma vopn í lögreglubifreiðum í stað þess að geyma þau á lögreglustöðvum er í höndum viðkomandi lögreglustjóra að höfðu samráði við ríkislögreglustjóra. Nokkur lögreglulið á landsbyggðinni hafa geymt vopn í lögreglubifreiðum undanfarin ár sökum þess að mat viðkomandi lögreglustjóra hefur verið að þörf sé fyrir slíkar ráðstafanir, m.a. til þess að stytta viðbragðstíma lögreglu komi til alvarlegra vopnamála," segir Jón. „Áhersla lögreglu á það að stytta viðbragðstíma snýr sérstaklega að nýjum tegundum árásaraðferða en ekki vopnaburði hefðbundinna afbrotamanna. Um er að ræða tilfelli þar sem stöðva þarf árásaraðila án nokkurrar tafar og tryggja vettvang svo hægt sé að veita lífsbjargandi aðstoð." **sveinn@frettabladid.is**

Lögreglubifreiðar búnar skotvopnum



Hvernig fara skotpróf fram

1 Byssa tekin sundur og sett saman. Hámarkstími er 5 mínútur.

2 x5 skot af 5 metra færi. Skotskífa er 30 cm x 30 cm, hvítt blað. Vopnið er tilbúið til notkunar í hulstri og hulstur smellt aftur. Eftir skipun er vopnið dregið úr hulstri og einu skoti skotið. Hámarkstími er 5 sekúndur. Vopn sett í hulstur og hulstri smellt aftur. Síðan endurtekið. Til að standast þennan hluta þurfa 4 skot af 5 að vera í skotskífunni.

3 5 skot af 7 m færi. Skotskífa er 30 cm x 30 cm að stærð, hvítt blað. Vopnið er tilbúið til notkunar og haldið í viðbragðsstöðu. Eftir skipun er einu skoti skotið. Hámarkstími er 5 sekúndur. Vopn sett í viðbragðsstöðu og síðan endurtekið. Til að standast þennan hluta þurfa 4 skot af 5 að vera í skotskífunni.

Menn standast ekki hæfnispróf ef þeir:

- Virða ekki öryggisreglur á skotsvæði
- Meðhöndla vopnið ekki á öruggan hátt
- Skjóta meira en 5 skotum á skotskífuna
- Taka vopnið úr slíðri án þess að hafa fengið um það skipun
- Fara ekki í einu og öllu eftir fyrirmælum skotstjóra
- Halda gikkfingri ekki fyrir utan gikkbjörg nema þegar vopni er beint að skotmarki

Glæsileg LED lukt með dimmer

- Stillanlegt LED ljós, góð birta
- Gengur fyrir venjulegum rafhlöðum (D) sem endast lengi
- Verð kr. 4.990.-

Glóey

Ármúla 19 · Sími 568 1620
www.gloey.is · gloey@gloey.is

Það spáir HÖRKUFROSTI!

Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa
6.890

Rafmagnshita-blásari 5Kw 3 fasa
12.830

Rafmagnshita-blásari 2Kw
1.990

Rafmagnshitablásari 9Kw 3 fasa
17.990

Rafmagnshitablásari 3Kw 1 fasa
8.890

Rafmagnshitablásari 15Kw 3 fasa
29.990

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

2015 besta árið fyrir meðal manneskju

SAMFÉLAG Þrátt fyrir átök í París og Sýrlandi, streymi flóttafólks og áframhaldandi erfiðleika hjá fátækum þjóðum urðu ótrúlegar framfarir á lífskjörum jarðarbúa á árinu 2015. Þetta kemur fram í pistli í tímaritinu The Atlantic.

Bandaríkin eru friðsælli en á fyrri tímum, þrátt fyrir skotárásir. Þar voru þrjú þúsund færri ofbeldisglæpir á árinu og 600 þúsund færri en árið 1995, sem er 35 prósent lækkun. Samkvæmt tölum frá Sameinuðu þjóðunum hafa morð á heimsvísu dregist saman um sex prósent milli áranna 2000 og 2012.

Öll þróun var hins vegar ekki jákvæð á árinu. Hryðjuverk hafa aukist, átökin í Sýrlandi og upprisa ISIS ollu því að hryðjuverk aukast á ný eftir að hafa dregist verulega saman.

Á árinu dró úr þurrkum og í kjölfarið var minni matarskortur. Hlutfall vannærðra heimsbúa dróst saman um átta prósent milli áranna 1990 og 2015. Samkvæmt tölum frá Sameinuðu þjóðunum deyja 6,7 milljónum færri börn á hverju ári samanborið við árið 1990.

Gott bóluefni kom í veg fyrir meiri skaða af ebólu. Talið er að veiran hafi dregið 11.315 manns til dauða á árinu. Hins vegar spáði Center for Disease Control að bólusetningar gegn ebólu skiluðu miklum árangri og hefðu komið í veg fyrir að allt að 1,4 milljónir veiktust af sjúkdómnum í stað 29 þúsunda.

Heimurinn virðist einnig vera að verða umburðarlyndari. Á árinu samþykkti bandaríska þingið hjónaband samkynhneigðra. Írar samþykktu það einnig. Á níu árum hefur löndum sem banna samfarir milli tveggja aðila af sama kyni fækkað um sautján. Pistlahöfundur The Atlantic spáir áframhaldandi velmegun á nýju ári. **– sg**

Hjónaband samkynhneigðra var lögleitt í Bandaríkjunum á árinu, vísbending um aukið umburðarlyndi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

35%

fækkun ofbeldisglæpa í Bandaríkjunum frá árinu 1995

Stórvirkið *Stríðsárin 1938–1945*
er uppselt hjá útgefanda

EKKI ÖRVÆNTA

2. prentun væntanleg í janúar

VEGLEGT GJAFABRÉF FÁANLEGT Í NÆSTU BÓKABÚÐ



★★★★★

„Stríðsárin 1938–1945
er bók sem fær allra
bestu meðmæli.“

JAÓ / MORGUNBLAÐIÐ

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2015 bókaverslana

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

Milljón flóttamenn komnir til Evrópu

Rúmlega 970 þúsund flóttamenn komu sjóleiðina yfir Miðjarðarhafið, langflestir yfir Eyjahafið frá Tyrklandi til Grikklands. Talið er að nærri fjögur þúsund manns hafi drukknað á leiðinni. 34 þúsund flóttamenn fóru landleiðina frá Tyrklandi til Búlgaríu eða Grikklands.

FLÓTTAMENN Á þessu ári hefur meira en milljón flóttamanna komið til Evrópu. Frá þessu skýra bæði Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) og Alþjóðastofnun um farandfólk (IOM) í sameiginlegri fréttatilkynningu.

Þann 21. desember voru 972.500 komnir sjóleiðina yfir Miðjarðarhafið en 34.000 landleiðina frá Tyrklandi yfir til Búlgaríu eða Grikklands.

Samtals er ein milljón manns eitthvað um það bil 0,2 prósent af heildaríbúafjölda aðildarríkja Evrópusambandsins, eða tæplega 0,15 prósent af íbúafjölda allra Evrópuríkja samtals.

Til samanburðar má einnig nefna að í Tyrklandi einu eru um það bil 2,2 milljónir flóttamanna frá Sýrlandi og í Líbanon er um 1,1 milljón sýrlenskra flóttamanna.

500.000
koma frá Sýrlandi

200.000
koma frá Afganistan

70.000
koma frá Írak

Flestir þeirra sem komnir eru til Evrópu fóru sjóleiðina, eða meira en 800 þúsund manns, hafa ferðast yfir Eyjahafið frá Tyrklandi til Grikklands. Um 150 þúsund fóru hins vegar lengri sjóleiðina frá norðanverðri Afríku yfir til Ítalíu.

Nærri helmingurinn, um hálf milljón manns, er kominn frá Sýrlandi, um það bil 200 þúsund frá Afganistan og um 70 þúsund frá Írak.

Alls er talið að nærri 4.000 manns hafi drukknað á leiðinni yfir Miðjarðarhafið, eða er að minnsta kosti enn saknað.

Antonio Guterres, yfirmaður Flóttamannastofnunarinnar, bendir á að flóttafólkið hafi margt mikilvægt fram að færa í þeim löndum, sem það flytur til.

„Nú þegar andúð á útlendingum fer vaxandi sums staðar, þá er mikilvægt að átta sig á því góða framlagi sem flóttafólk og farandfólk kemur með til samfélagsins sem það býr í," er haft eftir Guterres í tilkynningu frá UNHCR. **gudsteinn@frettabladid.is**

Flóttafólk kemur til Aþenu í Grikklandi frá eyjunum Lesbos og Kíos, þangað sem fólkið sigldi frá Tyrklandi. NORDICPHOTOS/AFP

Einn af milljón

Einn þeirra rúmlega milljón flóttamanna, sem komist hafa til Evrópu á árinu, er Sýrlendingurinn Mohammed Nofal Yassin. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna skýrir frá sögu hans í tengslum við nýbirtar upplýsingar um fjölda flóttafólks.

„Þegar ég sá að það voru meira en 60 manns, þá neituðum við að fara um borð," segir Yassin, fertugur bakari sem flúði með fjölskyldu sinni, eiginkonu og fjórum börnum, fjögurra til átta ára gömlum.

Honum var sagt að einungis yrðu 35 manns í gúmmíbátnum, sem átti að ferja fjölskylduna frá Tyrklandi yfir á grísku eyjuna Kíos.

Hann var búinn að borga jafnvirði um það bil 440 þúsund króna fyrir farið, en vissi sem var að ferðalagið yfir hafið yrði ekki hættulaust.

Hann segist hafa séð blika á hníf og þá fyrst áttað sig á því að logið hafði verið að honum. Átta ára gamall sonur hans æpti að hann vildi ekki drukkna á þessum bát og fjögurra ára gamlar dætur hans, tvíburar, vildu fá að fara heim.

En mennirnir, sem höfðu selt þeim farið, gáfu þeim engan kost á því að hætta við.

Yassin segist hafa áttað sig á því að hann gæti hvort eð er ekki snúið til baka með fjölskylduna, enda hefði hann ekki að neinu að hverfa lengur í Sýrlandi.

Hús fjölskyldunnar varð fyrir sprengjuárás árið 2013 og létu þá báðir foreldrar hans lífið. Bakaríið, sem hann rak ásamt eldri bróður sínum, var einnig eyðilagt í sprengjuárás.

Fjölskyldan klifraði því um borð í bátinn, um hálftvö að nóttu, og eftir tæplega klukkustundar langa siglingu var báturinn orðinn eldsneytislaus.

En þá var heppnin með þeim, því gríska landhelgisgæslan kom þar að og flutti fólkið til eyjunnar Kíos.

Á eyjunni búa 50 þúsund manns en það sem af er árinu hafa um 112 þúsund flóttamenn komið þangað frá Grikklandi. Nú í desember hafa um 700 manns komið daglega.

Eskifjarðará þveruð við lagningu jarðstrengja til að auka flutningsgetu raforkukerfisins á Austurlandi. MYND/LANDSNET

Styrkja svæðiskerfi Landsnets á Austurlandi

RAFORKA Framkvæmdir eru að hefjast við lagningu 132 kílóvolta jarðstrengja frá Stuðlalínu 2 sunnan Eskifjarðar að tengivirki Landsnets á Eskifirði og áfram þaðan að loftlínum ofan við bæinn.

Í tilkynningu Landsnets kemur fram að áætlaður kostnaður við verkið sé 125 milljónir króna. Stefnt er að því að framkvæmdum ljúki á fyrsta fjórðungi næsta árs.

„Verkið felst í endurnýjun á þeim köflum Stuðlalínu 2 og Eskifjarðarlínu 1 sem eru í jörð á Eskifirði. Annars vegar verður lagður 1.200 metra langur jarðstrengur frá endastæðu Stuðlalínu 2, sunnan Eskifjarðar, að tengivirki á Eskifirði og hins vegar um 260 metra langur strengur frá tengivirkinu að endastæðu Eskifjarðarlínu 1, ofan við bæinn," segir þar.

Vinna við þverun Eskifjarðarár er hafin en skurður fyrir strengi verður grafinn eftir áramót. „Í framhaldinu verður hafist handa við lagningu strengjanna og er stefnt að spennusetningu á fyrsta ársfjórðungi 2016, en endanleg dagsetning ræðst af gangi framkvæmda og veðri."

125
milljónir króna er áætlaður kostnaður við verkið.

» Viðbúið er að framkvæmdirnar valdi tímabundnum truflunum á Austurlandi.

Framkvæmdirnar eru sagðar liður í styrkingu svæðiskerfis Landsnets á Austurlandi þar sem núverandi strengir anni ekki áætlaðri framtíðarnotkun. „Viðbúið er að framkvæmdirnar valdi tímabundnum truflunum, einkum næst framkvæmdasvæðinu." **– óká**

HÚSASMIÐJAN

blómaval

ALLAR VÖRUR* TAX FREE

TVÖFALT TAX FREE*

AF SERÍUM OG JÓLASKRAUTI

GERIÐ FRÁBÆR KAUP Á JÓLAGJÖFUM OG JÓLAVÖRUM

OPIÐ TIL 22:00 Í SKÚTUVOGI

ÖLL JÓLATRÉ EITT VERÐ

3.790 kr

meðan birgðir endast

SÍÐUSTU JÓLATRÉN

RÝMINGARSALA

LIFANDIJÓLATRÉ

ALLT Á AÐ SELJAST

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl, úrval getur verið mismunandi milli verslana. Tax Free gildir ekki af vörum í timbursölu.

*Tax free gildir ekki af tilboðum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar". Tax Free tilboð jafngildir 19.35% afslætti. Tvöfalt Tax Free jafngildir 38.7% afslætti.

KVIKA
kvika.is

Starfsfólk Kviku óskar landsmönnum gleði
og farsældar um jólahátíðina.

Ástand heimsins

1. Michelle Obama, forsetafrú Bandaríkjanna, les upp úr bókinni Heimsókn frá sankti Nikulási fyrir Svínku og fjöldann allan af börnum við tendrun á jólaljósunum á jólatré Hvíta hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

2. Ljónatemjarinn Namayca Bauer leikur listir sínar ásamt ljóni í jólasirkusnum í Rotterdam. Sýningin þykir umdeild en menningarmálaráðherra Hollands hefur bannað notkun á dýrum í sirkussýningum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

3. Stormsveitarmenn fagna líka jólunum. Hér bregða nokkrir jólalegir stormsveitarmenn á leik á leikfangasýningu í Taipei á Taívan. NORDICPHOTOS/AFP

4. Heimilislaus maður í Aþenu á Grikklandi hefur skreytt íverustað sinn í anda jólanna. Hann styttir sér stundir við að yrkja jólaljóð fyrir vegfarendur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

5. Margir jólamarkaðir eru starfræktir um heim allan. Hér virðir fólk fyrir sér varning á jólamarkaði við kirkju heilags Stefáns í Búdapest. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

OPIÐ Í DAG 10-22

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

VERIÐ VELKOMIN

STARFSFÓLK BÓNUS

BÓNUS EKKERT BRUÐL

FRÉTTABLAÐIÐ

SKOÐUN

Andi jólanna?

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Látnir voru lausir í gær fjórir menn sem setið hafa í gæsluvarðhaldi í tólf vikur vegna gruns um umfangsmikið fíkniefnasmygl hingað til lands. Það er í sjálfu sér fagnaðarefni og væntanlega til marks um að rannsókn lögreglu sé vel á veg komin. Málið snýst um 23 kíló af hörðum fíkniefnum sem hér átti að koma í umferð.

Heldur flækir samt málið að í hópnum er 27 ára gamall greindarskertur Hollendingur sem plataður hafði verið til að taka þátt í smyglinu. Fram hefur komið að maðurinn hafi alla tíð búið hjá móður sinni og búi yfir takmarkaðri tungumálakunnáttu. Eins er vitað að andleg geta hans er á því stigi að hann á bágt með að átta sig á þeirri stöðu sem hann er kominn í. Skilur ekki almennilega af hverju hann er lokaður inni, en gleymir tímabundið vandræðum sínum ef rétt eru að honum sætindi.

Furðu vekur að í fyrsta lagi skuli teljast þörf á því að hafa jafn fatlaðan einstakling í gæsluvarðhaldi allan þennan tíma og stappar væntanlega nærri mannvonsku að gera það, nema að lögregla telji að hann sé að gera sér upp greindarskerðinguna. Sé svo ekki þá hefði maður haldið að koma hefði mátt manninum í vist sem ekki væri honum jafn íþyngjandi og einangrun í fangelsi.

Í gær upplýstist líka að maðurinn væri hér í raun í hálfgerðu reiðileysi eftir að vera sleppt úr fangelsi og til stæði að lögregla kæmi honum fyrir á gistiheimili í Reykjavík.

„Ég hef áhyggjur af því hvernig hann komi til með að bjarga sér einn síns liðs á gistiheimili úti í bæ," sagði Ómar Örn Bjarnþórsson, lögmaður mannsins, í viðtali við Fréttablaðið í gær. Hér þarf maðurinn að vera að minnsta kosti þar til ákæra verður gefin út í málinu eða dómur fellur. Óvíst er hvenær að þessu kemur, enda rannsókn lögreglu ekki lokið enn.

Ísland er aðili að margvíslegum alþjóðasamningum og -sáttmálum, svo sem Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sú spurning hlýtur að vakna, bæði í ljósi þessa máls og nýlegrar framgöngu Útlendingastofnunar við brottvísun albanskra fjölskyldna langveikra barna, hvort ekki sé þörf á sérstakri úttekt á því hvernig stofnanir landsins ganga um þær skuldbindingar sem stjórnvöld hafa á sig tekið.

Í það minnsta hefði maður haldið að einhver ferli ættu að taka við sér þegar ljóst er að glæpamenn hafa nýtt sér þroskaskerðingu manns til að plata hann til glæpaverka. Hvernig má það vera að ekki taki við sér eitthvert félagslegt úrræði innanlands til að vera manni í slíkri stöðu innan handar. Í það minnsta hefði maður haldið að þegar manni í slíkri stöðu er sleppt úr fangelsi, rétt fyrir jól, að þá biði þar félagsráðgjafi eða einhver sambærilegur, sem hefði þann starfa að gæta að stöðu hans og líðan.

Blessunarlega hafa lögmanni mannsins borist tilboð um aðstoð handa honum frá fólki úti í bæ. En auðvitað er ekki ásættanlegt að fólk sem á hér undir högg að sækja eigi allt sitt undir velvild vandalausra.

Í það minnsta hefði maður haldið að einhver ferli ættu að taka við sér þegar ljóst er að glæpamenn hafa nýtt sér þroskaskerðingu manns til að plata hann til glæpaverka.

Halldór

Frá degi til dags

Sama hvaðan gott kemur

„Ríkisfjármálin í óvenjulegum farvegi segir í Hagsjá Landsbankans. Það má með sanni segja," sagði Oddný G. Harðardóttir og deildi umfjöllun Hagdeildar Landsbankans á fésbókinni í gær. Vakti Oddný athygli á því að staða ríkissjóðs færi versnandi á milli ára og í umfjöllun Landsbankans er vakin athygli á því að lokaniðurstaða fjárlaga fyrir næsta ár varð sú að RÚV, Landspítalinn og sveitarfélögin fá meiri pening frá ríkinu en áður var ætlað. Það er gott að fjármálaráðherra sé brýndur til sparnaðar. Og skiptir þá engu máli hvort hvatningin kemur frá hagfræðingum bankanna eða pólitískum andstæðingum á þingi.

Línur frjálslyndis

Sigríður Á. Andersen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lagði fram eigin tillögu um afnám á tolli á innflutt snakk eftir að meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar treysti sér ekki til að afnema tollinn. Tollurinn er 56 prósent og einkennir gamaldags hugarfar um að íslenska framleiðslu þurfi að vernda fyrir erlendum áhrifum. Athygli vakti að stjórnarflokkarnir klofnuðu í málinu, Sjálfstæðisflokkur kaus með málinu en nær allir þingmenn Framsóknar sátu hjá. Þá kusu allir þingmenn stjórnarandstöðunnar með tillögunni að Vinstri grænum undanskildum. Í þessu máli má greinilega sjá hvar megi draga línur frjálslyndis. jonhakon@frettabladid.is, stefanrafn@frettabladid.is

Sprotadekur í boði ríkisins

Guðmundur Edgarsson
málmenntafræðingur

Iðnaðarráðherra kynnti á dögunum aðgerðaráætlun í þágu frumkvöðla og sprotafyrirtækja. Hugmyndin með áætluninni er að í stað þess að viðskiptamenn eingöngu og fjárfestar á markaði leggi fram eigið áhættufé í svokölluð sprotafyrirtæki skuli ríkið leggja enn frekar út í slík ævintýri á kostnað skattgreiðenda. Þessi hugmynd er vanhugsuð af ýmsum ástæðum.

Siðferðissjónarmið

Grundvallaratriði varðandi áhættufjárfestingu er að hver og einn fái að meta á sínum forsendum hvort ævintýrið sé áhættunnar virði. En með umræddri aðgerðaráætlun er fólki ekki boðið upp á slíkt. Skattgreiðendum er einfaldlega stillt upp við vegg. Borgi menn ekki sinn skerf af launum í ríkisstyrktar áhættufjárfestingar bíður sekt eða fangelsi. Hér er líka enn á ný verið að bjóða upp á þau býti að gangi vel, hirða fjárfestar gróðann; gangi miður, borgar almenningur reikninginn.

Hagfræðilega er ennfremur varasamt að niðurgreiða sum fyrirtæki, í þessu tilfelli útvalin sprotafyrirtæki, en ekki önnur. Ástæðan er sú, að með ríkisstyrkjum fá tiltekin sprotafyrirtæki forskot til vaxtar á kostnað annarra fyrirtækja sem ekki fá slíkan stuðning. Styrkirnir eru jú fjármagnaðir í gegnum skattkerfið með millifærslum frá hinum fyrirtækjunum sem og neytendum á markaði sem hafa þá úr minna að spila. Tekjur fólks og fyrirtækja nýtast því síður en ella og verðmæti glatast.

Markaðs- eða áætlunarbúskapur?

Til að fyrirbyggja mismunun á markaði stendur valið því um tvennt. Annars vegar að styrkja öll fyrirtæki jafnt með sífelldum framlögum úr ríkissjóði fyrir annarra manna pening. Hins vegar að lækka skatta sem nemur öllum styrkjunum og eftirláta fagfólki á markaði að fjárfesta fyrir eigin pening í þeim fyrirtækjum sem það hefur trú á. Fyrri leiðin byggir á síaukinni skattheimtu og stöðugum inngripum stjórnmálamanna og embættismanna í atvinnulífið eftir leiðum áætlunarbúskapar; hin síðari reiðir sig á markaðslausnir, þ.e. á raunverulegan vilja kaupenda og seljenda eftir framboði og eftirspurn. Sjálfur hallast ég að síðarnefndu leiðinni, þ.e. að láta atvinnulífið í friði og leyfa hlutunum að hafa sinn gang.

Hagfræðilega er ennfremur varasamt að niðurgreiða sum fyrirtæki, í þessu tilfelli útvalin sprotafyrirtæki, en ekki önnur.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Náttúruminjasafn Íslands – hvert stefnir?

Hilmar J. Malmquist
forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands

Fyrir skömmu fjallaði Fréttablaðið um vilja áhugafólks og stofnun einkahlutafélagsins Perluvinir ehf. í þeim tilgangi að setja upp náttúrusýningu í Perlunni. Þar kom m.a. fram að viðræður milli Náttúruminjasafns Íslands og Reykjavíkurborgar um slíkt sýningarhald í Perlunni hafi „siglt í strand“. Rétt er að benda á að viðræður safnsins og borgarinnar beindust að ráðuneyti Náttúruminjasafnsins, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, og voru að frumkvæði safnsins. Jafnframt skal bent á að ákvörðun um að hætta viðræðunum var tekin af hálfu Reykjavíkurborgar.

Dræmar undirtektir

Ákvörðun Reykjavíkurborgar um að hætta viðræðunum er hörmuð en hún er skiljanleg í ljósi dræmra undirtekta ráðherra og ráðuneytisins. Náttúruminjasafnið hefur sl. tvö ár lagt sig fram um að sigla málinu í höfn enda um að tefla afar áhugaverðan kost fyrir höfuðsafn þjóðarinnar í náttúrufræðum, sem ekki hefur haft yfir neinu sýningarhúsnæði að ráða síðan safnið var sett á laggirnar árið 2007. Að mati margra hentar Perlan vel undir sýningarstarfsemi á sviði náttúrufræða. Staðsetningin er frábær m.t.t. allrar þjónustu, húsið er glæsilegt en hálftómt og skortir hlutverk, hátt er til lofts og vítt til veggja, víðsýnt er af veröndinni og skammt í náttúru umhverfis alla Öskjuhlíðina. Jafn álitlegur kostur undir grunnsýningu á náttúru Íslands í faglegu og fjárhagslegu tilliti hefur ekki staðið til boða um áratugaskeið. Það eru því mikil vonbrigði að ekki hafi tekist að opna augu ráðherra og ráðuneytis fyrir ágæti verkefnisins.

Þetta er í þriðja skipti sem viðsemjendur um náttúrusýningu í Perlunni segja sig frá verkefnum sem snúa að ráðuneyti Náttúruminjasafnsins. Í vor sagði fjárfestingafélagið Landsbréf ITF I sig frá viðræðum og bar við m.a. seinagangi í ráðuneytinu. Þar áður, við fjárlagagerð ársins 2014, sagði núverandi ríkisstjórn sig frá samningi sem undirritaður var í mars 2013 af hálfu þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínar Jakobsdóttur, og Reykjavíkurborgar um náttúrusýningu í Perlunni á vegum Náttúruminjasafnsins. Samninguriinn fól m.a. í sér fulla fjármögnun ríkisins á stofnkostnaði við sýninguna.

Hvað svo?

Núverandi stjórnvöld hafa nú hafnað tveimur meginleiðum við fjármögnun náttúrusýningar á vegum

> **Ríki og einkaaðilar geta vel unnið saman í þessu brýna verkefni – ég er fullviss um að þjóðin vill það.**

Náttúruminjasafnsins, þ.e. að kosta verkefnið alfarið á vegum hins opinbera eða í samstarfi við utankomandi fjárfesta. Er nema von að spurt sé á hvaða vegferð ráðherra mennta- og menningarmála er með þetta höfuðsafn þjóðarinnar?

Hafa skal í huga að Náttúruminjasafnið er skilgreint sem ein af lykilstofnunum landsins á sviði miðlunar og fræðslu í náttúrufræðum og lögum samkvæmt á stofnunin að hafa sömu stöðu og hin höfuðsöfnin tvö, Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands. Stöðu sinnar vegna sem fræðslu- og menntastofnanir á vegum ríkisins hafa höfuðsöfnin sérstöðu og hlutverki þeirra verður ekki sinnt af einkaaðilum nema að takmörkuðu leyti.

Íslenska þjóðin og gestir landsins eiga löngu skilið að Náttúruminjasafn Íslands þjóni þeim af engu minni metnaði og gæðum en best þekkist í náttúrufræðisöfnum nágrannaþjóðanna. Ríki og einkaaðilar geta vel unnið saman í þessu brýna verkefni – ég er fullviss um að þjóðin vill það.

Á að sameina RÚV og Stöð 2?

Ögmundur Jónasson
alþingismaður

Væri hægt að sameina RÚV og Stöð 2? Hvað með blöðin, eru þau ekki að segja sömu fréttirnar? Mætti ekki ná samlegðaráhrifum þar, alla vega í einhverjum þáttum rekstursins? Á agnarsmáum svæðum í þéttbýlinu eru í einni stöppu stórar matvörukeðjur að selja sama varninginn – má ekki sameina? Og hvað með olíu- og bensínsölufyrirtækin, hvers vegna ekki sameina þau, enda keppa þau lítið sem ekkert á grundvelli verðlags – heldur fyrst og fremst hvernig þeim gengur að sannfæra landsmenn um að þau séu dugleg í skógrækt eða einhverju ámóta. Alls staðar blasa við möguleikar til að draga úr sóun – eða hvað? Gæti verið að eitthvað annað færi forgörðum við kerfisbreytingar af þessu tagi?

Viðskiptaráð hefur eina ferðina enn kynnt herhvöt sína gegn opinberri þjónustu með tilheyrandi alhæfingum um hið illa opinbera og samneysluna. Viðskiptaráðið segist vilja spara. Og aðaltillagan er að leggja niður ÁTVR sem færir milljarða inn í ríkiskassann. Viðskiptaráð vill að þeir milljarðar renni til eigin skjólstæðinga! Svo er okkur sagt að Íbúðalánasjóður hafi verið landsmönnum dýr. Það er alrangt. Hann varð eins og samfélagið allt fyrir áföllum í hruninu en hefðu íbúðakaupendur verið betur settir ef hinir föllnu bankar hefðu verið búnir að gleypa allan húsnæðismarkaðinn fyrir hrun eins og þeir reyndu? Hefði skattborgurunum þá verið borgið? Peninga þurfti að sönnu að setja inn í Íbúðalánasjóð til að fullnægja fáránlegri kröfu EES um lágmarkseiginfjárhlutfall á sama tíma og Íbúðalánasjóður var vel haldinn að öðru leyti.

> **Viðskiptaráðið er ekki með neinar kröfur inn í eigin raðir. Þar er allt með miklum ágætum. Ekki þarf einu sinni að íhuga fækkun fjármálastofnana – það er bara eftirlitinu sem er ofaukið!**

Viðskiptaráðið er ekki með neinar kröfur inn í eigin raðir. Þar er allt með miklum ágætum. Ekki þarf einu sinni að íhuga fækkun fjármálastofnana – það er bara eftirlitið sem er ofaukið!

Það er ekkert nýtt í tillögum Viðskiptaráðs. Allt gamlar viðbrenndar lummur úr gamalgróinni hagsmunagæslu þess ráðs. Þetta eru sömu tillögur og fyrir aldarfjórðungi! Það sem er nýtt eru viðbrögðin við hinni „vel ígrunduðu“ skýrslu Viðskiptaráðs. Þeim virðist fjölga á Íslandi sem ekki sjá nekt keisarans. Auðvitað á allur ríkisrekstur að vera í stöðugri endurmótun. En það gildir um allt efnahagskerfið. Líka hið einkarekna. Stundum getur smá stofnun verið kröftugri en stór og síðan öfugt. Og stundum eru tillögur settar fram bara til að passa upp á hagsmuni. Það hefur Viðskiptaráðið gert svo lengi sem ég man eftir. En á meðal annarra orða, hví ekki sameina Viðskiptaráð og Samtök atvinnulífsins? Er þetta ekki sama tóbakið?

BROT AF ÞVÍ BESTA!

Þín eigin goðsaga
TILBOÐSVERÐ: 3.899.-
Verð áður: 4.799.-

Hundadagar
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.999.-

The Definitive Visual History - Design
TILBOÐSVERÐ: 4.799.-
Verð áður: 5.999.-

Konan í lestinni
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.699.-

Hnattlíkan Astra
30 cm m. ljósi og viðarfæti
TILBOÐSVERÐ: 15.063.-
Verð áður: 18.829.-

Hnattlíkan Elite
26 cm m. ljósi
TILBOÐSVERÐ: 7.199.-
Verð áður: 8.999.-

Hnattlíkan Uranio
30 cm m. ljósi
TILBOÐSVERÐ: 12.799.-
Verð áður: 15.999.-

Hnattlíkan Mini
16 cm
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.999.-

Heimskort - Pin the world
lítið / stórt
TILBOÐSVERÐ: 4.959.- / 7.199
Verð áður: 6.199.- / 8.999.-

Heyrnartól - Retro DJ
TILBOÐSVERÐ: 6.749.-
Verð áður: 8.999.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!

MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

Simply Nigella
TILBOÐSVERÐ: 6.399.-
Verð áður: 7.999.-

Leynigarður
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.499.-



Game of Thrones sett (innbundið í leður)
TILBOÐSVERÐ: 9.399.-
Verð áður: 11.999.-

Fjallabræður - Hosíló
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.299.-

KK - Á Æðruleysinu
TILBOÐSVERÐ: 4.599.-
Verð áður: 4.999.-

CROSS kúlupenni Star Wars
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 5.999.-

Heyrnartól - Juicy
TILBOÐSVERÐ: 1.185.-
Verð áður: 1.580.-

CROSS minnisbók Star Wars
TILBOÐSVERÐ: 3.749.-
Verð áður: 4.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gilda 23. desember, til og með 24. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

2. sinn á topp tíu

Aníta Hinriksdóttir
19 ára frjálsíþróttakona úr ÍR
Varð í 20. sæti í 800 m hlaupi á 2:01,01 mínútu sem er næstbesti tími hennar á ferlinum og dugði til að tryggja Anítu þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Ríó.

1. sinn á topp tíu

Aron Einar Gunnarsson
26 ára knattspyrnumaður hjá Cardiff
Fyrirliði og lykilmaður á miðju íslenska landsliðsins sem tryggði sér sæti í lokakeppni stórmóts A-liða landsliða karla í fyrsta sinn, er Ísland komst á EM 2016 í Frakklandi.

2. sinn á topp tíu

Eygló Ósk Gústafsdóttir
20 ára sundkona úr Ægi
Varð fyrst íslenskra íþróttamanna að ná lágmarki fyrir Ólympíuleikana í Ríó í mars. Komst í úrslit á HM í 50 m laug og vann tvenn bronsverðlaun á EM í 25 laug í Ísrael, fyrst íslenskra kvenna.

1. sinn á topp tíu

Fanney Hauksdóttir
23 ára kraftlyftingakona úr Gróttu
Evrópumeistari í bekkpressu í -63 kg flokki og þriðja á heimslista í sínum þyngdarflokki. Heimsmeistari og heimsmethafi ungmenna sem og Íslandsmeistari í sama flokki.



8. sinn á topp tíu

Guðjón Valur Sigurðsson
36 ára handboltamaður hjá Barcelona
Spánar- og Evrópumeistari með Barcelona og lykilmaður í íslenska landsliðinu. Var markahæstur leikmanna Barcelona á síðustu leiktíð og í liði ársins í spænsku deildinni.



5. sinn á topp tíu

Gylfi Þór Sigurðsson
26 ára knattspyrnumaður hjá Swansea
Í lykilhlutverki hjá íslenska landsliðinu og valinn í úrvalslið undankeppni EM. Leikur með Swansea sem náði besta árangri sínum frá upphafi í ensku úrvalsdeildinni í vor.

Allt jafnt í fyrsta skipti

Það er jöfn skipting á milli bæði kvenna og karla sem og íþróttamanna úr einstaklingsíþróttum og hópíþróttum á listanum yfir tíu efstu í kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á íþróttamanni ársins 2015. Valið fer nú fram í 60. sinn

ÍÞRÓTTIR Íþróttamaður ársins verður útnefndur í 60. sinn frá upphafi á næstsíðasta degi ársins en 26 meðlimir Samtaka íþróttafréttamanna hafa greitt atkvæði og nú er komið í ljós hvaða íþróttafólk hafnaði í tíu efstu sætunum. Það eru jafn margar konur og karlar meðal tíu efstu annað árið í röð en það hafði aldrei gerst fyrir það kjör. Nú er skipting einnig þannig að jafn margir úr einstaklingsíþróttum og hópíþróttum komast í hóp tíu efstu. Jón Arnór Stefánsson var kosinn Íþróttamaður ársins fyrir ári og hann er aftur meðal tíu efstu í ár. Hann er nú meðal tíu efstu í tíunda sinn og er tíundi íþróttamaðurinn sem nær því.

Þrjú í þriðja árið í röð

Jón Arnór er líka einn af þremur á listanum sem eru þar þriðja árið í röð en hin eru knattspyrnukonan Sara Björk Gunnarsdóttir og handboltamaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson. Guðjón Valur Sigurðsson er nú í hópi tíu bestu í áttunda sinn á ferlinum. Gylfi Þór Sigurðsson er aftur á móti á topp tíu listanum fjórða árið í röð og í fimmta skiptið á sex árum.

Gylfi er einn af þremur á listanum í ár sem hafa hlotið titilinn áður en hinir eru Guðjón Valur og Jón Arnór. Sundkonurnar Eygló Ósk Gústafsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir eru báðar á listanum annað árið í röð sem þýðir að sex af tíu voru á listanum í fyrra.

Frjálsíþróttafólkið Aníta Hinriksdóttir og Helgi Sveinsson voru bæði á listanum fyrir tveimur árum og þá bæði í fyrsta skipti.

Tveir nýliðar eru á listanum að þessu sinni en knattspyrnumaðurinn Aron Einar Gunnarsson og kraftlyftingakonan Fanney Hauksdóttir eru meðal tíu efstu í fyrsta sinn. Fanney er fyrsta kraftlyftingakonan í sögu kjörsins sem kemst í hóp tíu efstu.

Kjörinu á Íþróttamanni ársins 2015 verður lýst í hófi í Silfurbergi í Hörpu þann 30. desember en kjörið verður í beinni útsendingu á RÚV. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og Samtök íþróttafréttamanna standa saman að hófi Íþróttamanns ársins í tuttugasta sinn.

ooj@frettabladid.is

Jón Arnór Stefánsson var kjörinn íþróttamaður ársins í fyrra. MYND/RAGNAR SANTOS

Lið og þjálfari ársins

Samtök íþróttafréttamanna velja nú lið og þjálfara ársins í fjórða sinn en eftirtaldir hlutu flest atkvæði í kjörinu í ár:

Lið ársins
Karlalandsliðið í knattspyrnu
Karlalandsliðið í körfuknattleik
Stjarnan (hópfimleikar kvenna)

Þjálfari ársins
Alfreð Gíslason
Heimir Hallgrímsson
Þórir Hergeirsson

2. sinn á topp tíu

Helgi Sveinsson
36 ára frjálsíþróttamaður úr Ármanni
Varð þriðji á HM fatlaðra og bætti heimsmetið í sínum flokki, F42, þar sem hann er í efsta sæti á heimslista. Kastaði lengst 57,36 m.

3. sinn á topp tíu

Hrafnhildur Lúthersdóttir
24 ára sundkona úr SH
Fyrsta íslenska konan til að synda til úrslita á HM í 50 m laug, þar sem hún varð í 7. sæti í 50 m bringusundi og 6. sæti í 100 m bringusundi. Náði Ólympíulágmarki í fjórum greinum.

10. sinn á topp tíu

Jón Arnór Stefánsson
33 ára körfuboltamaður hjá Valencia
Lykilmaður í liði Íslands sem keppti á úrslitakeppni Evrópumótsins í fyrsta sinn. Lék með Malaga fyrri hluta ársins og svo Valencia, sem er ósigrað á toppnum á Spáni.

4. sinn á topp tíu

Sara Björk Gunnarsdóttir
25 ára knattspyrnukona hjá Rosengård
Svíþjóðarmeistari með Rosengård þar sem hún er fastamaður. Liðið er komið í 8-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu en Sara Björk er einnig lykilmaður með íslenska landsliðinu.

RÁNDÝR FYRRUM FH-INGUR

Alexander Söderlund, norski framherjinn sem varð Íslandsmeistari með FH árið 2009, heldur áfram að klifra upp stigann í fótboltaheiminum en hann varð í ár norskur meistari með Rosenborg. Þá er hann orðinn fastamaður í norska landsliðinu. Franskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að Rosenborg væri búið að samþykkja kauptilboð franska 1. deildar liðsins Saint-Étienne í norska framherjann en kauptilboðið hljóðar upp á eina og hálfa milljón evra eða um 213 milljónir íslenskra króna. Söderlund verður fyrsti leikmaðurinn sem franska liðið kaupir í janúar en hann heillaði menn þar á bæ þegar liðin mættust í riðlakeppni Evrópudeildarinnar í ár. Söderlund skoraði þrjú mörk fyrir FH þegar hann spilaði hér 2009.

Til hamingju @olafiakri með árangurinn - keppir á mótaröð þeirra bestu í atvinnugolfinu

Golfsamband Íslands
@Golfsamband

KOLBEINN OF ÞUNGUR

Kolbeinn Sigþórsson, landsliðsframherji í fótbolta, fékk að heyra það frá þjálfara sínum hjá Nantes í Frakklandi, Michel Der Zakarian, í blaðaviðtali sem þjálfarinn fór í á dögunum. Der Zakarian er afar ósáttur við standið á Kolbeini og er heldur ekki ánægður með framlag framherjans á tímabilinu. Hann sagði að meiri kröfur væru gerðar til hans en Kolbeinn hefði sýnt þar til nú. „Kolbeinn hefur verið hér í sex mánuði og ekki náð mörgum heilum æfingavikum," sagði Der Zakarian í viðtalinu. „Það er ekki hægt að ná árangri þegar maður æfir ekki almennilega."

Der Zakarian segir að liðið hafi breytt um leikkerfi fyrir Kolbein og hans leikstíl. „En hann þarf að hreyfa sig meira í kerfinu okkar. Ef hann myndi tapa 4-5 kílóum myndi hann hreyfa sig betur," sagði hann og bætti við: „Hann þarf að tileinka sér betri lífsstíl. Hann er of þungur. Í dag er árangur hans ekki góður. Miðað við fjárfestingu félagsins gerum við mun meiri væntingar til hans."

Íhaldspungur drullar yfir Björk og þjóðin eipar, en armensk/sovéskur fantur kallar Kolla feitan og latan og enginn segir orð!

Stefán Hrafn Hagalín
@StefanHagalin

ÍRIS OG GUÐJÓN BEST

Íris Björk Símonardóttir, markvörður Íslands- og bikarmeistara Gróttu, og Guðjón Valur Sigurðsson, landsliðsfyrirliði Íslands, eru handboltafólk ársins 2015 að mati HSÍ. Íris stóð vaktina í marki Gróttuliðsins sem vann alla titla sem í boði voru á síðustu leiktíð. Guðjón Valur Sigurðsson varð Evrópumeistari í fyrsta sinn þegar hann fagnaði sigri í Köln með liði sínu Barcelona en Guðjón spilaði frábærlega á úrslitahelginni. Barcelona vann alla titla sem í boði voru nema einn á árinu en liðið er ósigrandi á Spáni og búið að setja met yfir fjölda sigra í röð.

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

Opið til kl. 22:00

í öllum verslunum Krónunnar

Jóladagatal

*GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

50% afsláttur og **Jólapappír og merkispjöld**

* Gildir 23. desember 2015

699 kr. pk.
Bandarískt T&A Sweet Gem salat

649 kr. askjan
Jarðarber í öskju, 250 g

Ferskar strengjabaunir, mikið magn

899 kr. pk.
PG Haricot baunir, frá Guatemala, 450 g

Ferskt með flugi alla daga til jóla

599 kr. pk.
Bandarískt rósakál, 280 g

599 kr. pk.
Portúgölsk Driscoll's hindber í boxi, 125 g

549 kr. pk.
Hollenskir Portobello sveppir, 200 g

3899 kr. kg
Bandarísk kirsuber

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir spilar önnur íslenskra kvenna á Evrópumótaröðinni í golfi á næsta ári og ferðast um heiminn. Valdís Þóra Jónsdóttir bætti sig einnig mikið á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Mikil hvatning fyrir Ólafíu Þórunni

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir varð í gær önnur íslenska konan til að tryggja sér keppnisrétt á Evrópumótaröðinni í golfi. Keppir um allan heim á næsta ári en þarf sjálf að borga brúsann. Sýndi á sínu fyrsta ári í atvinnumennsku að hún á heima með þeim bestu.

GOLF Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, kylfingur úr GR, varð í gær önnur íslenska konan á eftir Önnu Maríu Jónsdóttur til að tryggja sér þátttökurétt á Evrópumótaröð kvenna í golfi. Ólafía spilaði lokahringinn á lokaúrtökumótinu í Marokkó á fjórum höggum undir pari og varð í 25.-27. sæti en 30 efstu kylfingarnir komust áfram.

„Þetta er gríðarlega stór áfangi fyrir Ólafíu og íslenskt golf. Það er frábært að koma kylfingi á efsta stig atvinnumennskunnar," segir Úlfar Jónsson, landsliðsþjálfari Íslands í golfi, við Fréttablaðið.

Árangur Ólafíu á árinu er magnaður en hún spilaði vel í næstefstu deild Evrópugolfsins og kláraði svo sitt fyrsta ár sem atvinnumaður með því að komast inn á Evrópumótaröðina sem er hæsta stigið í Evrópu.

„Árangurinn í 2. deildinni sýndi að hún á fullt erindi í efstu deildina. Það voru þó nokkuð mörg mót í ár þar sem hún var á meðal tíu og fimmtán efstu. Það er góður mælikvarði á að þú hefur það sem þarf til að spila í efstu deildinni," segir Úlfar en Skagakonan Valdís Þóra Jónsdóttir var einnig á lokaúrtökumótinu.

Erfitt að komast inn

„Hún stóð sig líka frábærlega í 2. deildinni í ár og bætti sig mikið á milli ára. Henni fataðist flugið aðeins á fjórða degi úrtökumótsins en hún hefur líka sýnt að hún á fullt erindi þarna inn. Það er frábært að vera komin með eina þarna inn og aðra sem bankar á dyrnar."

Nokkur hundruð kylfingar hefja leik á úrtökumótunum og er baráttan um sætin 30 virkilega hörð. Ólafía spilaði hreint frábært golf á lokadeginum og sýndi mikil gæði. Til að gulltryggja sæti sitt fékk hún fugl á lokaholunni.

„Þetta er gríðarleg hvatning fyrir Ólafíu fyrst og fremst. Hún sýndi að hún getur þetta. Það er svo mikil pressa og sía að reyna að komast þarna í gegn. Það er magnað að halda þetta út því það krefst mikils úthalds bæði andlega og líkamlega. Það var gaman að sjá að hún var með fulla stjórn á hlutunum," segir Úlfar.

Kostnaðurinn mikill

Ólafía mun keppa út um allan heim á næsta ári en það mun kosta sitt. Þó hún sé komin inn á Evrópumótaröðina þarf hún sjálf að standa straum af kostnaði við þátttöku á mótum.

„Því miður er þetta ekki eins og í fótboltanum þar sem þú ert bara á samningi. Það er heldur ekkert í hendi með verðlaunafé. Það þarf að ná árangri til að afla tekna á mótaröðinni," segir Úlfar.

Tekjurnar fyrir efstu konur á mótunum eru fínar en á Evrópumótaröð kvenna er barist um töluvert lægri fjárhæðir en hjá körlunum. Fyrsta mótið verður á Nýja-Sjálandi um miðjan febrúar þar sem kylfingarnir skipta á milli sín 200.000 evrum. Fyrsta mótið í Evrópumótaröð karla fór fram í nóvember og þar var heildarverðlaunafé ein og hálf milljón evra.

„Ólafía hefur fengið góðan styrk frá Forskoti, afrekssjóði kylfinga, sem gerir henni kleift að standa í þessu. Svo fær hún góðan stuðning frá golfsambandinu, sínum heimaklúbbi og fjölskyldunni. Það þurfa margir að hjálpast að," segir Úlfar Jónsson. **tomas@frettabladid.is**

Á ferð og flugi

Ólafía Þórunn verður á ferð og flugi um heiminn á næsta ári en Evrópumótaröðin er langt frá bara spilað í Evrópu. „Hún heitir þetta bara að nafninu til," segir Úlfar Jónsson.

Fyrsta mótið fer fram á Nýja-Sjálandi í byrjun febrúar og næstu tvö í Ástraíu. Þaðan fer mótaröðin til Kína, Marokkó, aftur til Kína og fyrsta mótið í alvöru Evrópu fer svo fram í Tyrklandi. Eftir það verður spilað til dæmis í Skotlandi, á Englandi, Brasilíu, Svíþjóð, Frakklandi og Indlandi.

„Nú þarf bara að fara að skoða hvaða mót Ólafía hefur keppnisrétt á og hvað þarf til að komast inn á stærri mót eins og risamótin. Þetta verður allavega mjög spennandi ár hjá Ólafíu.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 23. desember 2015

50. tölublað | 9. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Jólaverslunin eykst á milli ára »4

»2
Þúsundir flykkjast á sólarströnd
Fleiri Íslendingar hyggjast verja jólunum erlendis en síðustu ár.

»5
Áhættuþættir í vinnuumhverfinu
Rakel Davíðsdóttir skrifar um starfsmannamál.

»6
Bókajól Íslendinga
Pétur Már Ólafsson skrifar um jólabókaflóðið.

»6
Ávísun í jólagjöf
Lars Christensen skrifar um hagfræði jólagjafa.

»8
Fjármál RÚV
Stjórnarmaðurinn kallar eftir framtíðarstefnu í fjármálum RÚV.

SKJÓÐAN

Umboðssvik í RÚV?

RÍKISSTJÓRNARMEIRIHLUTINN á Alþingi ákvað nú fyrir jólin að láta lækkun útvarpsgjalds standa. Skiljanlega voru stjórnendur RÚV ósáttir við þessa ákvörðun og gerðu hvað þeir gátu til að afstýra henni. Greinilega nutu þeir nokkurs stuðnings úti í samfélaginu.

ÖLLUM ÞYKIR okkur dálítið vænt um RÚV, sem nú í vikunni fagnaði 85 ára afmæli, en fyrsta útsending Ríkisútvarpsins var einmitt 21. desember 1930. Þeim fer fækkandi sem muna tilveruna án RÚV.

ÞEIR SEM KOMNIR eru á miðjan aldur og yfir muna þá tíma er enginn íslenskur ljósvakamiðill starfaði á Íslandi nema RÚV. Kaninn heyrðist á suðvesturhorninu og lengi vel var hægt að horfa á Kanasjónvarpið. Svo var lokað fyrir Kanann og ekki leið á löngu þar til einkaaðilar fengu að reka hljóðvarp og sjónvarp.

ÞÓ AÐ NÚ séu liðnir meira en þrír áratugir frá því að einkaaðilar fengu leyfi til að reka ljósvakamiðla hefur enn ekki verið komið skikki á samkeppnismál á ljósvakamarkaði. RÚV hefur mikið samkeppnisforskot á einkarekna miðla þar sem það fær sérstakt gjald frá öllum skattgreiðendum auk þess sem það fær að keppa á auglýsingamarkaði.

STJÓRNENDUR OG UNNENDUR RÚV kvarta undan því að Alþingi hafi skert útvarpsgjaldið og hafa nokkuð til síns máls. Vitanlega er eitthvað bogið við að vera með sérstakt gjald sem merkt er RÚV en láta það ekki allt renna til RÚV.

STJÓRNENDUR RÚV geta hins vegar ekki vikið sér undan ábyrgð sinni. Skattgreiðendur eiga kröfu á að stjórnendur RÚV gæti þess að halda rekstri í jafnvægi og stilla útgjöld af á móti tekjum.

TVEIMUR SÓLARHRINGUM áður en fjárlög voru samþykkt mættu stjórnendur RÚV á fund til fjárlaganefndar og greindu frá því aðspurðir að engar niðurskurðaraðgerðir væru á borðinu þrátt fyrir að lengi hefði legið fyrir að boðuð lækkun útvarpsgjald kynni að hafa 500 milljóna tekjusamdrátt í för með sér.

HLUTHAFAR Í ALMENNINGSHLUTAFÉLAGI væru snöggir að kalla eftir hluthafafundi til að skipta um stjórn og stjórnendur ef þeir kæmust að því að það ætti að keyra félagið í stórfelldan taprekstur og kalla svo eftir auknu hlutafé frá hluthöfum til að dekka tapið.

ÞETTA ER ÞAÐ sem stjórnendur RÚV gera. Þeir skera ekki niður kostnað þó að stórfelldur tekjusamdráttur sé fyrirsjáanlegur. Reikningurinn fyrir tapinu verður einfaldlega sendur til hluthafanna, sem eru íslenskir skattgreiðendur. Í ljósi refsidóma, sem fallið hafa í hrunmálum að undanförnu, mætti færa rök fyrir því að stjórnendur RÚV gerist sekir um umboðssvik með því að reyna ekki að laga útgjöld að tekjum.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **GVA**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

Langvinsælast er að fljúga suður og skella sér á ströndina yfir jólin, Tenerife er einn vinsælasti áfangastaðurinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þúsundir skipta út jólatrjám fyrir strandlíf

Fleiri Íslendingar verja jólunum erlendis í ár en síðustu ár. Vinsælast er að fara til sólarlanda, en sumir fara á skíði. Mikil ásókn var í aðventuferðir í desember.

Þúsundir Íslendinga hafa ákveðið að verja jólunum utanlands og hefur þeim fjölgað milli ára í takt við almenna fjölgun í ferðum Íslendinga erlendis. Vinsælast er að fara á sólarströndina á Kanaríeyjum eða Tenerife, en einnig eru einhverjir á skíðum yfir hátíðirnar.

Með fjórum vinsælum ferðaskrifstofum fara 2.500 Íslendingar erlendis um jólin, aukning er milli ára hjá þeim öllum. Átta hundruð manns fara með Heimsferðum til Tenerife og Gran Canaria, að sögn Tómasar J. Gestssonar, framkvæmdastjóra Heimsferða. Fimm hundruð manns fara til Tenerife og Kanaríeyja og fimmtíu manns renna sér á skíðum hjá Vita ferðum. að sögn Guðrúnar Sigurgeirsdóttur framleiðslustjóra. Þúsund manns fara með Úrval Útsýn til Tenerife og Kanaríeyja sem er um 10 prósenta aukning milli ára að sögn Klöru Írisar Vigfúsdóttur forstöðumanns. Loks liggja hundrað og fimmtíu manns á ströndinni á Tenerife með Gaman ferðum að sögn Ingibjargar Elsu Eysteinsdóttur, forstöðumanns í sólarlandaferðum hjá Gaman ferðum.

Bæði WOW air og Icelandair buðu upp á aðventuferðir í desember og hefur ásókn í þær verið gífurleg. Icelandair var með sérstakar aðventuferðir fyrir eldri borgara en síðan almennt flug á aðventunni. Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir erfitt að meta fjöldann en að óhætt sé að segja að þau greini 10-15 prósenta vöxt í aðventuferðum milli ára.

Ferðagleði Íslendinga hefur sjaldan verið jafn mikil og á þessu ári. Isavia spáir því að 450 þúsund íslenskir ferðamenn muni fara um Keflavíkurflugvöll á árinu 2015, sem er 12,6 prósenta aukning milli ára. Spáð er að heildarfjöldi íslenskra brottfararfarþega verði um 495 þúsund á árinu 2016. Ef sú spá rætist verður ferðamet Íslendinga frá árinu 2007 slegið á næsta ári.

saeunn@frettabladid.is

Lækkun framlags til VIRK

Alþingi samþykkti nýverið ákvæði til bráðabirgða í lögum 113/1990 um tryggingagjald og ákvæði til bráðabirgða í lögum 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

Bráðabirgðaákvæðin kveða á um að iðgjöld atvinnurekenda og þeirra sem stunda sjálfstæða starfsemi og lífeyrissjóða til starfsendurhæfingarsjóðs skuli vera 0,10% af stofni til iðgjalds vegna áranna 2016 og 2017 í stað 0,13% áður.

Ákvæðin öðlast gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 2016.

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Vikan sem leið

24% færri gjaldþrot
Gjaldþrot einkahlutafélaga síðustu 12 mánuði, frá desember 2014 til nóvember 2015, hafa dregist saman um 24 prósent í samanburði við árið á undan. Nýskráningum fjölgaði um 11 prósent á sama tíma samkvæmt tölum Hagstofunnar.

3,5% atvinnuleysi
mældist í nóvember samkvæmt tölum Hagstofunnar. Atvinnuleysi jókst um 0,4 prósent samanborið við nóvember 2014. Að jafnaði voru 194.900 manns á aldrinum 16 til 74 ára á vinnumarkaði.

2% hagvöxtur í Bandaríkjunum
Hagvöxtur mældist tvö prósent á þriðja ársfjórðungi í Bandaríkjunum samkvæmt tölum frá Bureau of Economic Analysis. Hagvöxtur dróst saman samanborið við annan ársfjórðung þegar hann nam 3,9 prósentum. Árlegur hagvöxtur mældist 3,3 prósent.

2% hækkun persónuafsláttar
Tekjumiðunarmörk hækka um 8,7 prósent og tryggingagjald lækkar um 0,14 prósentustig á næsta ári. Persónuafsláttur verður 623.042 krónur fyrir árið 2016, eða 51.920 krónur á mánuði. Skattleysismörk tekjuskatts og útsvars hækka um 2,5 prósent.

Á döfinni

Miðvikudagur 23. desember
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Viðskipti með atvinnuhúsnæði í nóvember.
HAGSTOFA ÍSLANDS - Útungun alifugla í nóvember 2015.

Miðvikudagur 30. desember
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Fjöldi útgefinna vegabréfa.

Mánudagur 4. janúar
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Íslyklar og innskráningarþjónusta Ísland.is

Miðvikudagur 8. janúar
HAGSTOFA ÍSLANDS - Trúfélagsbreytingar.

visir Allar markaðsupplýsingar

BMW EFFICIENTDYNAMICS.
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.
BMW X1
www.bmw.is
Sheer
Driving Pleasure
BMW X1
NÝR OG SPENNANDI
BMW X1.
VERÐ FRÁ 5.790.000 KR.
BMW X1 sDrive18d
Sjálfskiptur, framhjóladrifinn, 2,0l dísil, 150 hestöfl
Eldsneytisnotkun frá 4,3 l/100 km*
Verð frá 5.790.000 kr.
BMW X1 xDrive18d
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, 2,0l dísil, 150 hestöfl
Eldsneytisnotkun frá 4,8 l/100 km*
Verð frá 6.490.000 kr.
Staðalbúnaður er meðal annars sjálfskipting, 17" álfelgur, LED dagljós, lykillaus ræsing, loftkæling, aðgerðahnappar
í stýri, handfrjáls Bluetooth símabúnaður og tónlistarstreymi, Eco - Comfort og Sport akstursstillingar,
veghæð 18,2 cm, upphituð sæti og speglar, nálgunarvari aftan, 6,5" litaskjár í mælaborði og iDrive stjórntölva.
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM71836
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
BL

Jólaverslun blómlegri í ár en í fyrra

Spáð er sjö prósenta vexti í verslun fyrir jólin á þessu ári og hefur jólaverslun verið blómlegri í ár en í fyrra, að sögn framkvæmdastjóra Samtaka verslunar og þjónustu. Kaupmenn í miðbænum segjast finna fyrir aukningu. Netverslun er orðin algengari.

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is

Rannsóknasetur verslunarinnar spáir sjö prósenta vexti að nafnverði í verslun yfir jólamánuðina á þessu ári. Jólaverslun hefur verið blómlegri í ár en í fyrra, að sögn Andrésar Magnússonar, framkvæmdastjóra Samtaka verslunar og þjónustu. Hann segir neytendur eyða meiru en undanfarin ár og að ljóst sé að svartur föstudagur hafði töluverð áhrif á verslunina.

Því er spáð að hver Íslendingur muni verja að jafnaði um 45 þúsund krónum til jólainnkaupa í ár. Kaupmenn í miðbænum sem markaðurinn ræddi við segjast hafa upplifað aukna jólasölu, samanborið við síðustu ár.

Þeir segjast ekki upplifa það að að fólk sé að kaupa dýrari vörur. Vert er þó að nefna að aukning hefur orðið í sölu hjá dýrari verslunum.

Jólaverslun er hátt hlutfall af heildarárstekjum verslana. Talið er að milli 15 til 20 prósent meiri sala sé í nóvember og desember, en yfir aðra mánuði.

Neytendahegðun hefur þó verið að breytast og verslun færst í meiri mæli á netið samkvæmt rannsóknum rannsóknarsetursins.

7% vexti er spáð í jólaverslun 2015

4 sinnum meiri velta var hjá netverslunum í fyrra miðað við fyrir fimm árum

Aukning í sölu hjá dýrari verslunum

Rannsóknasetur verslunarinnar spáir sjö prósenta vexti að nafnverði í verslun fyrir jólin miða við síðustu jól og að að meðaltali eyði Íslendingar 45 þúsund krónum á mann í jólagjafir. Kaupmenn sem Markaðurinn ræddi við hafa allir fundið fyrir aukningu í verslun. Þeir segjast ekki hafa fundið fyrir því að fólk sé að kaupa dýrari gjafir. Hins vegar hefur orðið aukning hjá verslunum sem selja dýrari vörur.

Guðbjörg Ingvarsdóttir, eigandi Aurum, segir að engin spurning sé um það að það hafi orðið aukning hjá þeim í ár. „Ég myndi segja að fólk væri að kaupa álíka dýrar vörur í ár og áður, af því að við erum með svipað verðbil og síðustu ár. En síðustu dagarnir eru eftir og þessar dýrustu vörur fara oft síðustu dagana.“ Undir þetta tekur Lovísa Guðmundsdóttir, rekstrarstjóri Geysis. „Mér finnst fólk vera að kaupa svipað dýrar vörur og í fyrra, en það er töluverð aukning. Helstu sölupunktarnir okkar eru þeir sömu og í fyrra, en svo hefur orðið aukning í Barbour-vörum.“

Anna Lea Friðriksdóttir, verslunarstjóri Máls og menningar, segir að salan fari rosalega vel af stað og sé aðeins meiri en í fyrra. „Við sjáum söluminnkun hjá okkur á þeim fimmtán titlum sem fást einnig í matvöruverslunum, en það er aukning í öllu öðru.“ Hún segist ekki finna fyrir aukinni sölu á dýrum bókum.

Margir hafa lagt leið sína í miðbæinn til að kaupa jólagjafir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Salan fór af stað aðeins fyrr heldur en á síðasta ári bæði hjá 66° Norður og Hrími og er góður gangur hjá báðum verslunum.

Aukning hefur orðið hjá dýrari verslunum, má þar nefna Feld verkstæði. „Jólasalan hefur gengið alveg glimrandi vel og við finnum fyrir aukningu milli ára. Það er aukning hjá okkur á milli ára af því að við opnuðum nýja verslun við Snorrabraut og svo hefur orðið heilmikil aukning í sölu til annarra verslana,“ segir Kristín Birgisdóttir, annar eigandi Felds. „Aukin sala tengist líka kannski ferðamennsku. Það er mikið af útlendingum sem eru að kaupa okkar vöru.“

Um 15 til 20 prósent meiri sala vegna jólanna

Samkvæmt útreikningum Rannsóknasetur verslunarinnar er velta smásöluverslana að öllu jöfnu um 15 til 20 prósent meiri að raunvirði í nóvember og desember. Viðbótin er breytileg milli ára og eftir tegund verslana.

Merki eru um að margir kaupi skartgripi eða úr í jólagjöf, velta skartgripa- og úraverslana er almennt tvöfalt meiri þessa tvo mánuði en meðaltal annarra mánaða ársins. Fataverslun er að jafnaði um þriðjungi meiri yfir mánuðina tvo. Meiri breytileiki er í jólaverslun með húsbúnað og raftæki milli ára en algengt er að verslun í þessum flokkum sé um 30 til 50 prósentum meiri.

30%
meiri sala er á fötum yfir jólamánuðina

50 til 80 prósent meiri netverslun í desember

Jólaverslun hefur verið að færast í meiri mæli á netið samkvæmt rannsóknum Rannsóknasetur verslunar. Netverslun hefur aukist um 50 til 80 prósent milli ára ef marka má úttekt rannsóknasetursins aðra vikuna í desember. Fólk virðist kaupa fleiri og dýrari vörur í hverri pöntun.

Fjórum sinnum meiri velta var meðal verslana sem skráðar eru í atvinnugreinaflokk netverslana hjá Hagstofunni fyrir síðustu jól en fimm árum áður. Íslendingar virðast versla meira við innlendar netverslanir heldur en erlendar, og fer hlutdeild þeirra vaxandi.

» Íslendingar virðast vera að versla meira við innlendar netverslanir heldur en erlendar, og fer hlutdeild þeirra vaxandi.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

Jólin byrja í bænum

Mikið verður um að vera í borginni í kvöld. Nýja skautasvellið á Ingólfstorgi hefur mikið aðdráttarafl og verður það opið til ellefu. Þá verður jólamarkaður í Fógetagarðinum svo eitthvað sé nefnt.

SÍÐA 2

White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél *12 kg* Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

EITTHVAÐ FYRIR ALLA „Við leggjum mikið upp úr góðu vöruúrvali frá öllum heimshornum," segir Íris Sigurðardóttir verslunarstjóri.
MYNDIR/ERNIR

FALLEG GJAFAVÖRUVERSLUN

MYCONCEPTSTORE KYNNIR *Fjölbreytt vöruúrval í bland við einstakar vörur.*

Verslunin MyConceptStore var stofnuð árið 2010 og var í fyrstu eingöngu rekin sem netverslun. Í dag er einnig rekin glæsileg verslun við Laugaveg 45 í Reykjavík. MyConceptStore hefur alla tíð lagt mikla áherslu á mjög fjölbreytt vöruúrval í bland við einstakar vörur sem fást hvergi annars staðar hér á landi, að sögn Írisar Sigurðardóttur verslunarstjóra.

„Við leggjum mikið upp úr góðu vöruúrvali frá öllum heimshornum. Verslunin býður t.d. upp á gott úrval skartgripa og armbandsúra, ilmvatna, ýmissa skemmtilegra og fallegra gjafavara auk þess sem við bjóðum upp á fallegan fatnað, þar á meðal eigin vörulínu. Auk þess hefur verslunin alltaf boðið upp á skemmtilegar og sérstakar vörur sem fást ekki í öðrum verslunum. Þar má nefna vörur á borð við uppstoppuð fiðrildi, Crosley-plötuspilara og Marshall-hátalara svo dæmi séu tekin. Við seljum í raun nánast allt þannig séð, bara hvað okkur þykir flott hverju sinni."

Úrvalið af skartgripum er sérstaklega gott að sögn Írisar en verslunin selur inn-flutta skartgripi og íslenska hönnun auk þess að selja eigin vörulínu. „Við seljum skartgripalínur frá Frakklandi og Bandaríkjunum sem hafa vakið mikla lukku með kvenþjóðarinnar. Einnig bjóðum við upp á skartgripalínu frá Orra Finn en hún er ætluð báðum kynjum. Svo má ekki gleyma okkar eigin skartgripum en sú lína heitir My. Um er að ræða hringa, hálsmen, eyrnalokka og armbönd úr bæði gegnheilu gulli og silfri sem inniheldur svarta demanta. Skartgripirnir sem fást hér koma í mörgum verðflokkum og því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi, hvort sem það er í jólapakkann eða bara til eigin nota."

Facebook-síða MyConceptStore er mjög virk og hefur tæplega 18.000 fylgjendur. „Við leggjum mikla áherslu á að uppfæra hana reglulega með upplýsingum og myndum af nýjum vörum enda fáum við góð viðbrögð frá viðskiptavinum okkar."

Nánari upplýsingar má finna á www.myconceptstore.is og á Facebook undir Myconceptstore.is.



EIGIN HÖNNUN
Verslunin selur eigin skartgripalínu undir heitinu My.

REYKT BLEIKJUPATÉ & SJÁVARRÉTTAPATÉ

Árstíðabundnar vörur sem hafa slegið í gegn

Tilvalið í veisluna eða á hlaðborðið.
Fást í öllum helstu matvöruverslunum og í fiskborði stórmarkaðanna.

GRÍMUR KOKKUR

ora
Ástríða í matargerð

Rússneskt síldarsalat til að njóta...
fæst í helstu verslunum

www.ora.is

METSÖLULISTI
Bókabúðar Máls og menningar

1. **Gleðilegt uppeldi**
Margrét Pála Ólafsdóttir

2. **Árið með heimspekingum Dagbók 2016**
Ýmsar

3. **Eitthvað á stærð við alheiminn**
Jón Kalman Stefánsson

4. **Þrettán dagar til jóla**
Brian Pilkington

5. **Stóri skjálfti**
Auður Jónsdóttir

6. **Jólin koma**
Jóhannes úr Kötlum

7. **Þín eigin goðsaga**
Ævar Þór Benediktsson

8. **Geirmundar saga heljarskinns**
Bergsveinn Birgisson

9. **Hundadagar**
Einar Már Guðmundsson

10. **Spámennirnir í Botnleysufirði**
Kim Leine

10. - 17. des 2015

BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

JÓLALEG Áshildur Bragadóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, er ein af þeim sem fara alltaf í bæinn með fjölskyldunni á Þorláksmessu. **MYNDIR/STEFÁN**

JÓLIN BYRJA Í MIÐBÆNUM

ÞORLÁKSMESSA *Götur miðbæjarins verða sneisafullar af fólki í allan dag og langt fram á kvöld. Búist er við fjölda gesta í jólaskapi niður í miðbæinn.*

Áshildi Bragadóttur, forstöðumanni Höfuðborgarstofu, finnst eins og mörgum ómissandi hefð að fara í bæinn með fjölskyldunni á Þorláksmessu. Að ganga um miðborgina, hitta vini og ættingja, kasta á þá jólakveðju, og taka inn jólaandann. „Það má eiginlega segja að jólin byrji í bænum á Þorláksmessu. Ég vona að við eigum eftir að sjá sem flesta borgarbúa fjölmenna í bæinn í dag og í kvöld og njóta alls þess sem miðborgin hefur upp á að bjóða.“

SKAUTASVELL, JÓLAMARKAÐUR OG FLEIRA

Að sögn Áshildar verður mikið um að vera í borginni í dag og í kvöld. Fyrst ber að nefna að skautasvellið á Ingólfstorgi verður opið frá klukkan tólf til ellefu í kvöld. „Svellið hefur haft mikið aðdráttarafl og hefur verið sneisafullt síðan það var opnað og mikið líf í kringum það. Svellið gefur torginu mikinn svip og hefur verið vandað vel til verka þar. Jólamarkaður er inni á torginu þar sem verið er að selja möndlur, drykki og fleira þannig að stemningin er afskaplega góð,“ nefnir Áshildur og heldur áfram. „Jólamarkaður í stóru tjaldi í Fógetagarðinum sem var opnaður á mánudag verður opinn frá tvö til ellefu. Þar verða um tuttugu aðilar með íslenskt handverk og fallega jólavöru til sölu og ýmsir skemmtilegir tónleikar og viðburðir í gangi. Þá fer Friðargangan, sem hefur verið fastur liður á Þorláksmessu frá 1981, af stað frá Hlemmi niður á Austurvöll klukkan sex.

Til að gera gangandi og hjólandi vegfarendum auðveldara um vik verður Laugavegurinn lokaður frá klukkan þrjú í dag og Skólavörðustígur að hluta. Þá verða Jólavættirnar áfram uppi en þær hafa verið á ferðinni síðan tólfta desember. Leppalúða og Leiðindaskjóðu, Stekkjastaur, Jólakettinum og fleiri furðuverum hefur verið varpað upp á húsveggi á víð og dreif í miðborginni. Það er gaman að fara um og leita þá uppi en þeir eru flestir á breytilegum stöðum.“

STUÐ Á SKAUTUM Skautasvellið á Ingólfstorgi verður opið til klukkan ellefu í kvöld. Áshildur segir svellið hafa verið sneisafullt frá því það var opnað.

DÍVURNAR ÞRJÁR SYNGJA INN JÓLIN

Í nokkur ár hafa tenórarnir þrír komið fram á Þorláksmessu. Lengi vel voru þeir á svölunum á Sólon en þeir hafa verið á sviði á Ingólfstorgi síðustu ár. Þar sem það er undirlagt af svelli núna verður breytt út af venjunni. „Í tilefni af hundrað ára afmæli kosningaréttar kvenna koma fram þrjár stórsöngkonur, þær Þóra Einarsdóttir, Dísella Lárusdóttir og Sigríður Ósk Kristjánsdóttir sem munu syngja inn jólin á svölunum fyrir ofan Caruso í Austurstræti og hefst söngurinn klukkan níu. Auk alls þessa verða jólasveinar, kórar og hinir ýmsu sönghópar á ferðinni og koma fram hér og þar um bæinn til að gleðja gesti og gangandi. Veðurguðirnir virðast ætla að verða okkur hliðhollir þannig að það verður gaman í bænum á Þorláksmessu í ár,“ segir Áshildur og brosir.

JÓLA- OG HÁTÍÐARBORG

Áshildur segist finna fyrir auknum áhuga ferðamanna á Reykjavík yfir vetrarmánuðina og sérstaklega í desember. „Reykjavík er að stimpla sig inn sem jóla- og hátíðarborg og er það mjög ánægjulegt. Borgin er búin að vera smekkfull af gestum og er margt sem hefur áhrif í þessum efnum. Fyrir það fyrsta hefur meira verið lagt upp úr skreytingum í borginni undanfarin ár og hún sett í fallegan jólabúning. Reykjavík var valin jólaborg ársins af CNN árið 2011 og ýtti það við fólki að leggja meira í skreytingarnar. Það eru margir sem vilja eyða jólum og áramótum í Reykjavík og með fleira fólki lifnar bærinn við og það dregur enn fleira fólk að. Svo hafa samtök eins og Miðborgin okkar unnið vel með borginni í því að skapa skemmtilegt og lifandi umhverfi með því að vera með fjölbreytta viðburði í gangi í desembermánuði.“

LIFNAR YFIR BORGINNI

Að sögn Áshildar er meira um að vera í borginni en bara í miðbænum. „Ég get nefnt sem dæmi Laugardalinn sem hefur verið kallaður Jóladalurinn að undanförnu. Þar vinna saman Húsdýra- og fjölskyldugarðurinn, Grasagarðurinn, Skautasvellið, Ásmundarsafn, Laugardalslaugin og Flóra og er boðið upp á skemmtilega dagskrá þar og búið að skreyta dalinn fallega. Miðborgin er svo farin að teygja anga sína víðar. Það hefur verið mikil uppbygging efst á Laugaveginum sem teygir sig inn á Hlemm og jafnvel inn í Holtin. Hverfisgatan er öll að lifna við og Grandinn er orðinn stór og þar hefur verið líf allan desembermánuð,“ segir Áshildur. ■ liljab@365.si

MYCONCEPTSTORE

FALLEGAR JÓLAGJAFIR

Plötuspilari
Verð frá 34.900,-

Rains regnfatnaður
Verð frá 15.500,-

Hnettir
Verð frá 5.900,-

Tré úr
Verð frá 19.900,-

Fallegar töskur frá
Forbes & Lewis

Marshall hátalarar
Verð frá 39.900,-

Tölvutaska
Verð frá 19.900,-

Marshall
headphone
19.900

Loðkragar frá
14.900,-

Úr frá Briston
Verð frá 33.900,-

Skartgripir í miklu úrvali

Rains Töskur
Verð frá 12.900,-

Glerbox frá
Verð frá 4.900,-

MYCONCEPTSTORE

Verslun: Laugavegur 45 / Sími: 519 66 99 / Vefverslun: www.myconceptstore.is

MARMARABORÐ kr. 36.100

TURTLE kr. 239.000

CALVIN HORNTUNGUSÓFI 260X200 cm kr. 247.600

NÝ PÚÐASENDING
FRÁBÆRT ÚRVAL

HYPE STÓLL kr. 35.990

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

SKÖTUVEISLA „Þarna eru faðir minn, eiginmaður og svo bróðir, að færa skötuna upp á disk.“ Ásgerður býður stórfjölskyldunni heim á Þorláksmessu í skötuveislu. MYND/ÚR EINKASAFNI

AMEN Á INNSOGINU

SKÖTUVEISLA *Ásgerður Þorleifsdóttir fær stórfjölskylduna í mat á Þorláksmessu og er rammkæst skata á borðum. Jólin koma á Vestfjörðum þegar skatan fer í pottinn.*

Þetta er rótgróin hefð hér á Vestfjörðum. Ég held að allflestar fjölskyldur hér á Ísafirði borði skötu á Þorláksmessu, ýmist elda hana heima eða mæta í skötuveislur hjá björgunarsveitinni eða á Hótel Ísafjörð, þar sem ég vinn. Það segja margir hér fyrir vestan að jólin byrji þegar skatan er komin í pottinn, miklu frekar en þegar klukkurnar hringja klukkan sex á aðfangadag,“ segir Ásgerður Þorleifsdóttir á Ísafirði en hún heldur yfir fjörutíu manna skötuveislu heima hjá sér á Þorláksmessu.

„Stórfjölskyldan mætir heim til mín. Bróðir minn sér um skötuna, pabbi um saltfiskinn og mamma rúgbrauðið. Við erum með tvær tegundir af skötu, saltaða og kæsta. Ég legg til húsnæðið og allt er eldað heima hjá mér. Eldhúsið er opið inn í stofu og ekkert hægt að loka neinum hurðum,“ segir hún sposk en lætur „ilminn“ sem jafnan fylgir kæstri skötu ekki trufla sig.

„Ef manni reynist erfitt að segja „amen“ á innsoginu er skatan eins og hún á að vera. En skötulyktin er bara hluti af jólunum hjá mér. Hún er mest þegar verið er að sjóða skötuna en dofnar svo bara og hverfur þegar við sjóðum hangikjötið. Ég kveiki líka á ilmkertum. Það eru einstaka harðjaxlar veit ég á Suðureyri sem borða skötu einu sinni til tvisvar í mánuði allt árið, þykjast þá vera að smakka hana til. Mér finnst hún mjög góð en mig langar þó ekkert í hana oftar.“

Kunna yngstu fjölskyldumeðlimirnir að meta skötuna?

„Því miður, þau gerðu það þegar þau voru lítil en nú finnst þeim þetta ekki gott. Unglingurinn á heimilinu lokar herberginu sínu og setur teppi við hurðina svo engin lyktin sleppi inn. En ég hef fulla trú á að þetta komi með tímanum,“ segir Ásgerður.

Hvað gerið þið við afgangana?

„Við pössum alltaf upp á að sjóða meira en nóg svo það verði öruggglega afgangur. Afgangsskatan er svo stöppuð saman og mörflotinu hellt út á og látið storkna. Svo er verið að narta í þetta eins og kex yfir hátíðarnar.“ ■ heida@365.is

SKATA Á ÞORLÁKSMESSU Ásgerði Þorleifsdóttur á Ísafirði þykir skata herramannsmatur, en bara einu sinni á ári.

Skemmtipakkinn
FRÁBÆR DAGSKRÁ
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Tryggðu þér áskrift á 365.is
365.is | Sími 1817
365

CANADA GOOSE®

TRILLIUM
kr.114.990.-

CHATEAU
kr.119.990.-

SHELBURN
kr.129.990.-

KENSINGTON
kr.129.990.-

VICTORIA
kr.114.990.-

HYBRIDGE
kr.89.990.-

LODGE
kr.99.990.-

CITADEL
kr.129.990.-

CANADA GOOSE

VETRARLÍNAN 2015 ER MÆTT Í HÚS!

SPORTÍS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

GJÖF TIL ÁSKRIFENDA
Áskrifendur fá tveggja mánaða áskrift að **Tónlist.is** og nýútkomna plötu **Bubba Morthens, 18 konur.***

Skemmtipakkinn

FRÁBÆR DAGSKRÁ FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Þeir sem eru áskrifendur að Skemmtipakkanum eiga gott í vændum um hátíðarnar og öll fjölskyldan finnur sér þætti og kvikmyndir við hæfi.
Njóttu Skemmtipakkans í desember.

FÁÐU ÞÉR **ÁSKRIFT** á 365.is

SKEMMTIPAKKINN
9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag

*Gildir til 31. des. 2015 fyrir áskrifendur að völdum tilboðspökkum 365.

365.is | Sími 1817

365

HBO® and related service marks are the property of Home Box Office, Inc.

„Við tökum alveg eftir því að hvað fólk er almennt þakklátt fyrir störf okkar á þessum degi og raunar öðrum hátíðisdögum," segir Ólafur Ingi Grettisson, varðstjóri hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. MYND/GVA

Á JÓLAVAKTINNI Í BETRI FÖTUNUM

MIKILVÆGIR STARFSMENN *Notaleg stemning einkennir starfsemi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins á aðfangadag. Starfsmenn sinna sjúkraflutningum í meiri mæli en áður en að öðru leyti er dagurinn rólegur. Boðið er upp á hlaðborð og húsið er skreytt í anda jólanna. Landsmenn eru flestir þakklátir fyrir störf þeirra og gefa þeim stundum knús eða bragðgóðan konfektmola.*

Starfsmenn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins eru meðal þeirra starfsstétta sem vinna yfir jólahátíðina ár hvert. Þar skiptir hópur slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna með sér vöktum yfir daginn; fyrri hópurinn hefur störf kl. 7.30 og seinni hópurinn tekur við kl. 19.30 á aðfangadagskvöld.

Ólafur Ingi Grettisson innivarðstjóri hefur unnið nokkrum sinnum á aðfangadagskvöld og tekur vaktina þessi jólin ásamt félögum sínum á C-vakt slökkviliðsins. Hann segir notalega stemningu ríkja á slökkvistöðinni á aðfangadagskvöld enda sé stöðin vel skreytt og veitingar á borðum. „Það er jólastemning hér á stöðinni eins og annars staðar. Sjúkraflutningar eru stór hluti af starfsemi okkar og eitt af þeim verkefnum sem bætast við á þessum degi er að aðstoða við að koma rúmliggjandi sjúklingum heim til fjölskyldna þeirra. Þegar við mætum kl. 19.30 er búið að koma flestum heim en síðar um kvöldið flytjum við oft sama fólk til baka, m.a. á sjúkrahús."

JÓLIN BYRJA FYRR

Hefðbundin vaktaskipti eiga sér stað kl. 19.30 eins og fyrr segir og er unnið á tólf tíma vöktum. „Þótt um sé að ræða aðfangadag byrjar vaktin á slökkvistöðinni á hefðbundnum verkum; að yfirfara tæki og búnað og gera fatnað kláran fyrir útköll. Aðalmunurinn er eiginlega sá að við klæðumst hátíðareinkennisfötum sem við notum aðeins við sérstök tilefni fáa daga ársins."

Þar sem vaktaskipti eru kl. 19.30 reyna þeir starfsmenn sem vinna á aðfangadag oft að hliðra til jólunum heima hjá sér að sögn Ólafs. „Hjá fjölskyldu minni hefjast jólin kl. 16. Þá borðum við jólamatinn, tökum upp pakkana og eigum nokkuð hefðbundin jól þótt við byrjum aðeins fyrr en flestir landsmenn. Þannig nær maður um þremur klukkustundum áður en haldið er af stað til vinnu. Það sama má segja um þá sem ljúka vaktinni kl. 19.30, þeir seinka flestir jólunum sínum með sama hætti og taka þau seinna um kvöldið með fjölskyldum sínum."

Eftir jólamatinn heima mæta starfsmenn oftast vel saddir til vinnu þótt vel sé gert við hópinn í mat og drykk seinna um kvöldið. „Þar sem flestir standa á blístri eftir jólasteikina heima tökum við því rólega fyrst um sinn. Um kl. 22.00 reynum við að eiga góða stund saman við hefðbundið jólahlaðborð. Við reynum þó að byrja þegar sem flestir eru í húsi en stundum þarf að hlaupa frá miðri máltíð enda gera slys, bráðaveikindi og brunaútköll ekki boð á undan sér."

FÁ STUNDUM KNÚS

Sjúkraflutningar eru stærsti hluti verkefna sem starfsmenn sinna á aðfangadag og jóladag eins og flesta aðra daga ársins að sögn Ólafs. „Auðvitað koma upp erfið útköll þessa daga sem stundum tengjast veikindum í kjölfar of mikillar neyslu á þungum jólamat. En að öðru leyti eru þetta oftast rólegir dagar varðandi útköll slökkviliðs. Það snýst svo sannarlega við viku síðar þegar gamlársdagur rennur upp. Þá eru miklu meiri læti og þeim fylgja mun fleiri útköll, t.d. í tengslum við skemmtanahald og flugelda."

Ólafur hefur verið spurður að því hvort ekki sé gott að vera í slökkviliðinu og fá alltaf „hlýjar móttökur". Hann segir landsmenn afar þakkláta fyrir þjónustu þeirra sem vinna yfir jólahátíðina. „Við tökum alveg eftir því hvað fólk er almennt þakklátt fyrir störf okkar á þessum degi og raunar öðrum hátíðisdögum. Það kemur fyrir á jólum að við erum leystir út með konfektmola og smákökum og jafnvel stöku knúsi hér og þar."

■ **starri@365.is**

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

Starfsfólk Bókabúðar Máls og menningar óskar ykkur öllum gleðilegra bókajóla.

Verið ævinlega velkomin!

„Hér situr fólk, drekkur kaffi, spjallar og les. Það er lykt af gömlum pappír í loftinu, djassplata rúllar á fóninum; búðin er stútfull af fallegum og merkilegum bókum, safngripum, sérviskulegum ritum.
Hér er stöðugt skvaldur um heimsmálin, bókmenntir og slúður bæjarins.
Það er sérstakur krókur fyrir börn sem una sér vel í kyrrð og ró.“

Tilvitnun er fengin úr grein Freys Eyjólfssonar, Síðasti bóksalinn, sem birtist á vefsíðu Kjarnans 6. júní 2015.

BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

OPNUNARTÍMI

Þorláksmessa 9-23
Aðfangadagur 10-14

Jóladagur - lokað
Annar í jólum - lokað
27. desember 10-22
28. desember 10-22
29. desember 10-22
30. desember 10-22
31. desember 10-13
1. janúar - lokað

BÍLAR & FARARTÆKI



SKODA Octavia ambiente combi. Árgerð 2012, ekinn 92 P.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.890.000. Rnr.991585.

TOYOTA Land cruiser 150 vx. Árgerð 2014, ekinn 52 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.690.000. Rnr.991568.

PORSCHE Cayenne turbo s. Árgerð 2006, ekinn 107 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.991479.

Kia Sportage EX 4wd x-tra. Árgerð 2014, ekinn 108 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.590.000. Rnr.270178. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

MERCEDES-BENZ C 200 cdi. Árgerð 2013, ekinn 18 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.590.000. Rnr.240348. Tilboð kr: 4.950.000,-

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

VAKA

Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

KRÓKUR

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

Bílar til sölu

Skoda Octavia Turbo dísel árg.2007. ek. 129km. Verð 999.000. Sími:6162597

Honda Accord. argerð 2006. Sjálfskiptur 2,0l ekin 186000 verð 999.000 s:6162597

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar

568 5000 NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hjólbarðar

VAKA

FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar

Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?
JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

---

k2 LOFTSTOKKAHREINSUN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

LEKUR PAKIÐ ?
Þakpappalagnir / Þakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

Þarf að skipta um rennur, glerja eða opnanleg fög? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171

Spádómar

SPÁSÍMI 908 6116
Ástir, fjármál og heilsa. Einkatímar í s. 823 6393 Sirrý.

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

---

þjónusta

Sálfélagslegir áhættuþættir í vinnuumhverfinu – ábyrgð vinnuveitenda

Mannauður
Rakel Davíðsdóttir
sálfræðingur

Oft á tíðum er starfsmannamálum sópað undir teppi og vonast er til þess að vandamálin lagist af sjálfu sér.

Flestir starfsmenn á vinnumarkaði hafa þörf fyrir og langar til að líða vel í vinnu, tilheyra góðum starfshópi og nýta jákvæða eiginlega sína og hæfni í starfi. En það er því miður raunin að margir njóta sín ekki í starfi og/eða líður illa í vinnunni, finna t.d. fyrir óöryggi, kvíða, depurð, streitu- eða kulnunareinkennum.

Óeðlilegt vinnuálag, lítill sveigjanleiki í starfi, afskiptalaus eða óútreiknanleg stjórnun og slæmir samskiptahættir eru dæmi um þætti sem hafa neikvæð áhrif á starfsanda og líðan starfsfólks. Ýmislegt getur ýtt undir erfið samskipti á vinnustöðum, t.d. geta neikvæðar venjur og hefðir á vinnustöðum aukið líkurnar á að slæmir samskiptahættir viðgangist.

Dæmi um algengar neikvæðar venjur á vinnustöðum eru baktal, þegar hefð er fyrir því að níðast á nýju starfsfólki og of mikil samkeppni milli starfsmanna. Þegar slíkur jarðvegur er fyrir hendi aukast líkurnar margfalt á að starfsfólk verði fyrir einelti.

Einelti er staðreynd

Einelti á íslenskum vinnustöðum er staðreynd en í rannsókn undirritaðrar frá 2008 mældist einelti 5% á íslenskum vinnustöðum. Í rannsókn Hjördísar Sigursteinsdóttur (2011) var hlutfallið mun hærra, en um 12% starfsmanna íslenskra sveitarfélaga töldu sig hafa orðið fyrir einelti á núverandi vinnustað. Enn hærra hlutfall starfsfólks greinir að jafnaði frá því að verða fyrir neikvæðri og/eða niðurlægjandi framkomu endrum og eins (en nær ekki viðmiðum eineltis). Afleiðingar slæmrar framkomu á vinnustöðum geta verið alvarlegar fyrir þolendur (t.d. einkenni áfallastreitu, kvíði, depurð) og getur leitt til þess að þeir detti út af vinnumarkaðinum í óákveðinn tíma. Auk þess hafa rannsóknir sýnt að þess konar framkoma hafi neikvæð áhrif á vinnustaðinn í heild sinni, líðan samstarfsfélaga, starfsánægju, afköst og starfsmannaveltu.

Orsakir fyrir slæmu innra starfsumhverfi geta verið ýmsar og oft margþættar en helst ber að nefna slæma stjórnunarhætti, meðvirkni og að of lítil áhersla sé lögð á að sinna starfsmannamálum á vinnustaðnum. Það sem gerist jafnan þegar vinnustaðir eru „sýktir“ er að stjórnendur jafnt sem annað starfsfólk firri sig ábyrgð á ástandinu.

Oft á tíðum er starfsmannamálum sópað undir teppi og vonast er til þess að vandamálin lagist af sjálfu sér. Oft má greina uppgjöf hjá starfsfólki, væntingar minnka um betra innra starfsumhverfi og lausnamiðuð nálgun og fagmennska dvínar. Slæm líðan á vinnustað leiðir jafnan til þess að starfsfólk einangrar sig eða sýnir óviðeigandi framkomu á vinnustaðnum. Auk þess getur vanlíðan í vinnu haft mjög neikvæð áhrif á aðra þætti í lífi fólks eins og á einkalíf og tómstundir.

Hvað er til ráða?

Það eiga allir rétt á að líða vel í vinnunni samkvæmt vinnuverndarlöggjöfinni. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er greint frá hinum ýmsu skyldum vinnuveitenda. Þeir bera t.d. ábyrgð á að gerð sé áætlun um sálfélagslega áhættuþætti í vinnuumhverfinu og að meta þá þætti reglulega. Stefna þarf að vera til staðar um ýmsa sálfélagslega áhættuþætti og verklagsreglur um það hvernig bregðast skuli við.

Forvarnir eru mikilvægar, t.d. með því að fræða starfshópa um ýmis málefni tengd líðan í starfi. Stuðningur er jafnframt nauðsynlegur, bæði frá starfsfélögum en ekki síður frá stjórnendum. Þeir bera ábyrgð á að taka á málum sem upp koma og eru jafnframt fyrirmyndir í framkomu sinni gagnvart starfsfólki. Rannsóknir sýna mikilvægi þess að hlúa að starfsfólki, sýna því virðingu og stuðning og veita viðeigandi endurgjöf.

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á sterk tengsl milli innra starfsumhverfis og líðanar starfsfólks, sem og rekstrarlegrar afkomu fyrirtækja og stofnana. Það er því hagur samfélagsins að starfsfólki á vinnustöðum landsins líði vel og það njóti sín í starfi.

Talað úr tómri skjóðu

Markaðir
Sigurður G. Valgeirsson
upplýsingafulltrúi
Fjármálaeftirlitsins

Reglu- og lagaumhverfi fjármálastofnana hefur tekið miklum breytingum frá því fyrir hrun. Til dæmis hefur lögum um fjármálafyrirtæki verið breytt 27 sinnum frá bankahruninu og er þá löggjöf annarra markaða ótalin.

Í dálknum Skjóðunni í Markaðnum, viðskiptablaði Fréttablaðsins, hinn 16. desember síðastliðinn er því haldið fram að reglu- og lagaumhverfi fjármálastofnana á Íslandi hafi lítið sem ekkert verið breytt frá því fyrir hrun. Einnig að Fjármálaeftirlitið hafi ekkert breyst þrátt fyrir að hafa meiri fjármuni til starfseminnar. Þessar fullyrðingar eru rangar.

Reglu- og lagaumhverfi fjármálastofnana hefur tekið miklum breytingum frá því fyrir hrun. Til dæmis hefur lögum um fjármálafyrirtæki verið breytt 27 sinnum frá bankahruninu og er þá löggjöf annarra markaða ótalin. Að auki hafa verið settar fjölmargar reglugerðir, reglur og leiðbeinandi tilmæli. Þær breytingar sem orðið hafa dyljast engum þeirra aðila sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með.

Hvað Fjármálaeftirlitið sjálft varðar hefur orðið gjörbreyting á starfseminni frá því fyrir hrun. Starfsmönnum hefur fjölgað úr 56 í um 115 og stofnunin hefur verið endurskipulögð frá grunni. Fjármálaeftirlitinu hafa verið falin margvísleg ný verkefni með lögum. Þá hefur Fjármálaeftirlitið nú ríkari valdheimildir en áður. Enn fremur hefur Fjármálaeftirlitið tekið virkan þátt í þeirri umfangsmiklu úrbótavinnu sem alþjóðasamfélag stefnumótandi aðila hefur sinnt í kjölfar þeirra miklu fjármálaáfalla sem riðu yfir á haustmánuðum 2008. Þá hefur Fjármálaeftirlitið sett sér nýja gagnsæisstefnu og birtir ákvarðarnir sínar opinberlega, gerir grein fyrir þróun á fjármálamarkaði og reglum sem um hann gilda m.a. í tímariti sínu Fjármálum og stendur fyrir kynningarfundum um málefni sem tengjast starfsemi þess.

Höfundur dálksins, sem augljóslega er ekki núverandi starfsmaður eftirlitsskylds aðila og kýs að njóta nafnleyndar, má hafa þær skoðanir sem hann vill og tjá þær eins og honum sýnist. Það er þó aðfinnsluvert og áhyggjuefni fyrir Fréttablaðið ef hann fer með rangt mál á ábyrgð ritstjórnar. Heilbrigði og virðing íslensks fjármálalífs ræðst ekki einungis af rekstri fjármálafyrirtækja, eftirlitsstofnana og framgöngu stjórnvalda heldur einnig af trúverðugleika þeirra sem um þau mál skrifa.

Á meðan við prentum fyrir þig…

Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar
Fjölpóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Bækur
Pétur Már Ólafsson
bókaútgefandi

Ólafur, Yrsa og huldumaður

Haustið 1991 tók ég í fyrsta sinn þátt í jólabókaslagnum. Ég var nýráðinn til Vöku-Helgafells og var helsta tromp okkar það ár skáldsagan Fyrirgefning syndanna eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. Bókin var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og seldist í tíu þúsund eintökum.

Við fylgdumst spennt með Fyrirgefningu syndanna berjast við ævisögu Árna Tryggvasonar um toppsætið en hvaða aðrar bækur nutu vinsælda þetta haust? Á síðasta metsölulista DV fyrir jól voru samtals sex ævisögur. Á honum var ein þýdd skáldsaga, Ógnin rauða eftir Alistair MacNeill en hann var eins konar slitastjórn metsöluhöfundarins Alistair MacLean. Þarna var líka Á slóð kolkrabbans eftir Örnólf Árnason og Mitt er þitt eftir Þorgrím Þráinsson.

Íslenskir rithöfundar á flugi

Fyrirgefning syndanna var þannig eina íslenska skáldsagan á topp tíu 1991.

Á metsölulista Eymundssonar í síðustu viku voru aftur á móti sjö íslenskar skáldsögur. Yrsa Sigurðardóttir trónaði á toppnum með Arnald fast á hæla sér. Ólafur Jóhann stefnir enn og aftur á sín tíu þúsund eintök. Þarna var líka Jón Kalman, Auður Jónsdóttir og Einar Már, auk Guðmundar Andra með essay-róman um föður sinn. Á listanum í Eymundsson voru líka tvær íslenskar barnabækur, eftir Gunnar Helgason og Ævar Þór Benediktsson, að ógleymdu stórvirki Páls Baldvins um stríðsárin.

Ekki afskrifa ævisöguna

Hér hafa orðið algjör umskipti. Íslenskar barnabækur njóta mikilla vinsælda og kannski er tími stórvirkjanna í bókaútgáfu runninn upp á ný. Mesta athygli vekur hins vegar sókn íslensku skáldsögunnar sem staðið hefur yfir undanfarin ár. Mér er nær að halda að staða hennar hafi aldrei verið sterkari.

En þá spyr maður sig: er ævisagan dauð?

Við hjá Bjarti & Veröld gáfum út tvær prýðilegar ævisögur fyrir jólin sem báðar seldust upp en stöldruðu að vísu stutt við á topp tíu og náðu ekki inn á listann í síðustu viku.

Ég hef hins vegar ekki afskrifað þessa merku bókmenntagrein. Þegar ég samþykkti að skrifa þennan greinarstúf á föstudaginn í síðustu viku var ég að fara að hitta hálfgerðan huldumann ásamt landsþekktum rithöfundi. Fundinum lauk með því að við handsöluðum samning um útgáfu á ævisögu hans fyrir næstu jól. Og sú mun nú heldur betur vekja athygli ...

Gleðileg bókajól!

Jólastemning í Taílandi

Það þarf að stýra umferðinni í jólaösinni í Taílandi, eins og víðar. Og ekki verra að umferðarlögregluþjónar geti brugðið á leik eins og þessi sem klæddi sig upp sem jólasveinn til að sinna vinnu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ekki hlusta á hagfræðingana fyrir jólin

Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Þegar gott partí er í gangi koma yfirleitt hagfræðingarnir og eyðileggja alla skemmtunina. Og hvað haldið þið? Þeir gætu jafnvel tekið gleðina úr jólunum!

Árið 2009 skrifaði bandaríski hagfræðiprófessorinn Joel Waldfogel bók með titlinum Scroogenomics: Why You Shouldn't Buy Presents for the Holidays (Nirfilsfræði: Af hverju þú ættir ekki að kaupa gjafir fyrir hátíðarnar).

Waldfogel færir mjög sannfærandi rök (að minnsta kosti fyrir aðra hagfræðinga) fyrir því að maður ætti ekki að kaupa jólagjafir, og að slíkt valdi því sem hagfræðingar kalla „allratap".

Waldfogel setti líka fram þessi rök í grein árið 2001, þar sem hann sagði:

„Mikilvægt atriði varðandi gjafir er að neysluvalið á sér stað hjá einhverjum öðrum en hinum endanlega neytanda. Rekstrarhagfræðilega séð getur það haft mikil áhrif ef það er misræmi á milli gjafa og þess sem viðtakandinn óskar sér. Í viðteknum rekstrarhagfræðilegum ramma neytendavals er það besta sem gefandinn getur gert við, segjum 10 dali, að tvöfalda það sem viðtakandinn hefði valið. Það er mögulegt að gefandinn velji gjöf sem viðtakandinn metur í raun ofar verðinu – til dæmis ef viðtakandinn er ekki mjög vel upplýstur – en það er þó líklegra að gjöfin komi verr út fyrir viðtakandann en ef hann hefði valið gjöfina sjálfur sem neytandi fyrir sömu upphæð. Í stuttu máli: Gjafir eru hugsanlega uppspretta allrataps."

Það sem Waldfogel er að segja hérna er: Slepptu því að hlaupa um og reyna að finna fallega jólagjöf handa konunni þinni. Gefðu henni bara ávísun, og hún ætti auðvitað að gera það sama fyrir þig. Og fyrst við erum byrjuð: Gleymdu tékkunum, því þeir myndu bara „jafnast út". Það er einfaldlega tímaeyðsla að kaupa jólagjafir handa fólki þegar það vildi frekar fá peningana.

> **Mikilvægt atriði varðandi gjafir er að neysluvalið á sér stað hjá einhverjum öðrum en hinum endanlega neytanda. Rekstrarhagfræðilega séð getur það haft mikil áhrif ef það er misræmi á milli gjafa og þess sem viðtakandinn óskar sér.**

Waldfogel gengur lengra – enda hagfræðingur – og setur tölu á „allratapið" við jólagjafa-„viðskiptin", og það er engin smáupphæð. Hún er reyndar feikihá. Hann áætlar að allratapið sé á milli 10% og 30% af raunvirði gjafarinnar, svo ef þú kaupir gott ilmvatn handa konunni þinni fyrir 10.000 krónur þá gæti „allratapið" verið í kringum 2.000 krónur. Svo það væri kannski betra fyrir þig (og konuna þína) ef þú létir hana fá ávísun upp á 8.001 krónu og þið keyptuð ykkur svo vínflösku fyrir 1.999 krónur.

Af hverju gerirðu þetta þá ekki? Ja, af því að hún er ekki hagfræðingur! Og það er konan mín ekki heldur, og hún kynni sannarlega ekki að meta það ef ég héldi fyrirlestur yfir henni um helstu atriði „hagfræði jólanna" á aðfangadagskvöld, og börnin mín kynnu sannarlega ekki að meta það heldur!

Svo nú ætla ég að hætta að vera hagfræðingur og hlaupa út og finna fallega gjöf handa konunni minni. Ég veit að hún keypti gjafirnar handa mér fyrir löngu, á meðan ég var upptekinn við að pæla í hvað Janet Yellen ætti að gera varðandi peningamálastefnu Bandaríkjanna og af hverju við ættum að tengja íslensk húsnæðislán við tekjur frekar en verðbólgu.

Gleðileg jól!

Hugvekja um markaðsmál á jólum

Hin hliðin
Þóranna K. Jónsdóttir
markaðsfræðingur

Síðastliðnar vikur og mánuði hef ég velt fyrir mér hvort maður geti verið bæði andstæður neysluhyggju en jafnframt verið í markaðsmálum. Þessar hugsanir sækja enn meira á mig nú í aðdraganda jólanna þar sem við missum okkur í ruglinu og verslum eins og enginn sé morgundagurinn.

Ég varð því glöð þegar góður félagi minn benti mér á grein um positive marketing. Já, þarna kom nú akkúrat eitthvað sem á við mig!

Jákvæð markaðsfræði!

Í jákvæðri markaðsfræði er hlutverk fyrirtækisins að veita fólki það sem bætir líf þess. Fyrir það fær fyrirtækið greitt og allir vinna. Spurningin er svo: Hvað bætir líf okkar? Bætir það líf barnanna okkar að gefa þeim úlpu sem kostar tugi þúsunda? Bætir það líf okkar að eiga alveg eins blómavasa og allir hinir? Bætir það líf okkar þegar jólasveinninn kaupir rándýrar gjafir í skóinn fyrir suma en aðrir fá mandarínu?

Við berum öll ábyrgð. Við berum ábyrgð á okkur sjálfum. Við berum ábyrgð á börnunum okkar. Og sem fyrirtæki erum við einfaldlega samansafn af fólki, hluti af samfélaginu, og við berum ábyrgð á því að gera okkar til að gera samfélagið betra fyrir okkur öll.

Tilgangur

Mér finnst mikilvægt að fyrirtæki hafi tilgang umfram bara að græða peninga. Það þarf jú að græða peninga því annars fer það á hausinn og getur ekki látið neitt gott af sér leiða, en að græða peninga bara til að græða peninga – til hvers er það? Hvað þá að græða peninga með því að nýta sér veikleika mannskepnunnar og búa til úr þeim gerviþarfir. Er það ekki dálítið 2007? Og ég sé ekki af hverju það þarf. Það veit sá sem allt veit að margt má bæta í þessari veröld og við getum ábyggilega gert góðan „bissness" úr því að mæta þörfum fólks og bæta líf þess þannig að allir njóti góðs af.

Markaðsfræði er bara safn af aðferðum og tólum og eins og ýmislegt annað í veröldinni er hægt að nota þekkingu og kunnáttu í markaðsmálum bæði til góðs og ills. Ég vil nota hana til góðs.

BYLGJAN989

Gleðileg Jóladagskrá

#BYLGJAN

EIGÐU ÞÆGILEG JÓL MEÐ OKKUR

NJÓTTU HÁTÍÐANNA MEÐ DAGSKRÁRGERÐARFÓLKI BYLGJUNNAR OG GÓÐUM GESTUM

ÞORLÁKSMESSA, 23. DES.

Í BÍTIÐ	KL. 06:50 - 10:00
ÍVAR GUÐMUNDSSON	KL. 10:00 - 13:00
RÚNAR RÓBERTSSON	KL. 13:00 - 16:00
REYKJAVÍK SÍÐDEGIS	KL. 16:00 - 18:30
ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR BUBBA	KL. 22:00 - 24:00

AÐFANGADAGUR, 24. DES.

ERNA HRÖNN	KL. 07:00 - 09:00
Í BÍTIÐ	KL. 09:00 - 12:00
SLEÐAFERÐ MEÐ VALTÝ OG JÓA	KL. 12:00 - 16:00
HÁTÍÐARTÓNAR BYLGJUNNAR	KL. 18:00 - 20:00
ILMUR AF JÓLUM MEÐ HERU BJÖRK	KL. 22:00 - 24:00

JÓLADAGUR, 25. DES.

JÓLABOÐ SVANHILDAR OG LOGA	KL. 10:00 - 12:00
ÍVAR GUÐMUNDSSON	KL. 12:15 - 16:00
KK - SEXTUGUR	KL. 16:00 - 18:30

ANNAR Í JÓLUM, 26. DES.

BAKARÍIÐ	KL. 09:00 - 12:00
JÓLAHELGIN MEÐ ÁSGEIRI PÁLI	KL. 12:20 - 16:00
VEISTU HVER ÉG VAR?	KL. 16:00 - 18:30
JÓLAPARTÝ BYLGJUNNAR	KL. 19:00 - 01:00

SJÓNVARP | BYLGJAN.IS | BYLGJUAPPIÐ | ÚTVARP

HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER

BYLGJAN 989

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 16. desember 2015

FTSE 100
6.083,10 48,26
(0,8%)

visir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

Aftur plástur á sárið

Á dögunum var ákveðið að veita sérstakt aukafjárframlag til rekstrar Ríkisútvarpsins á komandi ári. Nemur framlagið 175 milljónum og er eyrnamerkt innlendri dagskrárgerð, sem Alþingi telur ástæðu til að verja sérstaklega umfram aðra rekstrarþætti RÚV.

Með þessu framlagi er ljóst að RÚV hefur, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, úr sömu upphæð að spila og á síðasta ári.

Staðreyndin er þó sú að niðurstaða Alþingis í málefnum RÚV þetta árið er bara enn einn plásturinn á sárið, og enn hefur enginn léð máls á því að teknar verði ákvarðanir um hvernig málum skal háttað til frambúðar. Þessar aukalegu 175 milljónir breyta engu um stöðu félagsins.

Skuldastaðan er jafn slæm og staðreyndin sú að Ríkisútvarpið hefur tapað um 800 milljónum króna síðan það var sett á laggirnar í formi opinbers hlutafélags árið 2007. Þrátt fyrir 5,4 milljarða árlegt forskot í formi útvarpsgjalds og auglýsingasölu í samkeppni við einkamiðlana ber reksturinn sig engan veginn.

Niðurskurðarplön stjórnenda benda ekki til þess að staðan breytist í náinni framtíð.

Nú þegar virðist ljóst að draumórar um hækkun á útvarpsgjaldi ganga ekki eftir. Í yfirtöku ríkisins á skuldabréfi við LSR og sölu á lóðarréttindum í Efstaleiti felst ekki framtíðarlausn, heldur er í besta falli verið að lengja í hengingarólinni. Draumórar forsætisráðherra um sölu á innlendu dagskrárefni til útlanda myndu líka seint rata inn í rekstraráætlun ábyrgs fjármálastjóra, og benda til þess að ráðherrann sé ekki sérstaklega vel að sér um stærstu kostnaðarpósta í fjölmiðlarekstri.

Enn hefur því nákvæmlega ekkert gerst í málinu, engin vitræn tilraun verið gerð til að fylgja eftir úttektum á starfsemi stofnunarinnar.

Starfsmenn RÚV, keppinautar og landsmenn eiga betra skilið. Nú þarf hugrakka stjórnmálamenn til að leggja til framtíðarumhverfi fyrir RÚV, og því þarf að fylgja eftir. Á tímabili leit út fyrir að menntamálaráðherra gæti orðið maðurinn í hlutverkið, en nú virðist sem loftið sé úr blöðrunni.

Stjórnendum RÚV er vorkunn að þurfa að starfa við þær aðstæður sem þeim eru búnar: óvissan er alger og hvert fjárlagaár eins og árleg óvissuferð starfsmannafélagsins.

Eftaka á til í málefnum RÚV og finna stofnuninni framtíðarsess þarf skýra stefnu.

Lýst er eftir hugmyndaríkum, hugrökkum og stefnuföstum stjórnmálamanni sem tekið getur forystuhlutverk í þeim efnum.

UMHVERFIÐ ÁSTRÍÐA HREINT ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

250
MILLJARÐA KRÓNA SALA

Greiningaraðilar spá sölu fyrir 1,3 milljarða punda, eða jafnvirði 250 milljarða íslenskra króna, á verslunargötum London í dag og á morgun. Því er spáð að salan nái hámarki í kringum hádegi í dag. Guardian segir aukna netsölu leiða til þess að sala í verslunum hafi ekki verið góð. Verslunarmenn bjóði því veglega afslætti.

2%
HÆKKUN VERÐBÓLGU Í DESEMBER

Tólf mánaða verðbólga mælist 2,0% í desember og er óbreytt frá því í nóvember. Neysluverðsvísitalan hækkaði um 0,33% í desember frá fyrri mánuði, en fram kemur i Morgunkorni Greiningar Íslandsbanka að spár gerðu ráð fyrir 0,2-0,3% hækkun. Flugfargjöld, fasteignir og föt hækka í verði.

19.12.2015

Ég er mikill jólakall og hef alltaf haft gaman af jólunum og aðdraganda þeirra. Þar skipta ýmsar hefðir máli, allt frá því að horfa á Christmas Vacation með fjölskyldunni að því að hlusta saman á útvarpsmessuna og jólasálma á aðfangadag.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
forsætisráðherra

KEYPT & SELT

Til sölu

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

4 hvítar innihurðir til sölu. Uppl. í s. 553 2171

VASAPÉSI PARTÝLJÓNSINS
Ódýr viðbót í pakkann. Sendum heim. flokiforlag@internet.is

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 hárviðarskrúfur. Penofin hárviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Flug

VIÐ LÁTUM DRAUMINN RÆTAST!
Skráðu þig í nám. Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmanni. 11.janúar. Kvöldskóli - nám með vinnu. Skemmtileg upplifun og frelsi - fylgir fluginu. Kannaðu málið! Skráning á www.flugskoli.is

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Til leigu góð sérhæð í Mosfellsbæ, 212fm m. bílskúr. 3 svefnh. Laus frá 01. jan Uppl. í s. 699 3737 vatnsk@simnet.is

Til leigu 2ja herb. íbúð á sv. 200. Leiga 135þús per/mán. Uppl. í s. 893 3475

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

BIFREIÐASMIÐUR
Viljum ráða bifreiðasmið. Okkar kröfur til starfsmanna eru: stundvísi, starfsáhugi og fagmennska. Uppl. í s. 899 5424

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800

Breyting á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020

Breytt lega Hringvegar um Berufjarðarbotn - veglína Z

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 10. desember 2015 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020. Tillagan var auglýst frá 14. október til 25. nóvember 2015. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til undirritaðs.

Sveitarstjóri Djúpavogshrepps

Skötuveisla
á Cafe Catalinu

Að venju verðum við með hið margrómaða vestfirska skötuhlaðborð á Þorláksmessu.

Stórskata • saltfiskur
plokkfiskur • rófur
kartöflur • hamsatólg
hnoðmör • smjör • rúgbrauð
kaffi og konfekt.

Hlaðborð í hádeginu frá kl. 11:30-14:00
og um kvöldið frá kl. 18:00-20:00
Húsið opnar kl. 11:00

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

Starfsfólk Intellecta óskar þér og þínum gleðilegra jóla, árs og friðar

Með kærri þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir
www.intellecta.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

23. DESEMBER 2015 MIÐVIKUDAGUR

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jónínu Rannveigar Kjartansdóttur

frá Bolungarvík,

sem lést mánudaginn 23. nóvember. Guð blessi ykkur öll.

Víðir Jónsson
Margrét Jónsdóttir
Guðmundur Þ. Jónsson
Friðgerður B. Jónsdóttir
Svala Jónsdóttir
Jóna Arnórsdóttir
Guðmundur J. Matthíasson
Vigdís E. Hjaltadóttir
Páll Ingi Kristjónsson
Birkir Hreinsson
ömmu- og langömmubörn.

†

Ástkær sonur okkar, bróðir og mágur,

Sigurður Jónsson

lést 12. desember 2015.
Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.

Halla Snorradóttir
Jón Sigurðsson
Guðrún H.J. Johannessen
Eva Sif Jónsdóttir
Kristín Jónsdóttir
Sonja Jónsdóttir
Theodór Hallsson
Jóhanna Hrefnudóttir
Nicolai Johannessen
Ólafur Ragnar Ólafsson
Ari Kárason
Sindri Jónsson

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir , tengdafaðir og afi,

Kristján Harðarson

flugstjóri,
Fléttuvöllum 44, Hafnarfirði,

lést á líknardeildinni í Kópavogi aðfaranótt laugardagsins 19. desember.
Útför hans verður gerð frá Víðistaðakirkju mánudaginn 28. desember kl. 13.00.

Helga Rós Jóhannesdóttir
Gísli Þór Kristjánsson
Lilja Kristjánsdóttir
Kristján Karl Kristjánsson
Unnur Ásdís Stefánsdóttir
Jóhannes Bjarni Kristjánsson
og barnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Magnús Jasonarson

rafvirkjameistari,

lést á Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn 21. desember.
Útförin verður auglýst síðar.

Bjarney Guðrún Ólafsdóttir
Margrét Elín Guðmundsdóttir
Kristín Guðmundsdóttir
Bjarni Guðmundsson
Þuríður Guðmundsdóttir
Rós Guðmundsdóttir
Jason Guðmundsson
Guðmundur Sophusson
Ólafur Jónsson
María G. Sigurðardóttir
Jonathan Wiedemann
Þorvaldur Ingimundarson
Tinna Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Yndisleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Jeppesen

kennari,

sem lést þann 15. desember síðastliðinn á líknardeild LSH í Kópavogi, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 30. desember kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á heimahlynningu og líknardeild LSH í Kópavogi.

Grímur Leifsson
Emil Grímsson
Leifur Grímsson
Sigríður Sif Grímsdóttir
Rikke Elkjær Knudsen
Elsa Hrönn Reynisdóttir
Árni Arnórsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir og systir,

Björk Þórarinsdóttir

Hólmaþingi 8, Kópavogi,

lést 17. desember.
Útförin verður auglýst síðar.

Kristinn Pétursson
Alexander Kristinsson
Þröstur Kristinsson
Þórarinn Ingi Jónsson
Smári Þórarinsson
Rósa Þórarinsdóttir

†

Ástkær sonur okkar, bróðir og faðir,

Vignir Grétar Stefánsson

Lyngmóum 4, 210 Garðabæ,

varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 16. desember síðastliðinn. Útför fer fram frá Vídalínskirkju miðvikudaginn 30. desember kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning fyrir syni hans, 0140-05-071750, kt. 070509-3340.

Ástvinir

†

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför hjartkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Gyðu Jónasdóttur

Grandavegi 1.

Sérstakar þakkir til starfsfólks V2 og handavinnudeildar Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar.

Kristín Ólafsdóttir
Jóhannes Ólafsson
Eggert Þorfinnsson
Svanhildur Jónsdóttir
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Róbert Örn Alfreðsson

lést á Landspítalanum sunnudaginn 13. desember.
Útförin fer fram frá Lágafellskirkju þriðjudaginn 29. desember kl. 13.00.

Ingimar Alfreð Róbertsson
Sara Rún Róbertsdóttir
Matthías Hjörtur Hjartarson
Hjördís Bragadóttir
Kristinn Ingi Hrafnsson
Róbert Hrafn Kristinsson

†

Ástkær eiginmaður minn,

Þorkell Sigurðsson

byggingameistari,
Árskógum 8, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, mánudaginn 21. desember.

Fyrir hönd aðstandenda,
Þorbjörg Guðmundsdóttir

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Brigitte Anneliese Jónsson

hjúkrunarheimilinu Mörk,
áður til heimilis að Kleppsvegi 62,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk fimmtudaginn 10. desember síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Anna Þorsteinsdóttir
Oddný Þorsteinsdóttir
Hrönn Þorsteinsdóttir
Sigþór Sigurðsson
Árni Þór Elfar
barnabörn og barnabarnabörn.

Mikill fjöldi mætti við höfnina á Akranesi til þess að fylgjast með athöfninni. MYND/SKESSUHORNIÐ

Nýtt skip á Akranesi

Nýtt skip HB Granda, Víkingur AK 100, var vígt á mánudaginn. Mikill fjöldi bæjarbúa mætti til þess að berja skipið augum.

Skipið Víkingur AK 100 var vígt í Akraneshöfn síðastliðinn mánudag við mikinn fögnuð. Fjöldi fólks mætti til þess að berja skipið augum. Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, setti athöfnina, bauð gesti velkomna og sagði frá skipinu sem er annað tveggja nýrra uppsjávarskipa sem HB Grandi tekur í notkun á þessu ári. Víkingur er 81,19 metra langur og 17 metrar á breidd og var smíðaður í Tyrklandi.

Regína Ástvaldsdóttir, bæjarstjóri Akranesbæjar, segir Víking vera samofinn sögu Akraness. „Þetta er fjórði Víkingur sem kemur í höfnina. Sá síðasti kom 1960 en hann var seldur í brotajárn í fyrra. Nýja skipið er hið glæsilegasta og með flottum vistarverum. Það var mjög mikið af fólki mætt á athöfnina enda er þetta gríðarlega mikil lyftistöng fyrir sjávarútveg á Akranesi. Við bindum miklar vonir við skipið og áhöfnina.“

gunnhildur@365.is

†

Elskulega móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Helga Sigurðardóttir

lést á Vífilsstaðaspítala sunnudaginn 20. desember.

Sigurður Örn Brynjólfsson
Eiríkur Brynjólfsson
Ívar Brynjólfsson
Guðrún Brynjólfsdóttir
Liivia Leskin
Steinunn Hafstað
Sandra Magnúsdóttir
Jóel Jóelsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Okkar elskaði eiginmaður, faðir, sonur og bróðir,

Ásgeir Þórðarson

lést á sjúkrahúsi í London 15. desember. Minningarathöfn verður í kyrrþey að ósk hins látna.

Erla Gígja Erlingsdóttir
Anika og Andrea Ásgeirsdætur
Guðríður M. Thorarensen
Þórður Ásgeirsson
Þórarinn, Grímur Örn og Egill Þórðarsynir

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

Skúla Guðjónssonar

Dælengi 1, Selfossi.

Magnús Skúlason
Kolbrún Skúladóttir
Aðalbjörg Skúladóttir
Sigríður Sigurjónsdóttir
Sigurbergur Brynjólfsson
Bárður Árnason

ora

Ástríða í matargerð

Ora óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

www.ora.is

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Miðvikudagur



Í dag lítur út fyrir norðanátt með snjókomu og skafrenningi norðan- og norðvestanlands og gætu því myndast erfið aksturskilyrði á þeim slóðum. Fyrir sunnan verður hægari vindur en þó él, sérstaklega síðdegis og í kvöld. Það stefnir því í að snjór muni falla á jörð í öllum landshlutum og eru líkur á hvítum jólum víðast hvar.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-2°	-7°	-6°
↙16	↙17	↓11
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
-4°	-1°	-10°
↓17	↙12	↙15

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-6°	-13°	-17°
←5	↗7	↗7
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
-18°	-8°	-17°
↗6	↓4	↑5

Þrautir

Krossgáta

LÁRÉTT
2. fíkniefni
6. karlkyn
8. sigað
9. fornafn
11. í röð
12. hljóðfæri
14. nafngift
16. tveir eins
17. líða vel
18. for
20. frá
21. inniloka

LÓÐRÉTT
1. örlög
3. Samtök
4. stýra
5. stykki
7. hveitilím
10. draup
13. tala
15. heiti
16. verkur
19. kyrrð



LÁRÉTT: 2. hass, 6. kk, 8. att, 9. öll, 11. jk, 12. píanó, 14. skírn, 16. tt, 17. una, 18. aur, 20. af, 21. króa.
LÓÐRÉTT: 1. skóp, 3. aa, 4. stýjorna, 5. stk, 7. klístur, 10. lak, 13. niu, 15. nafn, 16. tak, 19. ró.

Skák Gunnar Björnsson

Anish Giri (2.784) átti leik gegn Nils Grandelius (2.632) á opna skákmótinu í Doha í Katar

Svartur á leik

40. ... Dxe2!! Nils gafst upp enda mát eftir **41. Rxe2 Rd2+ 42. Ka2 Ha8+.** Mótið hefur byrjað afar fjörlega í Katar og mikið um óvænt úrslit.

www.skak.is: Ungir Kópavogsbúar verðlaunaðir.

Sudoku

LÉTT

		2	8				1	
	8	3			6		5	9
				3				
		8		4		1		
	4		9	7		5		
3	5		6	2		8		4
	9	4			7			5
1	7		3					6
2			4		9	7		

MIÐLUNGS

	5		4		1	2		3
8		2					5	
	6		5				9	
				3	5			
	8	1		9		5	3	
			7	8				1
6		7			9			
3							6	
	1		2					

ÞUNG

8				5	6			
		6	7	8		2		
		5						
				2		6		
2		4			3		8	
			5	4		9		1
	3	8				1		
1	6		4	9				
4			6				9	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

7	9	2	4	1	5	3	8	6
5	6	1	3	7	8	2	9	4
4	3	8	6	9	2	7	5	1
3	4	9	5	6	7	1	2	8
6	1	7	8	2	3	9	4	5
8	2	5	9	4	1	6	3	7
9	8	3	7	5	6	4	1	2
1	5	6	2	3	4	8	7	9
2	7	4	1	8	9	5	6	3

7	2	9	6	3	4	5	8	1
6	5	3	7	8	1	9	2	4
8	4	1	9	5	2	3	6	7
4	3	2	5	1	6	8	7	9
5	7	6	2	9	8	4	1	3
9	1	8	3	4	7	2	5	6
3	9	7	1	2	5	6	4	8
1	8	5	4	6	3	7	9	2
2	6	4	8	7	9	1	3	5

8	1	7	9	6	3	4	2	5
9	5	2	4	7	8	3	6	1
3	6	4	2	1	5	7	8	9
1	4	6	3	9	7	8	5	2
2	7	3	5	8	6	1	9	4
5	8	9	1	2	4	6	3	7
7	2	5	6	3	1	9	4	8
6	9	8	7	4	2	5	1	3
4	3	1	8	5	9	2	7	6

Myndasögur

PONDUS — Eftir Frode Øverli

GELGJAN — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

HOLME GAARD 1815 · ROSENDAHL COPENHAGEN · WMF · LIVING GEORG JENSEN EST. 1904 · ROYAL COPENHAGEN · Villeroy & Boch 1748 · KAY BOJESEN DENMARK

Allir fá þá eitthvað fallegt

Komdu við í verslunum okkar og leyfðu okkur
að aðstoða þig við jólagjafainnkaupin,
eða farðu á heimasíðuna okkar www.kunigund.is
og veldu það sem þig langar í.

KÚNÍGÚND

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur – Kringlan – Vefverslun

www.kunigund.is

nettó í jólaskapi

markhönnun ehf

Taðreykt hangikjöt

BLÁBER FRÁ CHILE - 500 G
1.798 kr/pk

SÉRVALIN JARÐARBER FRÁ SPÁNI- 900 G
1.998 kr/pk

Reyktur svínabógur

KJÖTSEL

798 kr/kg

20% AFSLÁTTUR

NAUTALUNDIR NÝSJÁLENSKAR
3.598 kr/kg

DANISH CROWN

DANISH CROWN HÁGÆÐA NAUTALUND
3.998 kr/kg

KJÖTSEL

15% AFSLÁTTUR

KJÖTSEL HAMBORGARHRYGGUR
1.399 kr/kg



22% AFSLÁTTUR

KJÖTSEL HANGIFRAMPARTUR ÚRBEINAÐUR
2.548 kr/kg

15% AFSLÁTTUR

KJÖTSEL HANGILÆRI M/BEINI
2.379 kr/kg

KJÖTSEL HANGILÆRI ÚRBEINAÐ
3.398 kr/kg

15% AFSLÁTTUR

TILBOÐIN GILDA TIL 24. DESEMBER

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Jólaopnun Netto

	23. *Þorláksmessa*	24. *Aðfangadag*	25. *jóladag*	26. *annan*
Akureyri Borgarnes Egilsstaðir Grindavík Höfn Salavegur Reykjanesbær Selfoss	10-23	10-13	lokað	lokað
Búðakór	10-23	10-13	lokað	10-21
Grandi Mjódd	*opið* 24*t*	*opið til* 13	lokað	10 - *opið* 24*t*

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Búðakór· Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |





Teikningar Hugleiks Dagssonar eru oft mjög gagnrýnar á samfélagsleg málefni. Báðar teikningarnar hér að ofan eru úr bókinni Hvað með börnin?

Húmor góð leið til þess að fást við skelfilega hluti

Hvað með börnin? er ný bók eftir Hugleik Dagsson skopmyndateiknara en spýtukallarnir hans víðfrægu fæddust í LHÍ fyrir algjöra slysni og þeir veita honum frelsi til þess að tjá sig um menn og málefni.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Hugleikur Dagsson er mættur með nýja bók fyrir jólin en hún er kannski ekkert sérstaklega jólaleg. Það fer þó eflaust eftir því hvað hver og einn sér sem jólalegt en bók Hugleiks kallast Hvað með börnin? Hugleikur segir að það sé þó ekki nein sérstök ástæða fyrir því að börnin enduðu í titli bókarinnar. „Þetta er reyndar mjög svipaður húmor og var í Okkur bókunum mínum. Ég ákvað að leggja þann frásagnarstíl aðeins á hilluna eftir að þeirri seríu lauk.

Börnin hentuðu vel

Um helmingur þessarar bókar er skrifaður á síðustu þremur til fjórum árum en hinn helmingurinn er skrifaður á síðustu dögum fyrir skil. Þannig að margt af þessu er eitthvað sem kom til mín út af málefnum líðandi stundar og stundum eitthvað sem ég ákvað að skella á Facebook sem mínu innleggi í umræðuna, t.d. sem varðar Sýrland eða kynhvöt fjármálaráðherra. Ég vildi alltaf koma þessu á bók og titillinn kemur bara þannig að ég fer bara í bókina og leita að setningu sem gæti hentað sem titill. Mér fannst þessi setning „Hvað með börnin?“ henta mjög vel. Þetta er setning sem er hluti af íslenskri og reyndar oft erlendri umræðu líka. Setning sem kemur oft við sögu í kommentakerfinu eða einhver alþingismaður lætur hafa þetta eftir sér og þetta er óneitanlega mjög góð spurning: Hvað með börnin?“

Lifa sjálfstæðu lífi

Skopmyndateiknarar hafa oft mun meiri möguleika á því að takast á við samtímaviðburði jafn harðan og þeir gerast og Hugleikur er svo sannarlega ekki undantekning á því. „Já, þess vegna er Facebook svo sniðug hvað þetta varðar og hjálpar mér í raun oft andlega. Þegar Facebook logar af einhverri ástæðu, sem gerist nú oft og reglulega, þá er nánast ákveðin pressa að tjá sig um það sem er að gerast hverju sinni. Ég hef þannig mjög oft skrifað statusa og síðan strokað þá út áður en ég ýti á enter. Statusa sem eru kannski fullir af einhverri reiði eða ég að vera of sniðugur eða reyna að vera sniðugri en aðrir. Þá hef ég staldrað við og hugsað að ég verði að reyna að finna einhverja leið til þess að setja þetta í brandara. Þegar ég set þetta í brandara þá fjarlægi ég mig soldið og þá er þetta ekki alveg jafn beint komið frá mér heldur fæ ég spýtukallana til þess að tala fyrir mig. Það virkar miklu betur og maður er minna efins um það sem maður setur. Í fyrsta lagi þá finnst mér húmor oft góð leið til þess að fást við skelfilega eða erfiða hluti og í öðru lagi þá getur jafnvel þessi saga lifað áfram sínu sjálfstæða lífi.

Sem höfundur er Hugleikur með ákveðið bakland í myndlistinni og segir að hann hafi alltaf verið teiknandi sem krakki. „Ég var alltaf settur í myndlistarnám og þegar ég útskrifaðist úr Kvennó var eiginlega eini möguleikinn fyrir mig að fara bara í LHÍ, þrátt fyrir að ég hefði enga þekkingu á nútímalist sem slíkri. En þar fékk ég kennslu í öllum skapandi möguleikum. Ég ætlaði alltaf að verða hefðbundnari myndasöguhöfundur, mig langaði til þess að æfa minn stíl svo ég gæti teiknað eitthvað sem líktist Sval og Val eða Spiderman. En það þarf mikla þolinmæði í það eða mjög mikla vinnu. En ég lærði í LHÍ að það er hægt að fara hina leiðina og spýtukallarnir mínir fæddust þar fyrir slysni. Þá fattaði ég líka að ég er meira í grínínu en dramanu þó svo að ég sé aðeins að færa mig yfir í dramað með Heimsendabókunum.“

Hugleikur Dagsson segir að Facebook reynist honum oft vel sem vettvangur verka hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

SVO FÓRUM VIÐ Í BÆINN OG TRÓÐUM ÞESSU UPP Á FÓLK OG BÚÐIR, FENGUM EINHVERJA SEÐLA OG FÓRUM SVO Á BARINN. FRIÐRIK TALAÐI AÐ SJÁLFSÖGÐU ALLTAF EINS OG FORMÁLINN VÆRI AÐALEFNI BÓKARINNAR ENDA MESTA RITMÁLIÐ ÞAR.

Friðrik formáli

Formáli nýjustu bókar Hugleiks, er eins og svo oft áður, ritaður af Friðriki Sólnes rafvirkja. Mörgum leikur forvitni á því að vita hver er hér á ferðinni enda formálinn ritaður af mikilli list og orðsnilli. „Friðrik er vissulega til. Það hafa margir haldið því fram að hann sé skálduð figúra en ég vildi óska að ég gæti brugðið mér í þetta hlutverk og þóst vera maður með þennan orðaforða en ég hef hann ekki. Hann er bara vinur minn og við vorum mikið að hanga saman þegar ég var að gera fyrstu bækurnar. Ég sagði honum að ég ætlaði að hefta saman teikningarnar mínar og selja niðri í bæ fyrir jólin. Þá sagði hann strax: „Já, ég skrifa formála.“ Algjörlega óumbeðinn og ákveðinn. Ég gat ekki sagt nei við því vegna þess að hann var maðurinn á bílnum svo ég samþykkti þetta bara.

Þetta varð svona jólavinnan okkar. Ég komst í einhvern loftpressuheftara hjá Veðurstofu Íslands vegna þess að Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur er stjúpfaðir minn. Svo fórum við í bæinn og tróðum þessu upp á fólk og búðir, fengum einhverja seðla og fórum svo á barinn. Friðrik talaði að sjálfsögðu alltaf eins og formálinn væri aðalefni bókarinnar enda mesta ritmálið þar. Þannig tengdist hann þessum bókum og þegar ég kom með bók aftur af þessu tagi þá var aftur kominn tími á formála eftir Friðrik. Þetta er sá lengsti hingað til og hann er líka alveg svakalegur.“

HÁTÍÐARKALKÚNN

Þú færð úrval af girnilegum hátíðarmat í Iceland

1899 kr. kg

LJÚFFENGUR KALKÚNN FRÁ HOLDA (FERSKUR, TAKMARKAÐ MAGN).

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

ÖÐRUVÍSI AÐALRÉTTIR Á VEISLUBORÐIÐ

Önd

Hreindýrafile

Krónhjörtur

Andabringa

Kalkúnabringa

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

Friðrik Vignir Stefánsson organisti er einn af þeim sem upplifa það að orgelstund við kertaljós sé ómissandi þáttur í upphafi jólahátíðar.

Orgelleikur við kertaljós í 25. sinn

Friðrik Vignir Stefánsson, organisti í Seltjarnarneskirkju, stendur fyrir orgelstund við kertaljós í Seltjarnarneskirkju í kvöld milli klukkan 22 og 23.

„Ég tók upp þennan sið fyrir 25 árum þegar ég byrjaði sem organisti á Grundarfirði 1988. Fyrsta árið komu innan við tíu manns en undir lok veru minnar fyrir vestan mættu milli 70 og 80, “ segir Friðrik Vignir Stefánsson um orgelstundina á Þorláksmessukvöld sem orðin er að hefð í lífi hans. Hann hefur verið organisti í Seltjarnarneskirkju frá 2007 og þar verður hann í kvöld ásamt messósópransöngkonunni Eygló Rúnarsdóttur og ætlar að flytja jólasálma og jólalög. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

„Ég er alltaf með jólatónlist eftir Bach, svo læði ég inn einu og einu nýju lagi og einnig spila ég jólasálma sem ekki heyrast oft í messum nú til dags, eins og Jesús þú ert vort jólaljós. Eygló hefur verið með mér síðustu fimm sex ár. Við flytjum alltaf Nóttin var sú ágæt ein og Ave Maríu Sigvalda Kaldalóns sem er í miklu uppáhaldi.“

Friðrik Vignir segir búðum í Grundarfirði hafa verið lokað klukkan 23, þá hafi hann byrjað að spila í kirkjunni og haldið áfram til miðnættis. „Ég heyri við og við að mín sé enn saknað fyrir vestan, sérstaklega á Þorláksmessu,“ segir hann glaðlega. „Seltirningar tóku líka þessu uppátæki mínu vel og fólki er frjálst að koma og fara eftir vild, sumir stoppa allan tímann en aðrir skemur. Mörgum finnst tilvalið að koma við á leið úr verslunarleiðangri og slaka á við ljúfa tónlist. Sumir hafa talað um að stundin sé ómissandi þáttur í byrjun jólahátíðarinnar og ég er einn af þeim sem upplifa það.“ **gun@frettabladid.is**

Þóra, Dísella og Sigríður Ósk ætla að lífga upp á miðbæinn í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Syngja á svölum Caruso

Söngdívurnar góðkunnu Dísella Lárusdóttir, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir og Þóra Einarsdóttir ætla að gleðja vegfarendur og verslunarfólk í Austurstræti í kvöld með söng á svölum Caruso.

„Við munum syngja jólalög fyrir gesti miðbæjarins og hlökkum mikið til,“ segir Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, ein þeirra þriggja söngdíva sem koma fram á svalir Caruso við Austurstræti 22 klukkan 21 í kvöld og láta raddir sínar hljóma. Þær ætla að halda uppi stemningu í miðbænum og koma þeim í ekta jólaskap sem ekki eru það fyrir en festa það rækilega í sessi hjá hinum.

Dagskráin er falleg að sögn söngkvennanna. Sálmar og jólalög í góðum kokteil. Meðal þess sem þær nefna er hinn hátíðlegi sálmur Nóttin var sú ágæt ein eftir Sigvalda Kaldalóns og Einar Sigurðsson, Pie Jesu eftir söngleikjahöfundinn Andrew Lloyd Webber og hið sígilda íslenska jólalag Það á að gefa börnum brauð. „Við syngjum raddað, skiptumst á að vera í aðalhlutverki og reynum að hafa flutninginn sem fjölbreyttastan,“ segir Sigríður Ósk.

Það er Reykjavíkurborg sem stendur fyrir söng dívanna í Austurstræti í kvöld. Undanfarin ár hafa þrír tenórar oft komið fram á svölum Sólons í Bankastræti en að þessu sinni var ákveðið að breyta til. „Kannski vorum við valdar í tilefni af hundrað ára kosningaafmæli kvenna á árinu,“ segir Sigríður Ósk. „Þetta er að minnsta kosti í fyrsta skipti sem söngkonur koma fram í miðbænum á Þorláksmessukvöldi. Nú eru nýir tímar.“ **gun@frettabladid.is**

FUDGE Mættu og taktu númer
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Örlög söngvarans

BÆKUR

Egils sögur

★★★★☆

Páll Valsson og Egill Ólafsson

Útgefandi: Forlagið
Fjöldi síðna: 367 bls.
Kápa: Alexandra Buhl
Prentun: Oddi

„Ég lýsi undrun minni yfir frábærri frammistöðu Egils Ólafssonar sem sannaði að hann er snjall kvikmyndaleikari,“ sagði Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur, inntur í Vísi í desemberlok árið 1977 eftir því hvað honum hefði fundist um jólaleikrit Sjónvarpsins sem var Silfurtúnglið eftir Halldór Laxness í leikstjórn Hrafns Gunnlaugssonar. Þar fór Egill með hlutverk sjónvarpsstjörnunnar Feilans Ó. Feilan sem á eina minnisstæðustu krækjusetningu í íslensku sjónvarpsefni: „Sjáið þið mig? Ég sé ykkur … ekki.“

Þetta sama ár, 1977, komu út tvær helstu íslensku hljómplötur tuttugustu aldarinnar, Sturla með tónlistinni úr leikritinu Grænjaxlar sem gengið hafði fyrir fullu Þjóðleikhúsi leikárið á undan með Egil um borð og Á bleikum náttkjólum sem Spilverk þjóðanna vann með Megasi þannig að úr varð besta plata Íslandssögunnar, að mati þeirra dómnefnda sem hingað til hafa verið kvaddar saman. Það þótti því mörgum að bera í bakkafullan lækinn að ætla Agli að vera líka haldbær kvikmyndaleikari og mögulega efuðust einhverjir um að hann réði við hlutverkið. En hann átti eins og frægt er orðið eftir að sýna og sanna leikhæfileika sína árin á eftir, til að mynda í vinsælustu kvikmynd Íslandssögunnar, Með allt á hreinu, og þeirri sem bar hróður íslenskrar kvikmyndagerðar hvað víðast, Hrafninn flýgur. Þær kvikmyndir íslenskar eru reyndar færri en hinar, þar sem Egill Ólafsson hefur ekki komið við sögu.

Þessi setning Feilans sem vitnað er í hér að framan er að mörgu leyti lýsandi fyrir upplifun hins almenna Íslendings af Agli Ólafssyni. Við höfum séð hann og heyrt í honum í næstum því hálfa öld og undrast yfir þeim endalausu hæfileikum sem hann virðist búa yfir en hann hefur samt verið frekar fjarlægur, uppi á sviði, bak við gler á skjá eða inni í útvarpinu, þó alltaf hafi hann nú samt virkað elskulegur og gefandi maður, svona í fjarlægðinni. Í Egils sögum er tilfinningin hins vegar eins og að sitja með honum og Páli Valssyni, skrásetjara sagnanna, á Mokka eða heima í stofu og fá að hlusta og spyrja og heyra af öllu því sem gerðist bak við tjöldin þegar uppáhaldsplöturnar eða vinsælustu kvikmyndirnar voru gerðar.

Egill Ólafsson er afburðamaður bæði í tónlist og leiklist, um það er engum blöðum að fletta, en hann er líka góður sögumaður sem hefur frá mörgu að segja og gerir það einstaklega skemmtilega. Ekki skal gera lítið úr hlut Páls Valssonar sem skrásetur sögurnar af list og næmni, leyfir sögumanninum að njóta sín til fulls en kemur með ytra sjónarhorn, bætir í eyður og fyllir í ramma þegar svo ber undir.

Sem miklum aðdáanda Spilverks þjóðanna, Þursaflokksins, Hrekkjusvína og Stuðmanna þótti mér sérstaklega vænt um að rekast reglulega á óbeinar tilvitnanir í texta sem ég þekkti, settar fram áreynslulaust og í takti en á þann hátt að þær opna enn aðra vídd inn í sögurnar, allt í einu fer lesandinn að raula lagið sem textabrotið er úr og tengja það við minningu eða mynd sem dregin er upp í textanum.

Margar skemmtilegar mannlýsingar má finna í textanum sem og greiningar á sköpunarverkum Egils í ýmsu samhengi og ekki síst, og kannski það sem er dýrmætast, vangaveltur hans sjálfs um það að vera listamaður, með öllum þeim efa og sjálfsniðurrifi sem því fylgir. Einkum var í þessu samhengi gaman að lesa um tilfinningar hans í kringum endurkomu Þursaflokksins 2008 þar sem hann átti í miklum innri átökum. Því hættir oft til að gleymast að listamaðurinn hefur allt annað sjónarhorn á verkið en njótendur, því er kannski löngu lokið af hans eða hennar hálfu þó það lifi endalaust með aðdáendum sem fá aldrei nóg. En slík eru stundum örlög söngvarans.

Þeir eru til sem fá aldrei nóg af Stuðmönnum, Spilverkinu eða Þursunum, ekkert frekar en sumir telja mögulegt að fá nóg af Bítlunum, og þeim er þessi bók mikill fengur. Hinir, sem finnst gaman að lesa góðar sögur, verða heldur ekki sviknir. Við, sem erum löngu hætt að undrast á Agli Ólafssyni, bíðum spennt eftir því sem hann leggur á borð með sér næst.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTAÐA: Bók fyrir alla fjölskylduna og einhleypa.

Gleðilega hátíð

Falleg hönnun kviknar af góðri hugmynd. Stefán Pétur Sólveigarson vöruhönnuður hefur um árabil smíðað gripi úr áli. Hann veit að til að góð hugmynd verði að veruleika þarf að fylgja henni eftir og framkvæma.

Sjáðu hugmyndina verða að veruleika á alcoajol.is.

Alcoa Fjarðaál sendir landsmönnum öllum hlýjar kveðjur með ósk um farsæld á komandi ári.

FJARÐAÁL
alcoa.is

ALCOA

Vladimir Ashkenazy fór á kostum við stjórnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekki búið fyrr en sú feita syngur

Klassísk tónlist 2015

Jónas Sen, tónlistargagnrýnandi Fréttablaðsins, fer hér yfir það helsta sem gerðist á vettvangi klassískrar tónlistar á árinu þar sem margt var gott en annað miður.

Tónlistarárið sem er senn á enda var upp og ofan. Þar var margt prýðilegt, og sumt var frábært. En annað stóðst ekki væntingar. Uppfærsla Íslensku óperunnar á Rakaranum frá Sevilla var t.d. rislítil. Jú, söngurinn var vissulega góður, en sviðsmyndin var leiðinlega banal. Nú er það svo að ópera er meira en söngur og hljóðfæraleikur. Hún er leikhús líka. Þar skiptir sjónræni þátturinn gríðarlegu máli. Augljóst var að verið var að reyna að spara sem mest og því var sýningin í heild hvorki fugl né fiskur.

En Íslensku óperunni er vorkunn. Staða hennar hefur sjaldan verið tæpari. Húsaleigan í Hörpu er afar há og hún er þungur baggi. Það hefur þó sloppið fyrir horn hingað til, því óperan átti eigið fé sem hún græddi á sölunni á Gamla bíói. Í þann varasjóð hefur verið seilst til að eiga fyrir rekstrinum og leigunni. En nú er peningurinn búinn. Ef ekki tekst að snúa við dæminu þá er útlitið svart.

Í viðtali í Fréttablaðinu fyrir skemmstu, sagði Steinunn Birna Ragnarsdóttir óperustjóri að nú væri í gangi heljarmikil rýnihópsvinna. Verið væri að kanna hvernig hægt er að laða að fleiri áheyrendur. Og það eru stórar sýningar fram undan, Don Giovanni, Evgení Ónegín og Tosca. Það er því ekki öll nótt úti enn. Eða eins og segir erlendis: Það er ekki búið fyrr en sú feita syngur.

Uppsetningar á sívinsælum kassastykkjum eru skiljanlegar. Hinn almenni áheyrandi veigrar sér við að heyra nýja, tilraunakennda tónlist. Um það bera aðsóknartölur á slíka tónleika vitni aftur og aftur. Samt er oft fundið að verkefnavali Íslensku óperunnar og hún skömmuð fyrir að einbeita sér ekki nægilega að nýsköpun. En þá ber að minnast uppfærslunnar á óperu Gunnars Þórðarssonar sem sló öll aðsóknarmet. Sú ópera var vissulega ekki framúrstefnuleg, hún var í hefðbundnum, rómantískum stíl. Hún var samt ný. Ef Gunnar gat samið vinsæla óperu sem gerði allt vitlaust, þá geta kannski aðrir gert það líka.

Vond sýning

Talandi um tilraunakennda tónlist, þá var einhver versti tónlistarviðburður ársins einmitt tilraunakennd óperusýning. Þetta var óperan Björninn eftir William Walton. Sýningin var á barnum Players og var ekki á vegum Íslensku óperunnar. Nú er ekkert að því að setja upp óperu á skrítnum stöðum, öðru nær. Það væri hægt að setja upp óperu í frystihúsi ef því er að skipta. En þá verður flutningurinn að vera almennilegur. Það var hann ekki hér. Söngurinn hefði mátt vera betri og hljómsveitin var bara pianóútsetning og pianóið hörmulegur garmur.

Þóra Einarsdóttir átti afar gott ár á tónlistarsviðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stuart Skelton söng hlutverk Peter Grimes í vel lukkaðri uppfærslu á vegum Listahátíðarinnar í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Önnur óperusýning olli líka nokkrum vonbrigðum. Þetta var Baldursbrá eftir Gunnstein Ólafsson við texta eftir Böðvar Guðmundsson. Hún hafði verið sýnd í konsertuppfærslu í Langholtskirkju nokkru áður og tókst alveg ljómandi vel. En núna var búið að sviðsetja hana og var það ekki eins skemmtilegt. Vandamálið var að það var ekki sögumaður eins og í konsertuppfærslunni. Þar sem ekki er alltaf auðvelt að skilja texta sem er sunginn af óperusöngvara, þá fór söguþráðurinn fyrir ofan garð og neðan hjá yngstu áheyrendunum. Það var synd, því tónlistin var góð.

Flottur Grimes, lélegur Messías

Miklu meira var varið í konsertuppfærslu óperunnar Peter Grimes á Listahátíð í vor. Aðalsöngvarinn Stuart Skelton virtist reyndar ekki vera í formi, en flest annað var afburða gott. Ólafur Kjartan Sigurðarson, sem sjálfur missti röddina á Sinfóníutónleikum nýverið, var alveg frábær þarna. Hann stal senunni aftur og aftur. Sinfóníuhljómsveit Íslands var líka mögnuð, sem og kór Íslensku óperunnar. Tónlistin var stórbrotin, full af ofsa sem var útfærð á óaðfinnanlegan hátt.

Ekki var Messías eftir Händel eins skemmtilegur. Það voru tvennir tónleikar með Messíasi á árinu. Þeir voru slappir. Sérstaklega hinir fyrri, sem voru haldnir í Norðurljósum í Hörpu. Þar var á ferðinni skandinavískur barokkhópur, Camerata Øresund ásamt 12 manna kór. BARA TÓLF MANNS! Eins og við var að búast hljómaði Hallelújakórinn eins og úr ferðaútvarpi. Í þokkabót voru engir einsöngvarar. Einsöngurinn var allur í höndunum á kórfélögunum, og það var aldrei sami einsöngvarinn tvisvar. Fyrir bragðið var enginn heildarsvipur á flutningnum.

Fínir frumflutningar

Eins og gengur voru frumfluttar nokkrar tónsmíðar á árinu. Þar má nefna Messa semplice eftir John A. Speight, kórtónlist eftir Stefán Arason, kammertónsmíðar eftir Helga Rafn Ingvarsson, hljómsveitarverkið Collider eftir Daníel Bjarnason, kvartett eftir Unu Sveinbjarnardóttur, o. fl. Þetta voru mögnuð verk.

Ýmislegt annað stóð upp úr á árinu. Valdimir Ashkenazy var í banastuði þegar hann stjórnaði annarri Sinfóníu Brahms. Söngkonan Þóra Einarsdóttir var dásamleg á sömu tónleikum og einnig í óratóríunni Salómon eftir Händel. Og Richard Goode spilaði Beethoven eins og engill. Því miður missti undirritaður af Daniil Trifonov í öðrum pianókonsert Rakmaninoffs. Það mun hafa verið stórkostleg upplifun, enda Trifonov einn besti pianóleikari í heimi. Kammertónlistarhátíðin Reykjavík Midsummer Music var líka ágætlega heppnuð.

Vissulega var því margt gott við tónlistarlífið á Íslandi, þó sumt hafi ekki tekist vel. Hið frábæra sem stóð upp úr á árinu gerir að verkum að maður hlakkar til þess næsta. Ég óska lesendum mínum gleðilegs árs og þakka þeim samfylgdina á árinu sem er að líða.

Góðar stundir gerast hægt

Miðlungsbrennt malað kaffi
úr 100% Arabica baunum

Rautt Merrild er miðlungsbrennt sígillt kaffi, fullkomið og bragðmikið. Miðlungsbrennsla þýðir að baunir eru ristaðar þar til þær fá ljósbrúnana lit, ljúfan og jafnan keim og notalegan ilm.

HÆG UPPÁHELLING BÝR TIL GÓÐAR STUNDIR – *svona gerirðu betra kaffi*

1.
Settu kaffipoka í trektina.

2.
Mældu sléttfulla matskeið í pokann fyrir hvern bolla eða 6-7 g á 1,5 dl. Örlítið meira ef þú vilt hafa kaffið sterkt.

3.
Bíddu augnablik eftir að vatnið er búið að sjóða – best er að hitastigið sé u.þ.b. 93°C. Helltu dálitlu vatni yfir kaffið, rétt til að bleyta upp í því.

4.
Haltu áfram að hella vatninu smám saman þar til kaffið er tilbúið.

ENNEMM / SIA • NM67254

SAMBÍÓIN

NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG

Stærsti kvikmyndaviðburður allra tíma. JÓLAMYNDIN 2015

Þökkum frábærar viðtökur- Stærsti opnunardagur allra tíma. 9

ÁLFABAKKA		
STAR WARS 3D	KL. 2 - 2:30 - 5 - 5:30 - 8 - 8:30 - 10:55 - 11:30	9
STAR WARS 2D	KL. 2 - 5 - 8 - 10:55	9
STAR WARS 2D VIP	KL. 2 - 5 - 8 (UPPSELT) - 10:55	VIP
LOVE THE COOPERS	KL. 8 - 10:20	L
IN THE HEART OF THE SEA 2D	KL. 5:20 - 8 - 10:40	12
GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D	KL. 1:30 - 2:30 - 3:40 - 5:50	L
KRINGLUNNI	**NÚMERUÐ SÆTI**	
STAR WARS 3D	KL. 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10:55	9
IN THE HEART OF THE SEA 2D	KL. 10:55	12
GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D	KL. 3:40 - 5:50	L
SPECTRE	KL. 8	12

EGILSHÖLL		
STAR WARS 3D	KL. 2 - 4 - 5 - 8 - 10:50	9
STAR WARS 2D	KL. 3 - 7 - 10	9
IN THE HEART OF THE SEA 2D	KL. 8 - 10:30	12
GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D	KL. 3:20 - 5:40	L
KEFLAVÍK		
STAR WARS 3D	KL. 8 - 10:55	9
STAR WARS 2D	KL. 7:10 - 10:10	9
AKUREYRI		
STAR WARS 3D	KL. 5 - 8 - 10:55	9
STAR WARS 2D	KL. 7:10 - 10:10	9
GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D	KL. 5	L



SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

OPNUM KL.12:30 Í DAG, ÞORLÁKSMESSU

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

Coca-Cola



LITLU JÓLIN Í LAUGARÁSBÍÓ
í samstarfi við:
BONUS Coca-Cola NÓI SÍRIUS
750 kr. í bíó á allar sýningar dagsins og nammipoki frá Nóa Sírius ásamt Svala eða kók frá Vífilfelli fylgir öllum miðum á sýningum milli kl. 14:00 - 18:00!



LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
SISTERS	8 FORSÝNING
SMÁFÓLKIÐ 2D	2, 4, 6 FORSÝNINGAR
STAR WARS 2D	2, 5, 8
KRAMPUS	8
GÓÐA RISAEÐLAN	2, 5



Mikael
með magnaða bók

★★★★ Fréttablaðið
★★★★ Stundin

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

23. DESEMBER 2015

Tónlist

Hvað? Hátíðartónleikar Árstíða
Hvenær? 16.00 og 21.00
Hvar? Fríkirkjan
Hljómsveitin Árstíðir efnir til sinna árlegu hátíðartónleika. Hljómsveitin flytur frumsamið efni í bland við annað hátíðarefni og haldnir verða tvennir tónleikar. Miðaverð er 2.900 krónur.

Hvað? Sturla Atlas
Hvenær? 17.00
Hvar? Macland, Laugavegi 23
Sturla Atlas og 101 boys taka nokkur lög og sala verður á fyrstu útgáfu 101 boys-fatalínunnar. Einnig verða seldir miðar á tónleikana Síðasti séns sem fara fram þann 30. desember.

Hvað? Stofutónleikar
Hvenær? 20.00
Hvar? Reykjavík Roasters, Brautarholti 2
Stofutónleikar með þeim Myrru Rós og Axel Flóvent. Aðgangur ókeypis.

Hvað? Sigríður Thoracius og Sigurður Guðmundsson
Hvenær? 21.00
Hvar? Kex hostel
Þau Sigríður Thorlacius og Sigurður Guðmundsson efna til Þorláksmessutónleika á Kexi hosteli. Tvíeykið kemur fram ásamt hljómsveit og flytur hátíðlega dagskrá en jólaplöturnar Nú stendur mikið til og Jólakveðja verða í forgrunni. Auk þess verða flutt hátíðarlög úr öllum áttum. Aðgangur ókeypis.

Hvað? Óskalaga-Þorlákur
Hvenær? 22.00
Hvar? Bravó, Laugavegi 22
Gestir geta komið með eigin vínilplötur og fengið óskalag eða gramsað í úrvali vínylplatna sem verður á staðnum. Allir velkomnir.

Hvað? Eitthvað fallegt á Þorláksmessu
Hvenær? 22.00
Hvar? Gamla bíó, Ingólfsstræti 2a
Ragnheiður Gröndal, Kristjana Stefáns og Svavar Knútur flytja sígild íslensk jólalög og nokkur frumsamin lög. Hljóðfæraleikur er allur í höndum tríósins. Miðaverð er 3.500 krónur.

Hvað? Litlu jól Björgvins
Hvenær? 22.00
Hvar? Bæjarbíó, Strandgötu 6
Björgvin Halldórsson ásamt þeim Bjarna Arasyni og Jóhönnu Guðrúnu og munu þau flytja mörg af uppáhaldsjólalögum landans í bland við eigin lög. Miðaverð er 5.900 krónur.

Hinir árlegu Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens verða í Hörpu í kvöld.

Hvað? Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens
Hvenær? 22.00
Hvar? Eldborg, Hörpu
Bubbi Morthens efnir til sinna árlegu Þorláksmessutónleika. Miðaverð er 5.990 til 9.990 krónur.

Uppákomur

Hvað? Skötuveisla á Sæmundi í Sparifötunum
Hvenær? 11.30
Hvar? Kex hostel
Skötuvinafélag Sæmundar efnir til Skötuveislu. Verð fyrir matinn er 4.500 krónur og æskilegt er að hafa samband í síma 561-6060 og tryggja sér sæti.
Á boðstólum verður að sjálfsögðu kæst skata, tindabikkja, saltfiskur, brennivín auk ýmislegs fleira.

Hvað? Friðarganga
Hvenær? 18.00
Hvar? Hlemmur
Hin árlega Friðarganga á Þorláksmessu verður farin frá Hlemmi með kerti í hönd til þess að leggja áherslu á kröfuna um frið í heiminum. Í lok göngu flytur rithöfundurinn Andri Snær Magnason ávarp á Austurvelli. Fundarstjóri er leikkonan Tinna Önnudóttir Þorvalds og munu Hamrahlíðarkórinn og kór Menntaskólans við Hamrahlíð syngja í göngunni og í lok fundar. Umsjón göngunnar er í höndum samstarfshóps friðarhreyfinga.

Markaður

Hvað? Lokahóf X-Mart
Hvenær? 10.00
Hvar? Gallery Gallera RVK, Laugavegi 33
Jólamarkaður Gallery Gallera. Ýmiss konar handverk, prent og málverk eftir unga íslenska hönnuði og myndlistarfólk.

Hvað? Jólamarkaður Friðriks V
Hvenær? 16.00
Hvar? Friðrik V, Laugavegi 60
Til sölu verður ýmislegt matarkyns og margt fleira. Allir velkomnir.

Sigríður Thorlacius verður ásamt Sigurði Guðmundssyni með tónleika á Kexi hosteli í kvöld.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

www.nettó.is

Mjódd · Salavegur · Búðakór· Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

19:25
JÓLAGESTIR BJÖRGVINS
Upptaka frá glæsilegum tónleikum sem haldnir voru 12. desember síðastliðinn. Að venju var mikið um dýrðir á þessum árlegu tónleikum Björgvins Halldórssonar þar sem fyrsta flokks tónlistarfólk færði okkur jólatónlist eins og hún gerist best.

FRÁBÆRT
ÞORLÁKSMESSUKVÖLD
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

21:10
NATIONAL LAMPOON'S CHRISTMAS VACATION
Alvöru jólamynd þar sem Chevy Chase leikur fjölskylduföðurinn Clark Griswold sem dýrkar jólin!

22:45
FOUR CHRISTMASES
Frábær gamanmynd um par sem neyðist til að heimsækja fjölskyldu sína á jólunum eftir að flugi þeirra í fríið er aflýst.

22:00
THE SOCIAL NETWORK
Frábær bíómynd um Mark Zuckerberg, stofnanda Facebook, en hann er einn af yngstu milljarðamæringum heimsins í dag.

19:30
ONE BIG HAPPY
Skemmtilegir gamanþættir um unga samkynhneigða konu og gagnkynhneigðan vin hennar sem ákveða að eignast barn saman.

19:30
LADDI LENGIR LÍFIÐ
Stórskemmtilegur einleikur Ladda þar sem hann sýnir á sér áður óþekktar hliðar ásamt því að grafa upp gamlar grímur.

19:05
FUGLABORGIN
Falleg og skemmtileg teiknimynd um ungan fálka sem ferðast til fuglaborgarinnar Zambezíu.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.01 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
07.10 Lína Langsokkur
07.35 Big Time Rush
08.00 The Middle
08.25 Anger Management
08.50 Friends with Better Lives
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Spurningabomban
11.05 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 Jamie's Family Christmas
13.25 Nashville
14.10 Nashville
14.55 Jólatónleikar með KK og Ellen
16.20 White Collar
17.05 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
17.15 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag Andri, Margrét Erla, Lóa Pind og Pétur Jóhann færa þér skemmtilegan þjóðmálaþátt í beinni útsendingu á hverjum degi. Áhugaverð umræða, fróðlegar fréttaskýringar og skemmtileg sjónarhorn.
19.20 Víkingalottó
19.25 Jólagestir Björgvins
21.15 National Lampoon's Christmas Vacation
23.00 Four Christmases
00.30 Veronica Mars
02.15 Atvinnumennirnir okkar
02.55 NCIS
03.40 Stalker
04.25 Simpson-fjölskyldan
04.50 Jólatónleikar með KK og Ellen
06.15 Myndbönd

SPORT

10.00 Atalanta - Napoli
11.40 Sampdoria - Palermo
13.20 Ítölsku mörkin
13.45 Real Madrid - Rayo Vallecano
15.25 Spænsku mörkin
15.55 Keflavík - Stjarnan
17.45 San Antonio - LA Clippers
19.50 Ölli
20.55 Körfuboltakvöld
22.35 Formúla 1 - Abu Dhabi
00.55 UFC 194. Aldo vs. McGregor

SPORT 2

11.30 Chelsea - Sunderland
13.10 Premier League Review
14.05 Man. Utd. - Norwich
15.45 Southampton - Tottenham
17.25 Birmingham - Cardiff
19.05 Football League Show
19.35 Newcastle - Aston Villa
21.15 Watford - Liverpool
22.55 Messan
00.15 Stoke - Crystal Palace

GOLFSTÖÐIN

09.25 2015 Champions Tour Year in Review
10.20 Golfing World
11.10 Herminator Invitational
11.40 Herminator Invitational
12.20 2015 Augusta Masters
17.35 Inside The PGA Tour
18.00 Golfing World
18.50 2015 European Tour Year in Review
19.45 2015 PGA Tour Review of the Year
20.35 2015 Players Official Film
21.30 2015 Presidents Cup Official
22.25 Golfing World

STÖÐ 3

17.55 Fresh Off the Boat
18.20 Sullivan & Son
18.45 Top 20 Funniest
19.30 One Big Happy
19.55 Schitt's Creek
20.20 Mayday. Disasters
21.10 Last Ship
21.55 The Last Man on Earth
22.20 Discovery Atlas
23.15 Flash
00.00 Arrow
00.40 One Big Happy
01.05 Schitt's Creek
01.25 Mayday. Disasters
02.10 Last Ship
02.55 The Last Man on Earth
03.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
07.05 Áfram Diego, áfram!
07.29 Svampur Sveinsson
07.54 Rasmus Klumpur
08.00 Lukku-Láki
08.23 Kalli á þakinu
08.47 Hvellur keppnisbíll
09.00 Brunabílarnir
09.25 Skógardýrið Húgó
09.47 Ævintýraferðin
10.00 Dóra könnuður
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.45 Doddi litli og Eyrnastór
10.55 Tommi og Jenni
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Rasmus Klumpur
11.55 UKI
12.00 Lukku-Láki
12.23 Kalli á þakinu
12.47 Hvellur keppnisbíll
13.00 Brunabílarnir
13.24 Skógardýrið Húgó
13.49 Ævintýraferðin
14.00 Dóra könnuður
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.45 Doddi litli og Eyrnastór
14.55 Tommi og Jenni
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Rasmus Klumpur
15.55 UKI
16.00 Lukku-Láki
16.23 Kalli á þakinu
16.47 Hvellur keppnisbíll
17.00 Brunabílarnir
17.24 Skógardýrið Húgó
17.49 Ævintýraferðin
18.00 Dóra könnuður
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.45 Doddi litli og Eyrnastór
18.55 Tommi og Jenni
19.00 Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
19.05 Fuglaborgin

GULLSTÖÐIN

11.50 The Big Bang Theory
12.15 Friends
12.40 The New Girl
13.00 Modern Family
13.25 Besta svarið
14.05 Besta svarið
14.50 Um land allt
15.20 Matarást með Rikku
15.50 Um land allt
16.15 Feðgar á ferð
16.40 Dulda Ísland
17.35 Regína Ósk - Um gleðileg Jól
18.00 Eitthvað annað
18.30 Veistu hver ég var?
19.10 Sósa og salat
19.30 Laddi lengir lífið
21.15 Stelpurnar
23.15 Stelpurnar
23.40 Fóstbræður
00.15 Fóstbræður
00.40 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

08.05 The Decoy Bride
09.35 Harry Potter and the Order of Phoenix
11.55 Eat Pray Love
14.15 One Direction: This is Us
15.50 The Decoy Bride
17.20 Harry Potter and the Order of Phoenix
19.40 Eat Pray Love Rómantísk mynd frá 2010 með Julia Roberts sem byggð á metsölubók Elizabeth Gilbert. Þegar Elizabeth Gilbert var um þrítugt hafði hún allt sem ung nútímakona getur óskað sér. Góða vinnu, traustan eiginmann og fallegt heimili – en einhverra hluta vegna var hún ekki hamingjusöm heldur ráðvillt og stressuð.
22.00 The Social Network
00.00 The Kids are Alright
01.45 Haywire Njósna- og spennutryllir af bestu gerð með hinni mögnuðu Ginu Carano (fyrrum meistari í blönduðum bardagalistum MMA) í aðalhlutverki. Myndin segir frá málaliðanum Mallroy Kane sem vinnur að verkefnum sem yfirvöld vilja láta framkvæma en geta ekki heimilað og loka þess í stað augunum fyrir. Eftir mikilvægt verkefni í Barcelona er Mallory send til Dublin en kemst von bráðar að því að hún hefur verið svikin.
03.20 The Social Network

RÚV

08.00 KrakkaRÚV
10.40 Herra Fnykur
11.40 Falið lífríki – Dvergapar
12.30 Fía fóstra
14.05 Jólatónleikar í Vínarborg
15.35 Jólavaka RÚV
17.05 Jólin hjá Claus
17.15 Jessie
17.40 Táknmálsfréttir
17.50 KrakkaRÚV
17.51 Jólin með Jönu Maríu
18.00 Jól í Snædal
18.25 Tímaflakkið
18.50 Krakkafréttir
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Norræn jólaveisla
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Serendipity
23.50 Quantum of Solace
01.35 Kastljós
02.05 Fréttir
02.20 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 Kitchen Nightmares
09.50 Secret Street Crew
10.40 Pepsi MAX tónlist
12.20 The Good Wife
13.05 Parks & Recreation
13.30 Black-ish
13.55 Dr. Phil
14.35 The Biggest Loser
15.15 The Biggest Loser
16.00 The Voice
17.30 The Good Wife
18.15 The Seven Year Hitch
19.50 The Breakfast Club
21.30 New in Town
23.10 The 13th Tale
00.40 Mickey Blue Eyes
02.25 Law & Order: Special Victims Unit
03.10 Fargo
03.55 The Late Late Show
04.35 Pepsi MAX tónlist

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Við á fréttastofu 365 sendum landsmönnum öllum óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár um leið og við þökkum það traust sem þjóðin hefur sýnt okkur. Við hlökkum til nýs árs með fjölbreyttum áskorunum og verðum áfram alltaf á vaktinni, tilbúin að flytja fréttir undir merkjum fagmennsku og heiðarleika.

365

Götutískan í Kringlunni

Landsmenn eru nú á seinasta snúningi að klára að gera allt tilbúið fyrir jólin. Fréttablaðið skellti sér því Kringluna og myndaði jólastemninguna og vel klædda vegfarendur.

Hákon Hákonarson
Skyrta: Herragarðurinn
Trefill: Herragarðurinn
Skór: Nike

Birta Guðrún Karlsdóttir .
Jakki: Zara
Peysa: 66° Norður
Buxur: H&M
Skór: Adidas

Pongsi E. Naksuwan
Skyrta: Frá Taílandi
Pils: Frá Taílandi
Skór: Frá Taílandi

Þórkatla Þórarinsdóttir
Jakki: Keyptar erlendis
Trefill: Vero Moda
Buxur: Keyptar erlendis
Skór: Timberland

Sólveig Sveinbjörnsdóttir
Slá: Halla
Skór: Skór.is



Ásdís María Viðarsdóttir
Toppur: Spútnik
Buxur: Spútnik
Skór: GS Skór

KitchenAid HRÆRIVÉL + BÖKUNARSETT KitchenAid

BÖKUNARSETT

Settið inniheldur 5 vönduð og viðloðunarfrí KitchenAid bökunarform.

Sanseraðir litir

FULLT VERÐ ... 107.990
(Hrærivél 92.995 + bökunarsett 14.995)
TILBOÐSVERÐ .. 92.995

FULLT VERÐ 104.990
(Hrærivél 89.995 + bökunarsett 14.995)
TILBOÐSVERÐ ... 89.995

Ýmsir litir

Sodastream GENESIS

VERÐ ÁÐUR...14.995
TILBOÐ 12.995

Kai PureKomachi2 3STK HNÍFASETT

Magnað jólatilboð

VERÐ ÁÐUR...11.985
TILBOÐ 7.995

JÓLABÚÐIN ÞÍN byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

ÍSLENSKU JÓLASVEINARNARNIR

VERÐ FRÁ ... 1.795

Sverin POPPVÉL

Loftvél, engin olía

VERÐ ÁÐUR... 5.995
TILBOÐ 4.995

Le Creuset
POTTUR 24sm
VERÐ...37.995

Le Creuset
PANNA 26sm
VERÐ...23.995

Hárblásari PRO
2300W AC
5 ÁRA ÁBYRGÐ

VERÐ ÁÐUR...14.995
TILBOÐ 9.995

GEORGE FOREMAN HEILSUGRILLIN

Ný lína með losanlegum plötum

Russell Hobbs

Allt að 42% minni fita

COMPACT
38sm² grillflötur
FULLT VERÐ ... 13.995
TILBOÐ 9.995

FAMILY
51sm² grillflötur
FULLT VERÐ ... 16.995
TILBOÐ 11.995

ENTERTAINMENT
64sm² grillflötur
FULLT VERÐ ...18.995
TILBOÐ 13.995

Rosenthal KÖKU DISKUR

VERÐ ... 12.995

Rosenthal VASI 30sm

VERÐ ... 12.995

Le Creuset ELDFAST MÓT



32sm

VERÐ 8.995

Le Creuset Salt- og piparkvarnir

VERÐ ... 8.495

ÍSLENSKA PÖNNNUKÖKU PANNAN

VERÐ 9.995

GUFUSLÉTTIR ALGJÖR SNILLD

VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ 6.495

Rosenthal VASI TUTEN 10sm

VERÐ 6.495

Rosenthal Curl KERTASTJAKAR 2stk



VERÐ 9.995

TRISTAR VÖFFLUJÁRN

EKTA BELGÍSKAR

VERÐ ÁÐUR.... 9.995
JÓLATILBOÐ ... 5.995

Wilfa BLANDARI

1200W TRYLLITÆKI

VERÐ ... 17.995

Dolce Gusto MiniMe

VERÐ ÁÐUR...19.995
TILBOÐ 12.995

NESCAFÉ Dolce Gusto

Dolce Gusto Circolo

YFIR 30 GERÐIR AF TE, KAFFI OG KAKÓ!

Kynning alla daga til jóla!

VERÐ ÁÐUR...36.995
TILBOÐ 24.995

Er brestur á með jólum

Guðrún Ansnes
gudrun@frettabladid.is

Hvað skiptir mestu máli? Jólin eru fyrir mörgum samansafn hefða sem ekki má bregða frá, ellegar verður úti um hið alræmda jólaskap og allt fer í bál og brand. Mæður á yfirsnúningi og marsipansúkkulaði eru þar á meðal, að ógleymdum vondum bröndurum sem ganga í endurnýjun lífdaga á hverju einasta ári, án bætinga. Fréttablaðið fékk nokkra nafntogaða aðila til að segja frá því sem ekki má missa sín um jólin, sér í lagi á aðfangadag.

Minnir mig á það hvað ég er heppinn maður

„Bestu augnablikin og það sem í raun kemur mér fyrst í jólaskap er það þegar ég heyri lagið „Handa þér“ með Skítamóral flutt í útvarpi í upphafi jólalagatímabilsins. Það var samið til konunar minnar fyrstu jólin okkar saman. Það minnir mig á það hvað ég er heppinn maður og það að við höfum staðið saman enn eitt yndislegt ár.“

Einar Bárðarson athafnamaður

Nýtur þess að vera ekki í stresskasti

„Ég fer alltaf með bræðrum mínum á kaffihús á aðfangadag þar sem við höfum útsýni yfir fólkið sem er á síðasta snúningi og í stresskasti að bjarga því sem bjargað verður. Okkur finnst það alltaf jafn róandi tilhugsun að við séum búin að öllu og að við getum setið þarna og velt okkur upp úr hinum sem eiga eitthvað eftir,“ segir Sylvía og hlær.

Sylvía Dagmar Briem Friðjónsdóttir, lífsstílsbloggari með meiru

Jólamyndatakan ómissandi



„Föðurfjölskyldan fer alltaf saman á aðfangadagsmorgun í kirkjugarðinn þar sem amma og afi eru jarðsett. Þar leggjum við blóm, kransa og kerti á leiðið hjá þeim og tökum mynd af stórfjölskyldunni saman. Það eru til myndir af fjölskyldunni áratugi aftur í tímann og það er gaman að sjá að það bætast makar og börn við tímalínuna. Þetta er eitthvað sem að ég má ekki sleppa, annars líður mér eins og það séu ekki jól. Svo eru Anthon Berg marsipanmolar möst um jólin.“

Elísabet Ormslev söngkona

Pabbabrandarinn ómissandi

„Mér finnst ómissandi að vera með mömmu og pabba, þó ég muni reyndar ekki vera með þeim þessi jól. Mér finnst reyndar ekki nein jól nema mamma baki Sörur og ég finni svo lyktina af hamborgarhryggnum á aðfangadagsmorgun,“ segir Sara Pétursdóttir. Hún segir gamlan brandara föður síns orðinn ómissandi part af jólahaldinu, en hann hafi fyrir mörgum árum spurt hana hvort henni væri ekki sama þó þau frestuðu jólunum fram í janúar, Söru jólabarni til mikillar mæðu. „Síðan segir hann þetta á hverju ári, og alltaf er hlegið jafn mikið. Það verður pínu skrítið að heyra þetta ekki núna, þar sem ég verð með kærastanum í Barcelona, en nú byrja bara nýjar hefðir og nýir tímar með honum.“

Sara Pétursdóttir söngkona

Mun aldrei borða annað en önd um jól



„Fyrir mér er fjölskyldan númer eitt, tvö og þrjú og að vera heima hjá mömmu og pabba þar sem við erum öll saman. Ég gæti einfaldlega ekki verið annars staðar um jólin,“ segir Hanna Rún. „Við borðum alltaf jólaöndina sem mamma gerir á aðfangadag, það skiptir miklu að það sé hún sem gerir hana, og svo er humarsúpan hennar líka í forrétt. Þetta er jólamaturinn okkar, og verður alltaf.“ Hanna Rún segist mikill sælkeri, og því sé heita kakóið, piparkökurnar, mandarínurnar í skálunum sem settar eru um allt húsið, algjörlega ómissandi hluti af jólunum. „Svo er það jólaþorpið sem við systurnar setjum alltaf upp saman inni í stofu á meðan við hlustum á jólatónlist.“

Hanna Rún dansari

Streita móður minnar kemur mér í jólaskapið

„Verandi hamingjusamt skilnaðarbarn þá byrja ég alltaf á því að fara með gjafir til pabba á aðfangadagskvöld þar sem hann neyðir mig til að drekka tvö til þrjú Calvados-skot, sem ég veit ekki enn hvort sé manndómsraun eða jólahefð. Ég kem til mömmu svona korter í sex, þá er hún iðulega sveitt af stressi, ekki búin að klæða sig eða mála, hrærandi í sósu að garga að það megi ekki segja gleðileg jól fyrr en hún sé orðin fín. Þannig að streita móður minnar er það sem kemur mér fyrst í jólaskapið. Mamma er mesta jólabarn sem ég þekki. Hún er 64 ára og hristir samt enn alla pakka sem hún fær til að reyna að giska hvað sé í þeim þannig að ég upplifi dálítið jólin enn í gegnum barnslega ánægju móður minnar.“

Hrafn Jónsson pistlahöfundur

Slekkur alltaf á aftansöngnum

„Sjálfur er ég lítill jólamaður, ég er samt enginn jólahatari en er ekki að festa mig í hefðum þannig séð. Það er samt ákveðin hefð hjá mér sem bregst aldrei, og það er að ég hef slökkt á aftansöngnum í útvarpinu. Ef ég heyri hann, eru jólin nánast ónýt. Reyndar er ég mjög hrifinn af marsípantoppunum frá mömmu, en jólin standa ekkert endilega eða falla ef þeir koma ekki í hús, en það er gaman,“ segir Atli sem brýtur blað í persónulegri jólasögu þar sem hann verður fjarri fjölskyldunni á Akureyri. „Í ár verð ég með kærustunni og ketti í Reykjavík. Það leggst vel í mig. Við ætlum að borða hnetusteik á aðfangadagskvöld og jafnvel löngu á jóladag.“

Atli Sigþórsson rappari

RÚV
- okkar allra

OPIÐ 10–22 OG 10–13 Á AÐFANGADAG

NÝTT Á RÚMIÐ FYRIR JÓLIN

15% AFSLÁTTUR

ÞEGAR MJÚKT Á AÐ VERA MJÚKT
ELEGANTE RÚMFÖT – JÓLASENDINGIN KOMIN
22.015 KR.
25.900 KR.

EINSTÖK MÝKT

BELLA DONNA
ALOE VERA LÖK
Fáanleg í öllum stærðum og ótal litum.

DÚNVÖRUR

Satin dúnsæng og dúnkoddi.
100% satinbómull í áklæði.
Sæng: 90% moskusdúnn, 10% smáfiður.

SATIN DÚNSÆNG	SATIN DÚNKODDI
23.900 KR.	8.900 KR.
~~32.900 KR.~~	~~13.900 KR.~~

ÞYKK OG HLÝ DÚNSÆNG

KODDAR OG DÚNVARA Í MIKLU ÚRVALI

TEMPUR ORIGINAL

Þessi veitir góðan stuðning. Hentar vel þeim sem sofa á hlið.

18.900 KR.

15% AFSLÁTTUR

TEMPUR TRADITIONAL

Traditional koddinn er fáanlegur mjúkur, medium og stífur. Veldu kodda sem hentar þér best.

16.915 KR. ~~19.900 KR.~~

DÁSAMLEG JÓLAGJÖF FYRIR ÞREYTTA FÆTUR

HEILSUINNISKÓR

Heilsuinniskórnir sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um hann. Komnir aftur!

3.900 KR. 1 PAR
6.980 KR. 2 PÖR
9.900 KR. 3 PÖR

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK

Skemmtipakkinn
FRÁBÆR DAGSKRÁ
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Tryggðu þér áskrift á 365.is
365.is | Sími 1817
365

Úlfar Eysteinsson veit hvað hann syngur í skötumálum, og Þorláksmessa er hans uppáhaldsdagur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dagur dásamlegrar ólyktar runninn upp

Margrét Sigfúsdóttir, skólastýra og snyrtipinni, og Úlfar Eysteinsson matreiðslumaður leiða saman hesta sína í tilefni Þorláksmessu og henda til lesenda björgunarhring sem gæti orðið einhverjum til lífs ef skötulyktin ætlar alla að drepa.

Kúnstin að lágmarka skötulyktina segir matreiðslumeistarinn Úlfar Eysteinsson, sem hefur sannarlega marga fjöruna sopið, felst í eldun skötunnar. „Yfirleitt er það þannig með skötuna að láta suðuna rétt svo koma upp, og láta svo sjóða varlega. Ekki vera með neinn fruntagang. Þá ætti fólk að vera nokkuð klárt á að menga ekki mikið," útskýrir Úlfar. Hann segir jafnframt mikilvægt að sjóða svo hangikjötið í beinu framhaldi af skötunni, þannig megi koma fýlunni fyrir kattarnef með mjúkum hætti. „Sumir hafa sett viskastykki með ediki yfir pottana til að koma í veg fyrir lyktina, en hvort sem menn gera það eða ekki þá skiptir máli eftir að skatan er tekin upp úr pottinum að hella vatninu strax og láta svo sjóðandi heitt vatn renna eftir að skötuvatnið hefur skolast niður."

Úlfar segist ætíð hlakka mikið til Þorláksmessunnar, en þessi dagur sé mest spennandi dagur ársins að hans mati. „Maður hittir svo rosalega marga. Hjá okkur rúlla í gegn fimm til sex hundruð manns þá tólf tíma sem við höfum opið," segir Úlfar, sem hreinlega iðar í skinninu yfir komandi skötuskenkingum. „Hingað kemur fólk sem hefur komið í tíu, fimmtán eða tuttugu ár, og bókar yfirleitt fyrir næsta ár þegar það er búið að sporðrenna skötuskammti ársins," segir Úlfar og bætir svo hlæjandi við: „Við tökum okkur svo til tveimur vikum fyrir Þorláksmessu og hringjum út í þá sem hafa bókað, til að taka stöðuna á hvort nokkuð sé um afföll vegna dauðsfalla."

gudrun@frettabladid.is

Edik og aftur edik

Margrét Dóróthea Sigfúsdóttir, skólastýra Hússtjórnarskólans, segir edik allra meina bót í baráttunni við hina megnu ólykt, sem hún kýs sjálf að kalla dásemdar ilm. Hér eru nokkur skotheld ráð frá fagkonu í góðri lykt og almennum snyrtilegheitum.

1. Fyrst og fremst að tæma pottinn strax, hella soðinu í vaskinn og skola vel.
2. Nota edik, elsku besta edikið. Látið sjóða í potti við hliðina á skötunni, samtímis.
3. Gamalt og gott ráð, sjóða rauðkálið strax á eftir skötunni.
4. Sumir setja blautan klút yfir lokið, en það kemur samt alltaf lykt þegar lokið er tekið af.
5. Setja yfirhafnir inn í herbergi og loka.
6. Ekki mæta í leðurflíkum – lyktin pikkfestist í þeim.
7. Fara í vinnukonufötin á meðan á skötuveislunni stendur.
8. Lofta vel út.



Skötustaðreyndir

35,8%

landsmanna munu gæða sér á skötu í dag.

Fólk á landsbyggðinni er líklegra til að gæða sér á skötu en íbúar höfuðborgarsvæðisins.

Fylgjendur stjórnmálaflokksins Bjartrar framtíðar eru ólíklegri en aðrir kjósendur til að skella sér í skötu.

42,1%

Íslendinga ætluðu að borða skötu á Þorláksmessu árið 2013. Karlar eru þar í meirihluta.

- Könnun MMR sem gerð var dagana 15. desember til 18. desember 2015. Nánar á mmr.is

Hvernig skal haga sér í skötugerð að hætti Úlfars

1. Ef ósöltuð, setjið þá slatta af salti. Sjóðið í fimm mínútur.
2. Slökkvið undir og látið liggja með lokinu á. Nú hvílir skatan sig.
3. Kartöflur, rófur og hamsatólg græjuð.
4. Mikilvægt er að hafa með þessu rúgbrauð frá HP á Selfossi og ískalt smjör.
5. Drekkið mjólk eða vatn með. Bjór verður sætur með skötu, hvítvín vont og rauðvín kinký. Sleppið því.

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

GIRNILEGIR JÓLA EFTIRRÉTTIR!

Í Iceland er frábært úrval af gómsætum eftirréttum fyrir jólaboðið

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.



Úrval er breytilegt eftir verslunum

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Maríu Elísabetar Bragadóttur

Njóta

Fyrir mér eru jólin tími kærleika, friðar, neyslu og síðast en ekki síst nautna. Hátíðarundirbúningur í ys og þys hins frjálsa hagkerfis er alveg himneskur fyrir manneskju eins og mig. Ég hvílist aldrei eins vel og í útsprengdri verslunarmiðstöð. Ég kjarna mig í pökkuðum rúllustiga í Kringlunni. Ekki dropi af frústrasjón sem streymir um mínar útþöndu æðar.

Sumir standa í undirbúningi allt árið. Ljúka pakkainnkaupum í apríl, sérpanta lífrænan gjafapappír í júlí. Merkimiðarnir eru skreyttar piparkökur, bakaðar í nóvember og hnýttar með silkiborða á aðventu. Hverjum pakka fylgir lítil frumsamin haika svo gjöfin sé ekki eintómur hégómi. Þrátt fyrir það eru þessir fullkomnunarsinnar á nálum allan desember. Friðlausir af ótta við að gleyma einhverju. Stundum kemur svo í ljós fyrir hádegi á Þorláksmessu að eitthvert smáatriði fór forgörðum. Tilneyddir gera þeir sér þá ferð ofan í bæ. Standa kófsveittir í mannmergðinni gráti næst af pirringi. Þeir hata stress. Fýlusvipurinn rótsterkur eins og Jesúbarnið sjálft hafi hlekkjað þá í árstíðarbundinn þrældóm. Skipulagsdýrðin snýst upp í gallsúra andhverfu sína.

Vil ekki setja mig á háan hest en ég skil ekki þessa afstöðu. Hef verið að dóla mér á þessari jörð í rúma tvo áratugi. Á þeim tíma hefur mér lærst að njóta lífsins þegar aðrir örvænta. Angistin kikkar inn á miðnætti á Þorláksmessu. Ég á allt eftir og umfaðma þá æsilegu tilfinningu að vera á ystu nöf. Salt taugaveiklunartár slæðist inn í munnvikið og er svo jólalegt að það gæti nýst sem fylling í konfektmola. Teygi mig í velkt eintak af Séð og heyrt. Spekúlera í því hvort það sé of krumpað til að nýtast sem gjafapappír. Velti fyrir mér hvort tannþráður geti talist framúrstefnulegur gjafaborði. Finnst ég raunar aldrei hafa verið jafnmikið á lífi. Hyggst njóta þess til síðasta blóðdropa.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



YFIRBURÐIR
Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur kvenna á tölublað, 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, apr.–jún. 2015

Allt sem þú þarft ...

KÆRU WOW VINIR!

GLEÐILEG JÓL

Við óskum þér og þínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju WOW ári með þökkum fyrir hið liðna. Við hlökkum til að sjá ykkur um borð!